MATTHANA FUKWI

*Breytir epli í rós*

tíska heimili heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

*Getum borið höfuðið hátt*

Lét vel í sér heyra í Hamborg

FÓLK 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. febrúar 2007 — 31. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Heimildarmyndum hampað



Emiliano Monaco er forstöðumaður nýs félags áhugafólks um heimildarmyndir, Reykjavík Documentary Workshop.

MENNING 38

### Velsæmisástæður og evran

„Við skulum stefna strax á inngöngu í ESB og upptöku evrunnar, því að þá verður ekki lengur undan því vikizt að koma hagstjórninni í heilbrigt horf,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 26



### Hættir hjá Sirkus

Árni Þór Vigfússon hættir sem sjónvarpsstjóri Sirkuss. Fyrrverandi ritstjóri tekur við starfinu.

FÓLK 54

### 60 stig í 25 leikjum



Manchester United setti nýtt félagsmet í gær með því að vinna öruggan sigur á Watford.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRAVEÐUR -** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s víðast hvar. Skúrir eða él en úrkomulítið austan til og léttir smám saman til. Hiti 0-7 stig svalast til landsins fyrir austan.

VEÐUR 4






**LAY LOW** „Takk kærlega. Það er mjög gaman að fá að taka við svona grip,“ sagði Lay Low þegar hún tók við verðlaununum.

Lay Low hlaut þrenn verðlaun þegar Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent:

# Ekki slæmt að vera vinsælust

**TÓNLIST** „Það er ekki slæmt að vera vinsælust. Takk kærlega fyrir að kjósa mig það. Takk,“ sagði tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, við afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Borgarleikhúsinu í gærkvöld.

Lay Low hlaut þrenn verðlaun. Hún var valin Söngkona ársins og umslag fyrstu plötu hennar var valið það besta auk þess sem hún var kjörin vinsælasti flytjandinn í SMS-kosningu. Hljómsveitin Ghostigital hlaut tvenn verðlaun, fyrir lag og texta ársins, Not Clean, og Útflutningsverðlaun RVK Loftbrúar.

Bubbi Morthens var valinn söngvari ársins, annað árið í röð, og Björgvin Halldórsson flytjandi ársins í flokki fjölbreyttrar tónlistar. Hljómplata ársins í flokki dægurtónlistar var Aparnir í Eden með Baggalúti, Skúli Sverrisson þótti eiga bestu plötu ársins, Seríu, í flokknum ýmis tónlist og Pétur Ben var verðlaunaður fyrir bestu plötuna í flokki rokks & jaðartónlistar. Fyrsta sólóplata Hafdísar Huldar var valin poppplata ársins.

Ólafur Gaukur hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna og Hannes Smárason og FL Group hlutu hvatningarverðlaun. Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari var valin Bjartasta vonin. - hdm/sjá síðu 47

# Biðja um nafnlausar ábendingar um brot

**Samkeppniseftirlitið biður fyrirtæki og einstaklinga um ábendingar varðandi hugsanleg brot á samkeppnislögum. Ábendingarnar mega vera nafnlausar. Full ástæða til að benda fólki á þetta, segir forstjóri. Óskiljanlegt, segir forstjóri Haga.**

**NEYTENDAMÁL** „Ég held að það sé full ástæða til að benda fólki á þennan möguleika, ekki síst á þeim mikilvæga markaði sem matvörumarkaðurinn er,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Eftirlitið biður einstaklinga og fyrirtæki um að benda sér á hugsanleg samkeppnislagabrot, það geti ráðið úrslitum um það hvernig til takist í eftirliti með matvörumarkaðnum. Stofnunin athugar nú hvort markaðsráðandi smásölufyrirtæki á matvörumarkaði misnoti aðstöðu sína.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.samkeppni.is, er fólki boðið að koma á framfæri ábendingum um hugsanleg brot á samkeppnislögum, og þarf ekki að skrifa undir þær með nafni.

Þar má einnig finna nánari upplýsingar um það hvers konar háttsemi geti talist brot á samkeppnislögum.

„Eitt af því sem þarf til þess að eftirlit takist vel er að við fáum ábendingar um hugsanleg brot,“ segir Páll Gunnar. Ekki sé verið að biðja almenning um ábendingar, heldur frekar starfsmenn fyrirtækja sem vita af brotum á samkeppnislögum.

„Þetta er algjörlega óskiljanlegt að mínu viti,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, sem rekur meðal annars verslanir Bónuss, Hagkaupa og 10-11. „Þetta minnir mann á Kína á tímum Maós. Í frjálsu lýðræðisríki þar sem fólk er saklaust þar til sekt er sönnuð finnst mér menn vera að reyna að snúa öllu á hvolf í opinberum aðgerðum gegn okkar fyrirtæki.“

Hann segir fyrirtækið hafa lagt sig mjög fram við að vinna með Samkeppniseftirlitinu í skoðun þess á matvörumarkaðnum og skilað öllum gögnum sem óskað hafi verið eftir. „Ég er alveg bit á þessum ummælum,“ segir hann.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna, segir félagið hafa verið þeirrar skoðunar í langan tíma að fákeppni á smásölumarkaði sé of mikil.

Vilhjálmur Fenger, framkvæmdastjóri Nathan & Olsen, segist ekki sjá neitt að því að Samkeppniseftirlitið kanni viðskiptasamninga birgja og smásala. Varðandi það að starfsfólk innan fyrirtækja sé hvatt til að senda Samkeppniseftirlitinu ábendingar um hugsanleg brot á samkeppnislögum segir Vilhjálmur að sjálfsagt megi reyna það. Ekkert sé að athuga við samninga sem hans fyrirtæki geri. - sþs

Uppgjör í hlutabréfaviðskiptum:

# Fleiri íhuga evruskráningu

**VIÐSKIPTI** Öll íslensku úrvalsvísitölufélögin sem færa bókhald sitt í erlendri mynt skoða kosti þess að skrá hlutafé sitt einnig í erlendri mynt. Aðeins Actavis hefur þó tekið ákvörðun um að breyta skráningu sinni.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir að til þess að skrá megi hlutafé í annarri mynt en krónu þurfi að gera nokkrar breytingar á uppgjörsferli hlutabréfaviðskipta.

Annað hvort þurfi Seðlabanki Íslands, sem sinnir uppgjörinu í íslenskum krónum, að taka það að sér í evrum eða erlendur banki að koma að máli. - hhs / sjá bls. 22

Yfirdráttarlán heimilanna:

# Fimmtán milljarðar í vexti

**FJÁRMÁL Heimilin í landinu skulduðu um sjötíu milljarða í yfirdráttarlánum í desember á síðasta ári. Vextir af þeirri upphæð á ári eru nálægt fimmtán milljörðum.**



ÓLAFUR DARRI ANDRASON

**Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir bankana hafa hagnast afar mikið á óstöðugleika í íslensku efnahagskerfi sem bitni svo á íslenskum heimilum í formi hárra vaxta.**

**„Þessar miklu tekjur bankanna eru að hluta afleiðing af óstöðugleikanum í íslensku efnahagslífi. Bankarnir hagnast á þeim háu vöxtum sem hér eru, verðbólgan leggst sjálfkrafa á verðtryggð lán og þegar krónan flöktir eins og lauf í vindi er auðvelt fyrir bankana að hagnast á gjaldeyrismarkaði, segir hann.“ Ólafur gagnrýnir einnig fákeppni í fjármálaþjónustu innanlands. Þrír stærstu bankarnir vinni markvisst að því að hamla gegn því að viðskiptavinirnir færi sig milli banka.** - kdk / sjá síðu 8




## SPURNING DAGSINS



*Björn, var leikurinn svona spennandi?*

„Allt til loka."

Þrjú ungmenni flúðu úr haldi lögreglunnar á Akureyri á þriðjudagskvöld, á svipuðum tíma og landsleikur Íslendinga og Dana á heimsmeistaramótinu í handknattleik fór fram. Þau náðust síðar um kvöldið. Björn Jósef Arnviðarson er lögreglustjóri á Akureyri.

Lögreglan í Bretlandi handtók átta manns í Birmingham vegna gruns um áformað mannrán:

# Mennirnir hugðust hálshöggva hermann

**BIRMINGHAM, AP** Hryðjuverkavarnasveit bresku lögreglunnar handtók í gær átta menn í Birmingham, sem grunaðir eru um að hafa lagt á ráðin um að ræna breskum hermanni sem játar íslamstrú.

Lögregla vildi ekki tjá sig um fullyrðingar í fjölmiðlum um að mennirnir hafi ætlað sér að hálshöggva hermanninn, í stíl við það sem mannræningjar í hópi uppreisnarmanna í Írak tíðka að gera. Hryðjuverkavarnafulltrúar staðfestu þó að áætlun mannanna hefði verið sú fyrsta af sínu tagi sem komist hefði upp um í Bretlandi.

Að sögn Sky-sjónvarpsstöðvarinnar var hermaðurinn sem til stóð að ræna í gæslu lögreglu. Á vefsíðu íslamskra öfgamanna höfðu birst myndir af honum með upphrópunum um að hann væri svikari sem bæri að lífláta.

Í Birmingham, þar sem eru heil hverfi innflytjenda frá Mið-Asíu og Austurlöndum nær, hefur lögreglan ítrekað efnt til mikilla aðgerða á undanförnum tveimur árum.

Þar voru til að mynda margir þeirra handteknir, sem grunaðir eru um að hafa í fyrrasumar ætlað að smygla sprengiefni á vökvaformi inn í farþegaþotur og sprengja upp yfir Atlantshafi. **- aa**




**HANDTÖKUR** Lögreglumenn á verði við götu í Alum Rock, hverfi innflytjenda í Birmingham í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frjálslyndi flokkurinn:

## Landsþing fór ágætlega fram

**STJÓRNMÁL** Á landsþinginu fór allt fram eins og best varð á kosið, miðað við aðstæður. Þetta kom fram í skýrslum trúnaðarmanna á miðstjórnarfundi Frjálslynda flokksins í gær, segir Magnús Reynir Guðmundsson, framkvæmdastjóri flokksins.

Miðstjórnarfundurinn var haldinn í höfuðstöðvum flokksins í Aðalstræti og mættu átján fulltrúar. Tveir fulltrúar sátu heima; annar vegna þess að flug féll niður á Ísafirði, en hinn var Ásta Þorleifsdóttir, sem hefur sagt skilið við flokkinn.

Fundurinn fór fram í ró og spekt, segir Magnús Reynir. **- kóþ**

Mannrán og misþyrmingar:

## Handtökur bíða CIA-útsendara

**BERLÍN, AP** Handtökuskipanir hafa verið gefnar út á hendur þrettán meintum útsendurum bandarísku leyniþjónustunnar CIA sem eru grunaðir um að hafa tekið þýskan ríkisborgara höndum og misþyrmt alvarlega að sögn saksóknara í München í Þýskalandi í gær.

Khaled al-Masri, sem er af líbönskum uppruna, segist hafa verið rænt árið 2003 við landamæri Serbíu og Makedóníu og fluttur þaðan með flugi til Afganistan. Þar var hann í haldi og misþyrmt í hálft ár. Honum hafi síðan verið sleppt þegar uppgötvaðist að rangur maður var í haldi. Bandaríska dómsmálaráðuneytið hefur neitað að aðstoða saksóknara í málinu. **- sdg**

## LÖGREGLAN

### Drengur hrapaði í Garðabæ

Níu ára piltur féll niður sjö til átta metra við göngustíginn í Arnarnesvogi klukkan 17.30 í gær. Drengurinn var fluttur burt með sjúkrabíl. Meiðsli voru talin lítil í gærkvöldi.

# Samskipti forseta og ríkisstjórnar rædd

**Á fundi utanríkismálanefndar Alþingis í gær var ákveðið að taka til meðferðar samskipti forseta Íslands og ríkisstjórnarinnar. Tilefnið er að forsetinn sá ekki ástæðu til að greina ráðherra frá setu sinni í þróunarráði Indlands.**

**STJÓRNMÁL** Samskipti forseta Íslands og ríkisstjórnarinnar verða tekin til meðferðar utanríkismálanefndar Alþingis. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og forsetaembættisins verða kallaðir fyrir nefndina til upplýsingagjafar.

Þetta var ákveðið á fundi nefndarinnar í gær.

Tilefnið er að forseti sá ekki ástæðu til að greina utanríkisráðuneytinu frá setu sinni í þróunarráði Indlands.

Halldór Blöndal, formaður utanríkismálanefndar, segir að þar sem forseti lýðveldisins beri ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum sé honum skylt að ráðfæra sig við ríkisstjórn um embættisgjörðir. Þar sem það var ekki gert í þessu tilviki sé nauðsynlegt að fara yfir stöðuna. Áður hafa forsetaritari og ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins rætt málin sín á milli.

Af hálfu forsetaembættisins hefur því verið lýst að það sé ekki forseti Íslands sem sitji í indverska þróunarráðinu heldur persónan Ólafur Ragnar Grímsson. Halldór Blöndal segir ómögulegt að greina á milli mannsins og embættisins. „Ef því er haldið fram hlýtur embættinu að vera vandi á höndum. En auðvitað er þetta bara útúrsnúningur. Getur forsætisráðherra verið forsætisráðherra til þrjú á daginn?" spyr Halldór og svarar sjálfur neitandi.

Sú var tíð að forseti og forsætisráðherra báru saman bækur sínar á viku fresti en slíkum föstum fundum er ekki til að dreifa lengur. Það er skoðun Halldórs Blöndal að þótt forseti kunni einhverra hluta vegna að eiga í pólitískum ágreiningi við forsætisráðherra geti hann ekki átt í slíkum ágreiningi við þingið. „Forseti á ekki að vinna í trássi við Alþingi og þing þjóða þola ekki að einstaklingur reyni að hefja sig yfir þau," segir Halldór og ítrekar þann vilja sinn að það komi ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar forseti Íslands taki meiriháttar ákvarðanir á borð við þá að setjast í þróunarráð í öðru ríki. Því verði að koma samskiptunum í gott horf.

Greint var frá því í síðustu viku að forseti Íslands hefði þegið boð um að taka sæti í þróunarráði Indlands.

Í framhaldinu óskaði utanríkisráðherra skýringa á hvers vegna ráðuneytinu var ekki upplýst um þá fyrirætlan og funduðu starfsmenn ráðuneytisins og forsetaembættisins í byrjun viku. Þá kom og fram að forsetaembættið liti svo á að það væri ekki forsetinn heldur persónan Ólafur Ragnar sem sæti í þróunarráðinu.

bjorn@frettabladid.is



**HALLDÓR BLÖNDAL** Formaður utanríkismálanefndar Alþingis segir forseta skylt að ráðfæra sig við ríkisstjórn um embættisgjörðir. Halldór var áður forseti Alþingis og var þá einn af handhöfum forsetavalds. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BERLUSCONI-HJÓNIN** Lario sagðist óska opinberrar afsökunarbeiðni þar sem hún hefði ekki fengið hana persónulega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjónaerjur Berlusconi-hjóna:

## Konan krefst afsökunarbeiðni

**RÓM, AP** Eiginkona Silvios Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, sem heldur sig jafnan til hlés frá sviðsljósinu, brá út af venjunni í gær þegar hún í opnu bréfi í dagblaði krafðist opinberrar afsökunarbeiðni frá eiginmanni sínum vegna daðurs hans við aðrar konur.

Veronica Lars sagði athugasemdir eiginmanns sín í sjónvarpsþætti nýlega skaða kvenlega reisn sína þar sem hann við eina konu: „Ef ég væri ekki giftur þá myndi ég giftast þér samstundis." Við aðra konu á hann að hafa sagt: „Með þér færi ég hvert sem er."

Í viðtali við Berlusconi, sem birtist sama dag í öðru tímariti, sagði hann Lario vera sérstaka konu. „Og hún er svo undanlátsöm. ...Hvað meira gæti ég viljað?"

Seinna um daginn gaf Berlusconi út skriflega yfirýsingu þar sem hann baðst afsökunar og fór fögrum orðum um konu sína. **- sdg**

## SLÖKKVILIÐIÐ

### Miklir sjúkraflutningar

Sjúkrabílar fóru um fimmtíu ferðir á tólf tímum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Þetta skýrist að nokkru með milli-sjúkrahúsaflutningum, en einnig af flensu, sem getur verið eldri borgurum skæð.


BÍLL DAGSINS

OPEL VECTRA COMFORT

Nýskr. 11.03 - Beinskiptur - Ekinn 51 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Mælingar Hafrannsóknastofnunarinnar sýna loðnu á stóru svæði fyrir austan:

# Stærri loðnukvóti gefinn út

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðuneytinu hefur borist tillaga frá Hafrannsóknastofnun um að leyfilegur loðnukvóti verði 370 þúsund tonn. Loðnukvótinn verður því aukinn um 190 þúsund tonn umfram 180 þúsund tonna leyfilegan upphafsafla sem var byggður á mælingum snemma í janúar. Loðna mældist á stóru svæði fyrir austan land.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson hafi mælt á stóru svæði á loðnumiðunum fyrir austan. „Mælingarnar sýna að stofninn er 710 þúsund tonna stofn. Með tilliti til þess búið er að veiða og að skilin séu eftir 400 þúsund tonn til hrygningar, þá leggjum við til að kvótinn verði 370 þúsund tonn." Þorsteinn segir að aðstæður til mælinga á miðunum hafi verið góðar.

„Þetta teljast góðar fréttir. Fyrir mánuði síðan hefðu fáir trúað þessu því ekkert hafði sést til loðnu úr 2004-árganginum til þess tíma," segir Þorsteinn. Hafrannsóknaskip fer til mælinga á göngumynstri loðnu fljótlega og þær rannsóknir nýtast jafnvel til frekari mælinga.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fagnar tíðindum af loðnumiðunum. „Í ljósi þess að við höfðum ekkert séð til þessa árgangs í upphafi árs, sem við höfðum miklar áhyggjur af, eru þetta mjög ánægjuleg tíðindi." **- shá**



**LOÐNA FRYST UM BORÐ** Mikil áhersla hefur verið lögð á frystingu á þessari vertíð sökum lítils kvóta. Skipin hafa lítið sótt þess vegna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fíton/SÍA

# Útsala



## Götumarkaður

Nú eru síðustu dagar útsölunnar og verðin fara stöðugt lækkandi. Komdu og gerðu stórkostleg kaup á götumarkaðinum.

**Opið til 21 í kvöld**

| **Mán. til mið.** | **Fimmtudagur** | **Föstudagur** | **Laugardagur** | **Sunnudagur** |
|---|---|---|---|---|
| 10.00–18.30 | 10.00–21.00 | 10.00–19.00 | 10.00–18.00 | 13.00–17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## GENGIÐ 31.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,24 | 68,56 |
| Sterlingspund | 133,37 | 134,01 |
| Evra | 88,25 | 88,75 |
| Dönsk króna | 11,836 | 11,906 |
| Norsk króna | 10,823 | 10,887 |
| Sænsk króna | 9,758 | 9,816 |
| Japanskt jen | 0,5615 | 0,5647 |
| SDR | 101,65 | 102,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,6152

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjórir fyrir rétti vegna morðsins á Gísla Þorkelssyni í Suður-Afríku árið 2005:

# Morðið á Gísla tekið fyrir á ný

**SUÐUR-AFRÍKA** Morðið á Gísla Þorkelssyni var tekið fyrir í rétti í Jóhannesarborg í Suður-Afríku á þriðjudaginn. Fjórir sakborningar, þrír menn og ein kona, sem eru ákærð fyrir morðið neituðu öll aðild. Fimmta manneskjan, Desiree Oberholzer, játaði aðild að morðinu í fyrra og var dæmd til 20 ára fangelsisvistar. Fréttavefirnir Mail&Guardian og iafrica.com greindu frá þessu.

Oberholzer bar vitni í málinu gegn sakborningunum fjórum og lýsti fyrir réttinum hvernig einn þeirra, Willie Theron, hefði boðið sér að taka þátt í áætlun sinni um að myrða Gísla eftir að hún sagði


GÍSLI ÞORKELSSON

honum að hún hygðist í örvæntingu snúa sér að vændi til að afla fjár fyrir menntun barna sinna.

Gísli Þorkelsson var myrtur 25. maí árið 2005 með byssuskoti í höfuðið tæpum klukkutíma eftir að hin ákærðu, sem voru kunnug Gísla, sóttu hann út á flugvöll. Lík hans fannst einum og hálfum mánuði síðar í tunnu sem fyllt hafði verið með steypu. Lögreglunni barst tilkynning um líkið frá manni sem sagðist hafa tekið að sér að geyma tunnuna fyrir Theron. Í forvitni sinni tók hann lokið af tunnunni og þegar hann sá glitta í fætur lét hann lögreglu strax vita.

Willie Theron gekkst við ákæru um fjársvik og játaði að hafa gabbað bankastarfsfólk til að veita sér aðgang að bankareikningum Gísla og draga sér fé af þeim.

Saksóknari hyggst kalla fram 38 vitni í málinu. - sdg

Umhverfisráðherra skrifar bréf:

# Ósátt við starfsleyfi Sellafield

**UMHVERFISMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra er ósátt við vinnubrögð bresku heilbrigðis- og öryggisstofnunarinnar varðandi málefni kjarnorkuvinnslustöðvarinnar í Sellafield.

Í bréfi til umhverfisráðherra Breta, Davids Milliband, lýsir hún óánægju sinni með að stofnunin hafi veitt stöðinni leyfi til að hefja að nýju starfsemi í svokölluðum THORP-hluta hennar. THORP-hluti stöðvarinnar hefur verið lokaður frá því í apríl 2005, en þá láku 83.000 lítrar af geislavirkum vökva úr skemmdu röri í endurvinnslustöðinni. - sþs


**GUNNAR MAREL EGGERTSSON** Skipasmiðurinn segir mjög líklegt að Gullborg Binna í Gröf verði dregin til Reykjanesbæjar.

Gullborgin hans Binna í Gröf:

# Gunnar vill gera upp skipið

**SJÁVARÚTVEGUR** Gunnar Marel Eggertsson skipasmíðameistari leitar nú leiða til að gera upp Gullborgina, hið sögufræga skip Binna í Gröf úr Eyjum. Gunnar kom í veg fyrir að Gullborgin yrði rifin í lok síðasta árs, en hún hefur legið undir skemmdum í Reykjavíkurhöfn á annað ár.

Að sögn Gunnars verður Gulborgin mjög líklega dregin til Reykjanesbæjar, þar sem hún verður gerð upp. Gunnar segir það líka möguleika í stöðunni að fara með hana til viðgerðar erlendis. Hann telur æskilegt að koma Gullborginni á flot á næstunni þegar Góustraumurinn - mesti stórstraumur ársins - gengur yfir því þá sé auðveldara að koma henni á flot. - ifv

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Kviknaði í Guðrúnu

Eldur kom upp í skipi í Slippnum við Reykjavíkurhöfn um klukkan þrjú í gær. Skipið, Guðrún Þorgeirsdóttir, var í viðgerð þegar kviknaði í plastklæðningu, en starfsmönnum Slippsins tókst að slökkva eldinn. Engan sakaði.

### Ekki ákærur í bráðina

Rannsókn á fjárdrætti fyrrverandi starfsmanns Tryggingastofnunar ríkisins sem kom upp í fyrrasumar er enn í gangi að sögn Helga Magnúsar Gunnarssonar, saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra. Ekki verða gefnar út ákærur í bráð að hans sögn.

# Lögregla laus undan ofbeldishótunum

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur setið undir mjög alvarlegum ofbeldishótunum eftir að maður fékk hjartastopp í lögreglubíl og lést fáeinum dögum síðar. Niðurstaða rannsóknar er að orsökin sé fíkniefnaneysla og hjartagalli.**

**RÍKISSAKSÓKNARI** Mjög alvarlegar og þungar ofbeldishótanir hafa dunið á lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu frá því að Jón Helgason lést eftir að hafa fengið öndunar- og hjartastopp í lögreglubíl, að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns. Niðurstaða ríkissaksóknara sem rannsakað hefur framkvæmd lögregluaðgerða aðfaranótt 26. nóvember, er maðurinn var handtekinn vegna berserksgangs á Hótel Sögu, er sú að ekki sé tilefni til frekari aðgerða ákæruvaldsins og hefur málið verið fellt niður.

Í greinargerð Sigríðar Friðjónsdóttur saksóknara kemur fram að réttarkrufning í kjölfar andláts Jóns hafi sýnt að ytri áverkar, sem hafi verið yfirborðskenndir og minniháttar, séu í samræmi við þá sögu sem gefin var af vitnum og lögreglumönnum. Eigi þeir engan þátt í dauðanum og gefi ekki til kynna að um óeðlilega hörku hafi verið að ræða af hálfu lögreglu í meðhöndlun sinni á Jóni. Þá kemur fram í krufningarskýrslunni að engin merki hafi sést um að Jón hafi verið tekinn hálstaki eða að hann hafi kafnað.

Saksóknari vísar áfram í krufningarskýrslu réttarmeinafræðings og segir að dánarorsök Jóns samkvæmt skýrslunni hafi verið æsingsóráð sem hafi orsakast af neyslu kókaíns og amfetamíns. „Auk þess var Jón með undirliggjandi hjartasjúkdóm, sem telst samverkandi þáttur í dauðanum," segir í skýrslunni. Æsingsóráð er sjúkdómsástand sem felur í sér hita, óráð með uppnámi eða æsingi, öndunar- og hjartastopp og dauða, samkvæmt skilgreiningu réttarmeinafræðings.

Geir Jón segir það mikinn létti fyrir lögregluna að þessu máli skuli vera lokið. Hann hafi verið þess fullviss að allt verklag hefði verið eftir bókinni. Það hafi nú endanlega verið staðfest með krufningunni.

„Það var fullyrt að lögreglan hefði verið völd að dauða mannsins. Enginn vill sitja undir því að vera grunaður um að vera manns bani. Það bar að taka þessar hótanir mjög alvarlega vegna forsögu þeirra sem á bak við þær stóðu. Þær bárust ítrekað til okkar frá fleiri en einum og fleiri en tveimur, jafnvel hópum. Við töldum alla lögreglumenn í hættu, settum upp ýmis öryggis- og eftirlitsnet með okkar fólki, bættum í löggæslu þannig að lögreglumenn lentu ekki einir í atvikum, og sérstaklega var fylgst með vissum lögreglumönnum. Þetta reyndi mikið á og var mikil pressa. "

Geir Jón segir að lögreglumenn hafi tekið þessu af miklu æðruleysi og staðið vel saman meðan á þessu stóð.

jss@frettabladid.is



**HÓTEL SAGA** Atburðarásin hófst á Hótel Sögu þegar maður gekk þar berserksgang. Lögregla var kvödd til, maðurinn var handtekinn og fékk öndunar- og hjartastopp í lögreglubílnum. Hann lést fáeinum dögum síðar.

Talsmaður neytenda:

# Ræðir við smásala um verð

**NEYTENDAMÁL** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, hefur boðað forstjóra og framkvæmdastjóra helstu matvöruverslanakeðja og verslana á fund næstkomandi fimmtudag. Tilgangur fundarins er að fá upplýsingar um fyrirhugaðar lækkanir á matvöruverði hinn 1. mars í þeim verslunum sem undir þá heyra. Alls verða fundirnir fjórir.

Þetta kemur fram á heimasíðu talsmanns neytenda, www.tn.is. Eftir fundina mun Gísli leggja mat á hvort og hvað hann getur aðhafst frekar vegna hagsmuna neytenda af fyrirhugaðri lækkun matarverðs, og þá gagnvart hverjum. - sþs


**HUGO CHAVEZ** Boðar hærri skatta á hina ríkari og þjóðnýtingu fjarskipta- og orkufyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sósíalismi í Venesúela:

# Chavez fær völd

**VENESÚELA, AP** Þing Venesúela samþykkti í gær lög sem veita forseta landsins, Hugo Chavez, völd til að stjórna með tilskipunum í átján mánuði.

Við setningu laganna hrópaði þingforseti þingsins, sem er einungis skipað stuðningsmönnum Chavez; „Föðurland, sósíalismi eða dauði! Við munum sigra!"

Chavez, sem er að hefja nýtt sex ára forsetatímabil, segir þessi lög upphaf nýrra tíma þar sem hann muni tryggja umbreytingu Venesúela í sósíalískt samfélag.

Gagnrýnendur Chavez segja lögin stórt skref í átt til einræðis leiðtoga með óskoruð völd. - sdg




MasterCard

Greiðsludreifing — einföld og þægileg!

- engin stimpilgjöld
- engin lántökugjöld
- aðeins eitt símtal til útgefanda!

Láttu ekki áhyggjur af fjármálum íþyngja þér að óþörfu – hringdu núna!


## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SNÝST UM HELGINA**

Í heildina séð verður milt á landinu alveg fram á laugardag. En á sunnudagsmorgun snýst hann í norðlæga átt, nokkuð stífa norðan til á landinu en hægari syðra. Við þetta dregur inn yfir landið kalt loft og ekki er að sjá annað en að frysti um allt land þegar líður á sunnudaginn. Á mánudag verður heldur harðnandi frost en hvað gerist svo er nokkuð óráðið. Þannig bendir margt til að það hlýni á þriðjudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðvestan 5-8 m/s. Skúraveður. Hiti 2-6 stig.




**um hádegi »**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C hálfskýjað | London | 13°C hálfskýjað | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 10°C hálfskýjað | París | 11°C hálfskýjað | Mallorca | 13°C skúrir |
| Osló | 1°C alskýjað | Frankfurt | 10°C hálfskýjað | Algarve | 15°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 3°C skúrir | Krít | 17°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 6°C léttskýjað | Berlín | 6°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

# ÚTSÖLULOK

## GÖTUMARKAÐUR OG EKTA MARKAÐSSTEMNING

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR




## OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

Verslanir opnar mán-mi 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM25878

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að fá þér Windows Vista á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 16% |
| Nei | 84% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Vilt þú að evran verði tekin upp hér á landi?*

Segðu skoðun þína á visir.is VÍSIR

Ungur maður bjargaðist naumlega þegar bifreið hans lenti úti í Ölfusá:

# Fastur í bifreiðinni í hálftíma

**UMFERÐARSLYS** Karlmaður á nítjándu aldursári bjargaðist úr bráðum lífsháska í gær eftir að bifreið hans hafði hafnað úti í Ölfusá seint á þriðjudagskvöld.

Manninum varð það til happs að bíllinn staðnæmdist á grynningu í ánni og fór því ekki nema á hálft kaf. Að sögn lögreglunnar á Selfossi fékk hún tilkynningu um slysið á ellefta tímanum. Á þeim tíma lá ekki fyrir hversu margir voru í bifreiðinni og því var allt tiltækt björgunarlið kallað út. Maðurinn var búinn að sitja í bílnum í um hálftíma þegar björgunarsveitarmenn á slöngubáti komu honum til hjálpar. Hann var þá nánast meðvitundarlaus og mjög kaldur. Ekki gekk áfallalaust að koma honum á land því að það drapst á báðum utanborðsmótorum björgunarbátsins með þeim afleiðingum að hann rak niður fyrir brúna og stöðvaðist á sandrifi. Þaðan var báturinn svo dreginn í land.

Maðurinn var fluttur með hraði á slysadeild Landspítalans í Fossvogi en að sögn vakthafandi læknis þar hlaut hann ekki alvarlega áverka og átti að útskrifa hann þaðan í gær.

Talið er að bíll mannsins hafi runnið til í hálku með ofangreindum afleiðingum. Engin vegrið eru við ána á þessum stað og slys hafa orðið þar áður. Bíllinn var hífður upp úr ánni síðdegis í gær. **- þsj**



**ÖKUMANNINUM BJARGAÐ** Það mátti varla tæpara standa þegar ökumanni bílsins var bjargað úr ískaldri ánni.

Skotar hitta forseta Íslands:

# Hafa áhuga á að auka tengsl

**UTANRÍKISMÁL** Mikill áhugi er fyrir því meðal Skota að auka tengsl sín við Íslendinga, enda gætu Skotar lært margt af árangri okkar. Nýfengin sjálfsstjórn Skota gæfi þeim tækifæri til þróunar á mörgum sviðum.

Þetta kom fram á fundum milli forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, og ýmissa forystumanna Skotlands í gær og fyrradag. Í tilkynningu frá skrifstofu forsetans segir að forsetinn hafi á fundunum gert grein fyrir mikilvægi þess að Skotar yrðu virkir þátttakendur í fjölþættu samstarfi þjóða og samfélaga á norðurslóðum. **- sþs**

Kona hlýtur fangelsisdóm:

# Reyndi smygl á Litla-Hrauni

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri var dæmd í tveggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi í gær í Héraðsdómi Suðurlands. Konan reyndi að smygla tíu grömmum af hassi, sem hún hafði falið í leggöngunum, inn á Litla-Hraun til fanga sem þar var vistaður.

Hún var síðan handtekin aftur rúmlega klukkutíma síðar. Var hún þá akandi en reyndist óhæf til þess þar sem hún var undir áhrifum fíkniefna, meðal annars amfetamíns.

Konan játaði brot sín fyrir dómi en hún hefur áður hlotið fjölmarga dóma, meðal annars fyrir fíkniefnabrot. **- þsj**



**MÓTMÆLI** Háværmótmæli voru fyrir utan þinghúsið í Prag gegn þátttöku Tékka í áætluninni. MYND/AP

Stjórnarandstaðan í Tékklandi:

# Vill ræða eldflaugavarnir

**PRAG, AP** Þingmenn úr stjórnarandstöðunni á Tékklandsþingi fóru í gær fram á að aukaþingfundur yrði kallaður saman til að ræða hugsanlega þátttöku landsins í eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjamanna, en Tékklandsstjórn hefur tekið því líklega að ratsjárstöð sem yrði liður í eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna yrði sett upp í landinu.

Áður höfðu þingmenn flokkanna þriggja sem styðja ríkisstjórnina fellt tillögu um að umræða um málið yrði sett á dagskrá yfirstandandi þings.

Bandaríkjamenn hafa einnig farið fram á að byggja skotstöð fyrir gagneldflaugar í Póllandi. **- aa**

Skreið 700 metra fótbrotinn:

# Byrjaður að ganga aftur

**FÓLK** Magnús Jóhannesson, bóndi á Ytra-Leiti á Skógarströnd, sem í desember skreið 700 metra fótbrotinn að bíl sínum - beinskiptum Toyota Hilux - og keyrði hann heim á bæ sinn eftir að hafa runnið á klakabunka í fjallshlíð þar sem hann gætti sauða sinna, er farinn úr gifsinu og byrjaður að ganga aftur. Hann brotnaði á ökkla í fallinu og sleit liðbönd.

Magnús dvaldi til skiptis hjá systkinum sínum í Reykjavík í þrjár vikur eftir slysið. Eftir það fór hann heim að Ytra-Leiti en er enn óvinnufær að sögn Gísla Gunnlaugssonar hálfbróður hans. „Honum Magnúsi finnst lítið til þess koma að hafa gert þetta, en er sem betur fer allur að koma til,“ segir Gísli. **- ifv**

# Byrgisframlög á ábyrgð ríkisstjórnar

**Ríkisstjórn Íslands bar ábyrgð á framlögum til Byrgisins frá árinu 2002, ekki fjárlaganefnd. Í minnisblaði sem lagt var fyrir ríkisstjórn ári síðar var fjallað um fjármálaóreiðu í Byrginu. Pólitískt hneyksli segir Jóhanna Sigurðardóttir.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórn Íslands bar ábyrgð á framlögum til Byrgisins frá árinu 2002, ekki fjárlaganefnd. Um þetta var upplýst á fundi fjárlaganefndar hinn 24. janúar síðastliðinn. Í gögnum sem lögð voru fyrir nefndarmenn er meðal annars að finna minnisblað frá því í febrúar 2003 sem lagt var fyrir ríkisstjórnina þar sem skýrt er fjallað um fjármálaóreiðu Byrgisins.

Fyrr í sama mánuði hafði verið borin fyrir ríkisstjórnina tillaga um kaup ríkisins á fasteign undir starfsemi Byrgisins. Þar segir meðal annars að gert sé ráð fyrir að forsvarsmenn Byrgisins komi rekstrinum í formlegra horf frá því sem áður var og að Ríkisendurskoðun verði falið að yfirfara ársreikninga félagsins áður en ákvörðun um kaupin verði tekin. Sú ákvörðun var tekin haustið 2003 og húsnæðið að Efri-Brú keypt undir starfsemi Byrgisins. Byrgið hafði hins vegar ekki lagað þau mál sem sögð voru skilyrði fyrir kaupunum og hefur raunar einungis einu sinni skilað inn ársreikningi til Ríkisendurskoðunar.

Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir málið hneyksli frá upphafi til enda. „Það var á vitorði margra að þarna væri fjármálaóreiða; allra ráðherranna, ríkisstjórnarinnar og núverandi formanns fjárlaganefndar. Þess vegna er þetta algert skandall í stjórnsýslunni. En núna er staðan sú að allir eru á flótta undan ábyrgð.“



**BYRGIÐ** Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, segir að ákveðnir skilmálar hafi verið settir fram í samningsgerð en greinilega hafi ekki verið farið eftir þeim öllum.

Jóhanna segir málið að sjálfsögðu vera pólitískt í eðli sínu. „Þetta er stórmál og pólitískt hneyksli hvernig ráðherrar og ríkistjórn tóku á þessu. Alls staðar annars staðar hefðu sérstakar rannsóknarnefndir þingsins farið ofan í svona mál.“ Hún segist vera að hugleiða hvort ekki sé ástæða til þess að fara fram á slíka rannsókn. „Það er bara erfitt að koma við hérna í þinginu nokkru sem heitir rannsóknarnefndir vegna þess að meirihluti þingsins ver alltaf ráðherrana og ríkisstjórn alveg sama hvað þeir hafa gert af sér. En ég held að það sé mjög sérkennilegt ef enginn verður dreginn til ábyrgðar í þessu máli.“

Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, kom að samningsgerð við Byrgið fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins. Hann segir að ákveðnir skilmálar hafi verið settir fram í viðræðum en það sé greinilegt á framhaldinu að ekki hafi verið farið eftir þeim öllum. Þegar hann var spurður um eigin ábyrgð í málinu sagði hann marga hafa komið að því. „Eftir á að hyggja hefði ég getað spurt einnar lítillar spurningar í fjárlaganefnd haustið 2003 um hvort málið væri ekki í þeim farvegi sem ég skildi við það. En það gerði ég ekki og það er alveg ljóst eftir á að hyggja að hér er um röð mistaka að ræða hvað þetta varðar.“

**thordur@frettabladid.is**



**SKÚLAGATA 51** Gamla Sjóklæðagerðin fær andlitslyftingu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hús Sjóklæðagerðarinnar:

# Andlitslyfting og viðbygging

**SKIPULAGSMÁL** Miklar framkvæmdir standa nú við Skúlagötu 51 sem áður hýsti Sjóklæðagerðina og fyrirtækið 66° Norður. Reisa á viðbyggingu á lóðinni og innrétta skrifstofur á neðri hæðum og gistirými á fjórðu hæð. Undir húsinu verður bílakjallari. Bæði nýja byggingin og sú gamla verða klæddar flísum og stáli upp að fjórðu hæð, sem klædd verður harðviði. Eigandi Skúlagötu 51 er einkahlutafélagið Kirkjuhvoll. Það er í eigu Karls Steingrímssonar sem oftast er kenndur við verslunina Pelsinn. **- gar**

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN

**Fer til ákærudeildar í dag** Rannsókn á orsökum tjóns á safni Náttúrufræðistofnunar í sumar er að mestu lokið og fer líklega til ákærudeildar í dag, að sögn lögreglunnar.

SVÍÞJÓÐ

**Ráðherra sektaður** Sænski innflytjendamálaráðherrann Tobias Billström hefur verið sektaður um 900 sænskar krónur, andvirði um 9.000 íslenskra, fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að greiða afnotagjöld sænska ríkissjónvarpsins í tvö ár. Billström hefur viðurkennt að hafa aldrei greitt afnotagjöldin.

Forstöðumaður Fangelsismálastofnunar telur uppsagnir tæplega helmings fangavarða landsins ólögmæta:

# Segir neyðarástand skapast í fangelsum

**KJARAMÁL** Ljóst er að neyðarástand skapast ef ekki verður samið við fangaverði innan tíðar. Þetta segir Sigurjón Birgisson, formaður Félags fangavarða.

Stór hluti allra starfandi fangavarða á landinu hefur ákveðið að segja upp störfum vegna óánægju með kjör sín. Alls höfðu fjórutíu fangaverðir af 82 sagt starfi sínu lausu í fyrradag.

Valtýr Sigurðsson, forstöðumaður Fangelsismálastofnunar, sagðist ekki geta svarað hvort frekari uppsagnir hefðu komið á hans borð. Hann segir klárt mál að um hópuppsagnir sé að ræða en þær, sem og verkföll meðal fangavarða, eru bannaðar samkvæmt samningum þeirra. Uppsagnirnar taki gildi 1. maí, þriggja mánaða uppsagnarfrestur eigi ekki við í þessu tilfelli þar sem um ólögmæta aðgerð sé að ræða. Hægt sé að skikka verðina til að vinna í hálft ár á eftir. „Við munum samt beita öllum löglegum leiðum til þess að það gerist ekki en það er ljóst að þegar þarf að fara að huga að því að ráða nýtt fólk í þessar stöður. Það er ljóst að Fangelsismálastofnun hefur ekki nægilegt fjármagn til að svara kröfum fangavarða,“ segir Valtýr.



**LITLA-HRAUN** Neyðarástand getur skapst ef ekki tekst að leysa úr deilu sem myndast hefur vegna kjara fangavarða.



**VALTÝR SIGURÐSSON** Telur að um ólögmætar uppsagnir sé að ræða og í ljósi þess sé hægt að skikka menn til að vinna í sex mánuði eftir að uppsögn tekur gildi.

Sigurjón neitar því að um hópuppsagnir sé að ræða. Hver og einn fangavörður hafi tekið ákvörðun um þetta fyrir sig. Reynt hafi verið að benda á þann launamun sem skapast hefur á milli fangavarða og lögreglumanna á síðustu árum en það er sú stétt sem fangaverðir miða laun sín við. Byrjunarlaun fangavarða séu nú um 120 til 130 þúsund og ljóst sé að nýliðun í stéttinni á þessum launum sé afar erfið. Helsta krafa fangavarða sé sú að grunnlaunin verði hækkuð í launaþrepum.

„Fangavarsla er eitt erfiðasta starf sem hægt er að vinna en það er ekki viðurkennt í launum. Ef fangelsisyfirvöld vilja þvinga verðina til að vinna í sex mánuði eftir uppsögn, í starfi sem þeir kæra sig ekki um lengur, á ég bara eitt orð yfir það: Þrælahald,“ segir Sigurjón.

Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður Árna Mathiesen fjármálaráðherra, segir að ekki hafi verið rætt um að auka fjárveitingar til Fangelsismálastofnunar til að koma til móts við kröfur fangavarða. Kjarasamningur sé í gangi og á meðan sé ekki hægt að fara í kjaraviðræður. Ekki fari á milli mála að um hópuppsagnir sé að ræða. **- kdk**

# Útsölulok

## Síðustu dagar raftækjaútsölunnar




### Thomson 32" LCD sjónvarp

- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- Skerpa:1.000:1
- Birta: 550 cd/m2
- Svartími: 8ms
- 2x14w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), HDMI, component, CVBS og VGA tengi

**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **9.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 99.990,-
Verð áður 149.990,-




### Philips 32" LCD sjónvarp

- HD ready
- 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með dolby virtual surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **12.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 129.990,-
Verð áður 149.990,-




**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **6.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 69.990,-
Verð áður 89.990,-

### United 27" LCD sjónvarp

- Progressive scan • HD ready • Skerpa: 900:1 • 2x6w nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi




**TILBOÐ**
**39.990kr**
Verð áður 49.990-

### United 20" LCD sjónvarp

- Digital comb filter
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), component, SVHS, CVBS




**TILBOÐ**
**34.990kr**
Verð áður 39.990-

### United 15" LCD sjónvarp

- Digital comb filter
- 8w nicam stereó hljóðkerfi
- 12V og 220V
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi




**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **14.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
Staðgreitt 149.990,-
Verð áður 169.990,-

### Thompson 42” Plasma sjónvarp

- Upplausn 852x480 • Skerpa: 3.000:1 • Birtustig: 1000 cd/m2
- Sjónsvið (H/V): 160/160° • DVI tengi (styður VGA, SVGA, XGA, SXGA) • 2 scart, component, SVHS, CVBS • Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 112,8x70x9,3 • Þyngd: 33kg

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 4. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver var hagnaður viðskiptabankanna og Straums-Burðaráss í fyrra samanlagt?*
2. *Hver predikaði í guðsþjónustu í Neskirkju á sunnudag?*
3. *Hvað heitir ráðuneytisstjórinn í utanríkisráðuneytinu?*

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á SÍÐU 54

Spurt hvort vera íslenskra ráðherra á HM í handbolta tefji fyrir störfum þingsins:

# Hamlar HM störfum Alþingis?

**STJÓRNMÁL** Getur verið að vera íslenskra ráðherra á Heimsmeistaramótinu í handbolta sé ástæða þess að aðeins var hægt að svara sjö fyrirspurnum á Alþingi í gær?

Því velti Kristján L. Möller Samfylkingunni fyrir sér í þingumræðum. Vildi hann fá svör við hvernig á því stæði að þegar tugir fyrirspurna biðu svars væru aðeins sjö á dagskrá fundarins.

Jón Kristjánsson þingforseti sagði að æskilegt hefði verið að taka fleiri fyrirspurnir fyrir en vegna fjarvista; bæði ráðherra og fyrirspyrjenda, hefði það ekki verið hægt. Jón gaf hins vegar ekkert út á vangaveltur Kristjáns um hvort ástæðan væri HM í handbolta.



MÖRÐUR ÁRNASON JÓN KRISTJÁNSSON

Mörður Árnason Samfylkingunni tók á hinn bóginn undir með Kristjáni. Hann benti á að fyrirspurnum frá í október væri enn ósvarað og sagði að kannski dunduðu ráðherrar sér við að svara á milli leikja í útlöndum.

„Af hverju eru ekki ráðherrarnir hér að greiða fyrir þingstörfum í stað þess að vera í erindum sem sum hver virðast ekki mjög brýn,“ sagði Mörður.

Eftir því sem næst verður komist horfðu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra á leiki á Heimsmeistaramótinu. - bþs

Sala á Morgunblaðinu:

## Dregst saman um tíu prósent

**FJÖLMIÐLAR** Meðaltalssala Morgunblaðsins á dag dróst saman um tæp tíu prósent á síðari helmingi síðasta árs miðað við sama tímabil árið áður. Þetta kemur fram í upplagseftirliti Viðskiptaráðs Íslands sem kynnt var í gær.

Frá júlí til desember árið 2006 seldist blaðið að meðaltali í um 47.700 eintökum á dag, en árið á undan var þessi tala 52.200.

Upplagseftirlit Verslunarráðsins annast eftirlit og staðfestingu upplags prentmiðla sem óska eftir því og gangast undir eftirlitsskilmála. - sþs

Könnun Félagsvísindastofnunar:

## Aukin ánægja með þjónustu

**FÉLAGSMÁL** Ánægja Reykvíkinga með þjónustu borgarinnar hefur vaxið um tíu prósent á einu ári. Þetta kemur fram í nýrri viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem gerð var fyrir Reykjavíkurborg.

65 prósent borgarbúa taldi þjónustu borgarinnar góða eða mjög góða, en þetta hlutfall var 55 prósent þegar síðast var spurt í nóvember 2005. Tíu prósent telja þjónustuna slæma eða mjög slæma. - sþs



**ÍSLENSK HEIMILI** Hár vextir, mikil verðbólga og gengissveiflur hafa leitt til þess að bankar hafa hagnast mjög mikið, að hluta til á kostnað íslenskra heimila, segir hagfræðingur ASÍ.

# Greiða 15 milljarða vegna yfirdráttarlána

**Hagfræðingur ASÍ segir bankana hafa hagnast afar mikið á óstöðugleika í íslensku efnahagskerfi sem bitni svo á íslenskum heimilum í formi hárra vaxta. Íhugunarefni fyrir samkeppnisyfirvöld segir formaður Neytendasamtakanna.**

**VIÐSKIPTI** „Háir vextir, mikil verðbólga og gengissveiflur skýra að hluta mikinn hagnað bankanna,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, um methagnað íslensku bankanna á síðasta ári.

Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, nam 163,7 milljörðum á síðasta ári en það er um það bil fjórfaldur hagnaður frá árinu 2004.

Ólafur Darri segir góða afkomu bankanna jákvæða en bendir á að hana megi að hluta rekja til tekna frá almenningi vegna mjög hárra vaxta og mikilla þjónustugjalda. „Þessar miklu tekjur bankanna eru að hluta afleiðing af óstöðugleikanum í íslensku efnahagslífi. Bankarnir hagnast á þeim háu vöxtum sem hér eru, verðbólgan leggst sjálfkrafa á verðtryggð lán og þegar krónan flöktir eins og lauf í vindi er auðvelt fyrir bankana að hagnast á gjaldeyrismarkaði,“ segir Ólafur og tekur sem dæmi um áhrifin á almenning að í desember skulduðu heimilin í landinu um 70 milljarða í yfirdráttarlánum. Vextir af þeirri upphæð á ári segir hann nálægt 15 milljörðum. Verðtryggð lán heimilanna í bönkunum voru rúmir 500 milljarðar í árslok í fyrra. Í 7 prósent verðbólgu fá bankarnir 36 milljarða í verðbólgutekjur frá heimilunum.

Ólafur gagnrýnir einnig fákeppni í fjármálaþjónustu innanlands. Þrír stærstu bankarnir vinni markvisst að því að hamla gegn því að viðskiptavinirnir færi sig milli banka. Þetta birtist meðal annars í því að bjóða afslætti og vildarkjör til viðskiptavina sem eru með ákveðin viðskipti í bankanum. Slíkt dragi úr samkeppni til lengri tíma litið.

„Fjölskylda sem stendur frammi fyrir því að greiða himinhátt uppgreiðslugjald eða að vextir af íbúðaláni hækki verulega ef önnur bankaviðskipti fjölskyldunnar eru færð í annan banka er einfaldlega föst í sínum gamla banka. Fákeppni er víða í okkar litla þjóðfélagi. Það hefur lengi verið baráttumál ASÍ að efla Samkeppniseftirlitið til þess að taka á fákeppninni.“

Undir orð Ólafs tekur Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort eðlileg samkeppni sé á þessu sviði þegar hagnaður bankanna er svona mikill og erlendum viðskiptavinum bankanna bjóðast mun betri kjör en þeim íslensku. Þetta hlýtur að vera íhugunarefni fyrir samkeppnisyfirvöld,“ segir Jóhannes.

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, er þessu ósammála. Hann bendir á að gera megi ráð fyrir því að samanlagðar skatttekjur Glitnis, Kaupþings, Landsbankans og Straums-Burðaráss verði um 35 milljarðar króna eða um tíundi hluti af heildartekjum ríkissjóðs. Slíkt hljóti að vera til mikilla hagsbóta fyrir íslensku þjóðina. „Þessar fréttir af bönkunum eru mjög ánægjulegar enda þvert ofan í svartsýnisspár, einkum frá frændum okkar Dönum. Það hefur sýnt sig að heilbrigt bankakerfi er ein af undirstöðum hagsældar,“ segir Ólafur. karen@frettabladid.is

Lindasókn fær samastað:

## Bygging Lindakirkju hafin

**TRÚMÁL** Fyrsta skóflustungan að Lindakirkju í Kópavogi verður tekin næstkomandi sunnudag 4. febrúar. Kirkjan verður 1.500 fermetrar í heildina og er byggingarkostnaður áætlaður um 420 milljónir króna.

Lindasókn var stofnuð í febrúar 2002 og nær yfir alla byggð í Kópavogi austan Reykjanesbrautar. Messuhald og annað safnaðarstarf hefur að mestu leyti farið fram í Salaskóla og safnaðarheimili sóknarinnar. Kirkjan verður vígð í lok næsta árs. Sóknarprestur er Guðmundur Karl Brynjarsson. - sþs



**HLJÓTA STYRK** Elsa Steinunn Halldórsdóttir og Ögmundur Viðar Rúnarsson hlutu styrk í ár.

Framúrskarandi í lyfjafræði:

## Styrkur fyrir rannsóknir

**STYRKUR** Tveimur doktorsnemum í lyfjafræði við Háskóla Íslands var veitt viðurkenning úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala.

Að þessu sinni hlutu Elsa Steinunn Halldórsdóttir og Ögmundur Viðar Rúnarsson styrkinn, 300 þúsund krónur hvort.

María Ásdís Stefánsdóttir, skrifstofustjóri lyfjafræðideildar, segir nemendurna báða afar öfluga, verkefni þeirra áhugaverð og í góðum tengslum við atvinnulífið. - kdk

Hækkun fargjalda Herjólfs:

## Fjölmenn mótmæli í Eyjum

**SAMGÖNGUR** Hækkun fargjalda Herjólfs var mótmælt í gær við Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Milli 400 og 500 manns tóku þátt, og eru það mestu mótmæli sem Jón Bragi, lögreglumaður í Eyjum, man eftir.

„Bryggjan var full, bæði af bílum og fólki,“ segir Jón Bragi. Mótmælin fóru friðsamlega fram.

Eimskip, sem rekur Herjólf, mun hækka gjaldskrá sína um 11,5 prósent í dag. Það er gert í samræmi við þróun ferjuvísitölu, en hún tekur meðal annars mið af olíuverði, hafnargjöldum og byggingarvísitölu. - kóp

**HM Í ÞÝSKALANDI**

**Ráðherra eini fulltrúinn**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fór sem ráðherra íþróttamála á HM í Þýskalandi á föstudaginn var og var eini fulltrúi ráðuneytisins á mótinu, samkvæmt upplýsingum úr menntamálaráðuneytinu.




# til hamingju!

# 10 milljónamæringar bættust í vinningsliðið í gær

Þá er fjöldi vinningshafa
kominn í 2.966 og árið rétt hafið.
Vertu með í febrúar og fáðu þér miða
á hhi.is eða í síma 800 6611.
Það tekur enga stund.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

GOTT FÓLK McCANN

120 1886 2006

# Aðalfundur

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. verður haldinn á Grand Hótel föstudaginn 9. febrúar 2007 kl. 16.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Kosning bankaráðs.
5. Kosning endurskoðenda.
6. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum.
7. Tillögur til breytinga á samþykktum.
8. Tillaga bankaráðs um valrétt á hlutabréfum til starfsmanna og um Starfskjarastefnu Landsbanka Íslands hf. lögð fram til samþykktar.
9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Önnur mál, löglega fram borin.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en átta dögum fyrir aðalfund. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund. Dagskrá, endanlegar tillögur, skýrsla bankaráðs, ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda liggja frammi í Aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund. Á sama stað munu upplýsingar um framboð til bankaráðs liggja frammi tveimur dögum fyrir aðalfund. Einnig er hægt að nálgast þessi gögn á www.landsbanki.is.

Gerð er tillaga um breytingu á samþykktum félagsins, að aðalfundur samþykki endurnýjun á heimild bankaráðs til hækkunar hlutafjár, að erlent aukheiti félagsins verði Landsbanki hf. og að tillaga um starfskjarastefnu sé lögð fram á aðalfundi. Einnig er gerð tillaga um að skýrsla bankaráðs liggi frammi viku fyrir aðalfund og að tveimur dögum fyrir aðalfund liggi fyrir upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs. Hluthöfum er bent á að kynna sér tillögurnar fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við inngang í upphafi fundar.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár


Deilt um nýjan þingflokk á Evrópuþinginu:

# Hatursásökunum vísað á bug

**VÍNARBORG, AP** Bruno Gollnisch, oddviti nýs þingflokks hægri-jaðarflokka á Evrópuþinginu, vísaði á bug í gær ásökunum um að liðsmenn hans væru kynþátta- og gyðingahatarar.

„Þetta er fáránlegt. Ekkert er fjær sanni,“ tjáði Gollnisch AP-fréttastofunni spurður út í ummæli Ariels Muzikant, talsmanns hagsmunasamtaka gyðinga í Austurríki, í þessa veru. Muzikant sagði Andreas Mölzer, Evrópuþingmann Frelsisflokksins austurríska, vera aðalhöfundinn að baki stofnunar hins umdeilda þingflokks, sem sameinar hægri-jaðarfulltrúa frá fjölda Evrópulanda. **- aa**



**BRUNO GOLLNISCH** Oddvitinn ásamt samherja sínum, Jean Marie Le Pen. NORDICPHOTOS/AFP



**FANGELSIÐ Á AKUREYRI** Farið verður yfir allar öryggisreglur eftir að þrír gæsluvarðhaldsfangar struku. Einum þeirra tókst að opna klefa sinn og hleypa félögum sínum út. Eftir það voru greipar látnar sópa.

# Strokufangar brutust inn

**Þrjú ungmenni voru ekki fyrr strokin úr fangelsinu á Akureyri en þau brutust inn í hús í bænum. Þar létu þau greipar sópa og stálu svo bíl húseiganda.**

**LÖGREGLUMÁL** Ungmennin þrjú sem struku úr gæsluvarðhaldi í fangelsinu á Akureyri í fyrrakvöld tóku sér gönguferð um bæinn sem endaði með því að þau brutust inn í mannlaust hús, stálu þar tölvubúnaði heimilisins og síðan bíl húsráðanda, sem stóð fyrir utan. Á honum óku þau áleiðis til Reykjavíkur en voru gómuð aftur í grennd við Varmahlíð síðar um kvöldið og færð aftur til Akureyrar.

Um var að ræða tvo pilta og eina stúlku á aldrinum 18 ára til rúmlega tvítugs, sem lögreglan á Akureyri handtók á mánudag ásamt tveimur piltum til viðbótar. Hinir síðastnefndu voru yfirheyrðir en látnir lausir að því búnu. Þremenningarnir voru hins vegar úrskurðaðir í gæsluvarðhald til föstudags. Þau þrjú voru grunuð um bílþjófnaði, innbrot og fjársvik með greiðslukortum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Meðal annars er talið að þau hafi keypt varning með stolnu greiðslukortunum fyrir að minnsta kosti 300 þúsund krónur fyrir norðan, að sögn lögreglunnar á Akureyri.

Að sögn Guðmundar Gíslasonar, forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, bendir fyrsta athugun til þess að ungmennin hafi komist úr fangelsinu á Akureyri með þeim hætti að klefi sem annar piltanna var í hafi ekki lokast að fullu. Fangavörður, sem var einn á kvöldvakt, var á efri hæð fangelsisins þegar ungmennin létu til skarar skríða, en fangaklefarnir eru á þeirri neðri. Pilturinn komst út og opnaði hina klefana, sem voru læstir með rennilokum, fyrir félögum sínum. Ungmennin fóru síðan út í gegnum bílageymslu fangelsisins og voru þar með frjáls ferða sinna í nokkrar klukkustundir, þar til lögregla handtók þau á nýjan leik. **- jss**

Helminga losun á brennisteinstvíoxíði í Straumsvík:

# Hækka strompana

**HAFNARFJÖRÐUR** Stefnt er að því að helminga meðaltalslosun á brennisteinstvíoxíði í útblæstri í stækkun álvers Alcan í Straumsvík. Í stað fimmtán kílóa af brennisteinstvíoxíði á tonn af áli í útblæstri, eins og heimild er fyrir í dag, verði það sjö til átta kíló á tonnið fyrir nýja hluta álversins. Þetta verði gert með nýrri tækni í þurrhreinsun, ekki endilega vothreinsun, og til dæmis hærri strompum á eldri hluta verksmiðjunnar.

„Losunarmörk ein og sér segja ekki til um hver loftgæði eru heldur eru þau samspil útblásturs, veðurfars og hæð strompa. Með tilkomu stækkunar er mikilvægt að fylgjast náið með loftgæðum og áhrifum stækkunar á þau og bregðast fljótt við ef þau reynast óásættanleg og er vothreinsun einn kostur í því sambandi,“ segir í samkomulagi starfshóps skipulags- og bygginganefndar sem skipaður var til helminga fulltrúum stjórnmálaflokkanna og álversins í Straumsvík.

Í samkomulaginu kemur einnig fram að Alcan telji að vothreinsun sé einn þeirra kosta sem liggi fyrir. Fyrirtækið hafi ekki hafnað vothreinsun en telji heldur ekki ákveðið fyrir fram að vothreinsun verði tekin upp. Aðallega hafi verið skoðað að bæta við vothreinsun á núverandi rekstur. Sé hægt að ná markmiðinu öðruvísi en með vothreinsun á nýja hluta álversins þá jafngildi það vothreinsun. **- ghs**

Eiðfaxi og Hestar:

## Hestatímarit sameinast

**FJÖLMIÐLAR** Útgefendur tímaritanna Eiðfaxa og Hesta náðu samkomulagi um sameiningu tímaritanna og netmiðla þeirra undir einn hatt. Tímaritið kemur framvegis út undir nafninu Eiðfaxi-Hestar. Trausti Þór Guðmundsson hefur verið ráðinn ritstjóri. Auk tímaritsútgáfunnar verður áfram haldið úti fréttasíðu á netinu um hesta og hestamennsku.

Í fréttatilkynningu segir að með sameiningunni sé stefnt að því að þjóna hestamönnum og áhugamönnum um hesta enn betur og skapa traustari grundvöll fyrir útgáfu vandaðs fagtímarits um hestamennsku.

Erindreki Afríkusambandsins tilkynnti í gær að senda ætti átta þúsund friðargæsluliða til Sómalíu:

# Þrjú herfylki eru til reiðu í friðargæslu

**SÓMALÍA, AP** Þrjú herfylki frá Úganda og Nígeríu eru til reiðu til að vera send til friðargæslu í Sómalíu hið bráðasta. Frá þessu greindi háttsettur erindreki Afríkusambandsins í gær, en leiðtogar aðildarríkja þess hafa ákveðið að senda 8.000 manna gæslulið til Sómalíu.

Í bili hefur þó ekki reynst unnt að tryggja nema helminginn af þessu átta þúsund manna liði. Brýnt þykir að gæsluliðið láti sjá sig á vettvangi í Sómalíu til að eftirlegukindur skæruliða íslamista og vopnaðir liðsmenn fyrrum stríðsherra í landinu freistist ekki til að reyna að nýta sér tómarúmið sem kann að skapast við að hermenn Eþíópíuhers halda aftur heim.

Liðsstyrkur Eþíópíuhers hafði úrslitaáhrif á að alþjóðlega viðurkenndu bráðabirgðastjórninni tókst að ná yfirráðum í öllu landinu, en stórir hlutar þess, þar á meðal höfuðborgin Mogadishu, höfðu um allnokkurt skeið lotið yfirráðum herskárra íslamista í hreyfingunni Ráð íslamskra dómstóla.

Sómalíustjórn hefur sett herlög til að treysta yfirráð sín yfir hinu stríðshrjáða landi. - aa



**YUSUF OG MICHEL** Abdullahi Yusuf Sómalíuforseti ásamt Louis Michel, þróunaraðstoðarstjóra ESB, á leiðtogafundi Afríkusambandsins. MYND/AP

Sjómannafélag gengið úr ASÍ:

## Samþykkt með öllum atkvæðum

**VINNUMARKAÐUR Sjómannafélag Íslands hefur gengið úr Alþýðusambandi Íslands í kjölfar atkvæðagreiðslu um úrsögnina sem haldin var í síðustu viku. Birgir Hólm Björgvinsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að rúmlega 40 félagsmenn hafi greitt atkvæði um úrsögnina, en um 600 manns eru í félaginu. Hann segir þorra félagsmanna á sjó og þeir hafi því ekki komist til að greiða atkvæði.**



**BIRGIR HÓLM BJÖRGVINSSON**

**Birgir segir úrsögnina ekki hafa mikil áhrif á félagsmenn, áfram verði samið um kaup og kjör í samfloti við Sjómannasamband Íslands.** - bj



**Í HVALSNESFJÖRU** Helst kemur til greina að draga Wilson Muuga út og er verið að skoða áhættuna nánar.

Hreinsun Hvalsnesfjöru:

## Skoðað að draga skipið út

**UMHVERFISMÁL** Fjórir kostir koma helst til greina varðandi hreinsun eftir strand Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru; láta skipið standa óhreyft, byggja garð að því og rífa það niður, taka skipið upp í fjöru eða draga það út.

Davíð Egilsson, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir óumdeilt að flestra mati að heppilegast væri að draga skipið út. Spurningin sé hvort það sé gerlegt og hversu mikil áhætta fylgi því. „Ef skipið er orðið laust og tekst ekki að koma því út; hvað gerist þá? Það er sú áhætta sem við viljum skoða,“ segir hann.

Eigendur Wilson Muuga áttu að skila inn áætlun um hreinsun fjörunnar fyrir mánaðamótin. Farið var yfir hreinsunarkostina í gær og verður farið aftur yfir málið í dag og reynt að leggja fram svör um tæknilega útfærslu á hreinsunarkostum og áhættu fyrir umhverfið. Niðurstaða á að liggja fyrir á föstudag. - ghs


Fræðslufundaröð SPRON



Fræðslufundir SPRON
um fjármál einstaklinga og heimila

Á næstu vikum býður SPRON viðskiptavinum sínum til fræðslufunda um lífeyrismál, fjármál heimilanna, sparnað og fjárfestingar og skattaskil á Hótel Nordica.

**Lífeyrismál**
6. febrúar kl. 17–19

**Fjármál heimilanna**
13. febrúar kl. 17–19

**Sparnaður og fjárfestingar**
20. febrúar kl. 17–19

**Skattaskil**
13. mars kl. 17–19

Nánari upplýsingar og skráning á **spron.is**
eða í þjónustuveri í **síma 550 1400**.

spron



**ÖRÞRIFARÁÐ** Yfirþjálfari tékkneska handboltaliðsins, Pavel Pauze, kraup á kné og bað meðan á leik Tékklands og Danmerkur stóð. Danmörk sigraði með 33 mörkum gegn 29. NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðir gegn reykingum:

# Franskt bann

**FRAKKLAND, AP** Xavier Bertrand, heilbrigðisráðherra Frakklands, lýsti í gær bjartsýni á að almenningur í landinu myndi taka vel banni við reykingum á opinberum stöðum sem gengur í gildi í dag. Hann viðurkenndi þó að reikna mætti með því að ekki myndu allir hlíta banninu. Veitingastaðir og barir njóta undanþágu fram á næsta ár.

Markos Kyprianou, sem fer með heilbrigðismál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, kynnti á þriðjudag stefnumótunarplagg þar sem lagt er til allsherjarbann við reykingum á vinnustöðum, þar með töldum veitingahúsum, sem ná myndi til allra ESB-ríkjanna 27. **- aa**



**GERT AÐ DREPA Í** Franskur menntaskólanemi reykir fyrir utan skóla í París í gær, þar sem heilbrigðisráðherrann kynnti reykingabannið. NORDICPHOTOS/AFP

Ætlaður barnaníðingur:

# DNA til Noregs

**LÖGREGLUMÁL** **DNA-sýni hafa verið send til Noregs vegna rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á máli 26 ára manns sem kærður hefur verið fyrir að áreita nokkrar barnungar stúlkur í Vogahverfi um miðjan janúar. Hann situr í gæsluvarðhaldi til 9. febrúar. DNA-sýnin voru tekin úr manninum og fimm ára stúlku sem honum tókst að tæla inn í kofa á leiksvæði.**

**Þá hafa þrír ætlaðir barnaníðingar sem fóru inn í íbúð til að hitta tálbeitu Kompáss, sem þeir töldu vera 13 ára stúlku, gefið sig fram við lögreglu, en ekki fjórir eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Lögregla telur sig vita hver fjórði maðurinn er.** **- jss**

**BANDARÍKIN**

### Fógetafrú skotin á Flórída

Eiginkona lögreglufógeta í Jacksonsýslu á Flórída var í gærmorgun skotin til bana er hún ók inn í innkeyrsluna heima hjá sér. Mennirnir sem veittu henni fyrirsát drápu líka aðstoðarfógeta í skotbardaga sem lyktaði með dauða þeirra beggja. Yfirvöld í Flórída rannsaka nú málið af fullum krafti og má búast við að þeir seku fái makleg málagjöld.

Kínverskur háskólanemi undir þrýstingi foreldra:

# Vildi leigukærustu

**PEKING, AP** Örvæntingarfullur kínverskur háskólanemi, undir þrýstingi frá foreldrum sínum um að ná sér í kærustu, greip til þess örþrifaráðs að auglýsa eftir kærustu til leigu í tíu daga til að koma með heim yfir mikilvægustu fjölskylduhátíð í Kína.

Háskólaneminn setti upp auglýsingu á tilkynningatöflu í Háskólanum í Peking þar sem hann bauð jafnvirði níu þúsund króna fyrir greiðann.

Háskólayfirvöld í Peking og lögregla hafa varað konur við svona auglýsingum. **- sdg**



**UNGLINGAR SAFNAST SAMAN** Greinileg tengsl eru á milli þess tíma sem unglingar verja með foreldrum sínum og tilhneigingu þeirra til drykkju. FRÉTTABLAÐIÐ/SV.Þ.

Meirihluti barna sem drekka áfengi:

# Eru nær aldrei með foreldrum sínum

**FÉLAGSMÁL** Samverutími unglinga með foreldrum sínum hefur mikil áhrif á heilsu þeirra og lífstíl. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri rannsókn sem Rannsóknir og greining gerði í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

Í könnuninni voru börn í 9. og 10. bekk spurð hvort þau hefðu orðið ölvuð í mánuðinum sem spurt var og niðurstöðurnar bornar saman við samverustundir þeirra með foreldrum. Í ljós kom að 42 prósent þeirra stúlkna sem höfðu orðið ölvaðar á tímabilinu sögðust nær aldrei verja tíma með foreldrum sínum á virkum dögum.

Meðal drengja sem sögðust nær aldrei vera með foreldrum sínum hafði 26,1 prósent orðið ölvað.

Þær stúlkur sem sögðust nær alltaf vera með foreldrum sínum á virkum dögum höfðu drukkið áfengi í tíu prósentum tilvika en átta prósentum meðal drengja.

Sæmundur Runólfsson, formaður Áfengis- og vímuvarnarráðs og framkvæmdastjóri UMFÍ, segir þetta enn frekari staðfestingu á því sem íslenskar rannsóknir hafi verið að leiða í ljós. „Samverustundir barna með foreldrum sínum eru það mikilvægasta af öllu,“ segir Sæmundur. **- kdk**

Bíræfinn þjófnaður í vesturbæ Reykjavíkur:

# Fundu þrjá gítara

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann mikið af þýfi í íbúð í Vesturbænum í fyrradag. Þar á meðal voru þrír gítarar, magnarar og straumbreytir. Þessu hafði verið stolið úr íbúð í nálægri götu.

Einn maður var handtekinn vegna þýfisins. Hann er góðkunningi lögreglunnar. Óljóst var í gær hvort farið yrði fram á gæsluvarðhaldsúrskurð yfir honum.

Tveir aðrir menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gær, en þeir höfðu verið handteknir á mánudag.

Þeir eru grunaðir um nokkur innbrot. Annar þeirra var úrskurðaður í gæslu fram á föstudag en hinn til 13. mars. **- jss**


HEILDSÖLUVERÐ Á VEIÐIVÖRUM




Lagersala í Skeifunni 8
Gengið inn á hlið hússins

ÞAÐ STYTTIST Í FYRSTU VORSENDINGARNAR.
VIÐ SELJUM ELDRI VEIÐIVÖRUR Á KOSTNAÐARVERÐI
OG HEILDSÖLUPRÍS Á LAGER OKKAR Í SKEIFUNNI 8

Neopren vöðlur frá 6.995 (áður 16.995)
Öndunarvöðlur frá 9.995 (áður 21.900)
Veiðijakkar frá 5.000 (áður 12.995)
Flugustangir frá 1.995 (áður 5.995)
Kaststangir frá 1.995 (áður 4.995)
Fluguhjól frá 1.995 (áður 4.995)
Kasthjól frá 995 (áður 2.995)
Skotveiðijakkar 14.995 (áður 24.900)
Skotveiðibuxur 10.995 (áður 18.900)
10 spúnar aðeins 1.995 (áður 3.950)
Flugulínur frá 1.500 (áður frá 4.995)
og margt fleira á ótrúlegu verði

OPIÐ Í ÖRFÁA DAGA
KOMDU STRAX Í DAG ÞVÍ SÍÐAST SELDIST ALLT UPP Á 5 DÖGUM
OPIÐ FRÁ 13 TIL 19
BRÁÐ EHF.





Tilboðsdagar
29. janúar til 2. febrúar

Fimmtudagur & föstudagur Rúnstykki 50 kr*
Alla daga Kaffi 150 kr

* meðan byrgðir endast

Veisluþjónusta & veislusalir

Við erum byrjuð að baka brauðin okkar aftur

Café KONDITORI Copenhagen

Kringlan
Reykjavíkurvegur 74
Suðurlandsbraut 4A

konditori.is 588 1550

Karlmaður á sextugsaldri:

## Ostakökuþjófur fékk 30 daga

**DÓMSMÁL Karlmaður, vel á sextugsaldri, hefur verið dæmdur í tveggja mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að stela ostaköku úr Nóatúnsbúð.**

**Maðurinn hefur áður hlotið dóma fyrir þjófnað. Síðast í nóvember var hann sakfelldur fyrir þjófnað og dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið tvö ár frá dómsuppsögudegi.**

**Með brotinu sem hann var sakfelldur fyrir nú, í ostakökumálinu, rauf hann skilorð síðastnefnd dóms. Hann var því tekinn upp og dæmdur með því máli.** - jss

Einsdæmi innan OECD að helmingi minna atvinnuleysi sé meðal innflytjenda á Íslandi en Íslendinga:

# Innflytjendur borga meira en þeir þiggja

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi meðal innflytjenda er helmingi minna en meðal Íslendinga hér á landi, en atvinnuleysi á Íslandi er það minnsta sem þekkist hjá löndum OECD, Efnahags- og framfarastofnuninni. Þetta kom fram í erindi Berglindar Ásgeirsdóttir, sendiherra og fyrrverandi varaframkvæmdastjóra OECD, á málþingi Alþjóðamálastofnunar á föstudaginn.

Berglind bar saman stöðu innflytjendamála hér við það sem gerist í öðrum OECD löndum. Hún segir málum á Íslandi og Írlandi ólíkt háttað er annars staðar vegna þess hve mikil atvinnuþátttaka er meðal innflytjenda hér. Í öðrum löndum, svo sem á Norðurlöndum, væru innflytjendur fyrstir til að finna fyrir atvinnuleysi.



**SJÓNARHORN Á MÁLEFNI INNFLYTJENDA** Á málþingi Alþjóðamálastofnunarinnar og Alþjóðasamfélagsins kom fram að atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi er ólík því sem gerist í öðrum OECD-löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skýringuna á þessu segir hún þá að Ísland og Írland hafa lítið tekið á móti flóttamönnum, heldur aðallega veitt ungu fólki í atvinnuleit tímabundin atvinnuleyfi.

Íslendingar verði þó að átta sig á því að um 40 prósent þeirra fólks sem hingað ætlar að koma tímabundið setjast hér að til frambúðar. Íslendingar þurfi að huga að aðlögun þessa hóps, það sé forsenda góðs gengis seinna meir.

Í fyrra segir hún fólk með tímabundin vinnuleyfi hafa greitt sjö milljarða í skatta. Þessi hópur nýti sér þó lítið þá þjónustu sem byggð er upp á skattpeningum og því telur hún sjálfsagt að reynt sé að koma betur til móts við þennan stækkandi hóp sem íslenskt atvinnulíf kallar eftir og þarfnast. - kdk



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Kolbrún Halldórsdóttir VG:

## Spyr um efndir

**STJÓRNMÁL** Kolbrún Halldórsdóttir VG vill vita hvað líður efndum umhverfisráðherra á samþykkt flokksþings Framsóknarflokksins um að umhverfisráðuneytið standi fyrir þjóðarátaki gegn lélegri umgengni um landið og uppsöfnun úrgangs þar sem hann á ekki heima. Ályktun þess efnis var samþykkt á flokksþingi Framsóknar 2005 og í henni var enn fremur kveðið á um að skerpa bæri á heimildum yfirvalda til að gera ráðstafanir gagnvart þeim sem sýndu málinu skilningsleysi.

Kolbrún innir ráðherra í fyrirspurn einnig álits á ástandi mála að þessu leyti, meðal annars á ríkisjörðum og hvaða hugmyndir ráðherra hafi til að ná fram úrbótum svo um muni. - bþs



HAIM RAMON

Ísraelskur ráðherra dæmdur:

## Búist við stjórnaruppstokkun

**ÍSRAEL, AP Haim Ramon, fyrrverandi dómsmálaráðherra Ísraels, var í gær dæmdur fyrir að hafa gerst sekur um að kyssa unga konu í hernum gegn vilja hennar. Mál Ramons hefur notið mikillar fjölmiðlaathygli í Ísrael og hefur bætt gráu ofan á svart fyrir hina óvinsælu ríkisstjórn Ehuds Olmert. Reiknað er með að Olmert muni nú nota tækifærið og stokka verulega upp í stjórninni.**

**Ramon var kærður fyrir kynferðislega áreitni eftir að hafa kysst átján ára gamlan hermann inn í veislu á vegum varnarmálaráðuneytisins skömmu eftir að stríð Ísraela við Hizbollah-liða í Líbanon hófst í fyrrasumar.** - aa


Treystum tengslin
norður yfir heiðar



Höfum opnað nýja og glæsilega verslun
að Baldursnesi 6, Akureyri

Frábær opnunartilboð í verslunum
okkar á Akureyri og í Kópavogi

Hjá Tengi getur þú valið um alla breiddina, það glæsilegasta jafnt sem hagkvæmasta bæði í verði og útliti, fyrir eldhúsið, baðið og þvottahúsið, í meiriháttar úrvali.

Komdu, upplifðu úrvalið, skoðaðu nýjar lausnir og fáðu skemmtilegar hugmyndir.

Tilboðsdagar



Ifö
handlaugar
Ifö Sign - nýja línan frá Ifö. Auðveld í þrifum, fallegar og nettar.
tilboð:
25% afsláttur



mora
blöndunartæki
Þekkt fyrir gæði sem fara skínandi vel í eldhúsinu eða á baðinu.
tilboð:
25% afsláttur



intra
eldhúsvaskar
Framleiddir úr gæðastáli og fást í fjölbreyttum gerðum og formi.
tilboð:
25% afsláttur



GEBERIT
innbyggt salerni
Vegghengt salerni með innbyggðum kassa og harðri setu.
tilboð:
34.900kr.



Sundance Spas
Heitir pottar
Eigðu unaðsstundir í náttúrunni í ríkulega búnum potti.
Athyglisverð tilboð!

H:N markaðssamskipti / SIA

Hannaðu heimilið með Tengi

Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is
Baldursnes 6 Akureyri Sími 414 1050 Fax 414 1051



Heitt með Heim
Grillaður kjúklingur
aðeins 799 kr. stk.
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 199 kr. kg
GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
499 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar 500 kr. kg
STEINBÍTSSTEIK
MEÐ KARRÝ OG SALTHNETUM
998 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg
UNGNAUTAGÚLLAS
Í VILLISVEPPASÓSU
1.498 kr. kg
25% afsláttur
GOÐA SALTKJÖT
334 kr. kg
36% afsláttur
GOÐA MEDISTERPYLSA
479 kr. kg
COKE LIGHT
2 LÍTRAR
139 kr. stk.
Grand'Italia sósur
25% afsláttur
Fine taste hvítlauksbaguette
FINE TASTE
HVÍTLAUKSBAGUETTE
199 kr. pk.

NÓATÚN
*Bestir í kjöti*

# Útsala
## á lambakjöti



### *Allt í einum potti!*

*10 framhryggjabitar*
*10 meðal stórar kartöflur*
*1 stór rófa*
*7 meðalstórar gulrætur*
*4 laukar*
*1 búnnt ferskt timjan eða 1 msk. þurrkað*
*2 stönglar ferkt rósmarín eða ½ msk. þurrkað*
*Salt og pipar*

*Grænmetið er afhýtt, skorið gróft,lagt í botninn á steikarpotti og kryddað með salti, pipar og kryddjurtum. Kjötið er kryddað með salti og pipar, lagt ofaná grænmetið og eldað í 180° heitum ofni með lokið ofan á í 1 klst. Lokið er síðan tekið af og hitinn hækkaður í 200° og eldað áfram í 15 –20 mín. í viðbót.*

**44% afsláttur**
LAMBA FRAMHRYGGJA-SNEIÐAR ÚR KJÖTBORÐI
**998 kr. kg**



Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 300 kr. kg
LAMBAHRYGGUR **1.298** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 400 kr. kg
LAMBALÆRI M. INDVERSKUM ÁHRIFUM **1.398** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns
18% afsláttur
LAMBA RIB-EYE **2.698** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 400 kr. kg
LAMBAKÓTELETTUR **1.498** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns
29% afsláttur
LAMBAINNRALÆRI **2.398** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 300 kr. kg
LAMBALÆRISNEIÐAR **1.698** kr. kg

*Verði ykkur að góðu!*

## Svona erum við

> Kynjahlutfall þjónandi presta hjá Þjóðkirkjunni í júní 2004




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** AFRÍKUSAMBANDIÐ

# *Vinnur að friði og velmegun í Afríku*

Tveggja daga leiðtogafundur Afríkusambandsins fór fram í vikunni þar sem reynt var að leita lausna á tveimur brýnum málefnum í álfunni; auknu ofbeldi í Darfur-héraði í Súdan og tilraunum til að koma á friði í Sómalíu.

**Hvað er Afríkusambandið?**
Afríkusambandið (e. African Union) er samtök 53 Afríkuríkja og hefur það markmið að vinna að einingu, friði og velmegun í álfunni.

Stofnanauppbygging sambandins er lauslega byggð á Evrópusambandinu. Þjóðar- og ríkisstjórnaleiðtogar aðildarríkjanna fara með æðsta vald og á vettvangi funda þeirra eru helstu ákvarðanir teknar. Í ráðherraráðinu sitja utanríkisráðherrar aðildarríkjanna sem ráðleggja meðlimum þingmannasamkomunnar. Framkvæmdastjórn sér um að framkvæma stefnu sambandsins og þar sitja tíu stjórnarmenn.

**Hver er uppruni sambandsins?**
Afríkusambandið tók við af Samtökum afrískrar einingar árið 2002 sem varð til þegar ríki Afríku voru að losna úr viðjum nýlendustefnunnar á sjöunda áratug 20. aldar. Seinustu árin voru Samtök afrískrar einingar gagnrýnd fyrir að vera einungis spjallvettvangur. Samkvæmt stefnu samtakanna máttu þau ekki skipta sér af átökum í álfunni. Þetta breyttist þegar Afríkusambandið setti á fót Friðar- og öryggisráðið árið 2002 sem hefur vald til að skerast í átök. Afríkusambandið getur sent herafla á staði þegar aðstæður krefjast, ef um er að ræða þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyni. Einnig getur sambandið haldið úti friðargæslu.



**Hvert stefnir sambandið?**
Áætlanir eru um að setja á fót mannréttindadómstól, sameiginlegan banka og viðskiptastofnun og að árið 2023 verði komið á afrísku efnahagssvæði með sameiginlegan gjaldmiðil.

Gagnrýnendur Afríkusambandsins telja að það muni fara sömu leið og fyrirrennarinn og verða einungis spjallvettvangur. Einnig eru uppi efasemdir um að sambandið hafi fjárráð til að fjármagna metnaðarfull markmið sín.

*Heimild: fréttavefur BBC*

## SPURT & SVARAÐ
**SUPERGIRL-KEPPNIN**

### *Gera lítið úr öllum*



**HJÁLMAR SIGMARSSON**
Femínisti

Á dögunum var haldin Supergirl-keppni á skemmtistaðnum Pravda. Þar fækkuðu stúlkur fötum til þess að reyna að vinna utanlandsferð. Hjálmar Sigmarsson er virkur í karlaráði Femínistafélags Íslands.

**Hvers vegna taka stelpur þátt í svona keppnum?**
Það er flókið að svara þessu en hægt að spyrja á móti hvers vegna strákar þurfa ekki að koma naktir fram til þess að vinna utanlandsferð. Menn segja að konur velji að taka þátt í þessu en það er spurning hvernig það val er skilgreint þegar krafan kemur frá samfélaginu sem viðurkennir slíkar keppnir.

**Hvers vegna eru femínistar á móti keppnum sem þessari?**
Sjálfum finnst mér keppnirnar gera lítið úr öllum sem koma nálægt þeim, hvort sem það eru skipuleggjendur, þátttakendur eða áhorfendur. Eru þessar keppnir fyrir stelpurnar sjálfar eða liggur eitthvað annað að baki? Það er misræmi í því hvers konar leikir eru í boði fyrir kynin og í því felst ójafnrétti.

# Ríkið getur selt þjóðlendurnar

**Íslenska ríkið vill í fyrsta skipti afsala sér landsvæði sem skilgreint er sem þjóðlenda. Ekkert í þjóðlendulögunum kveður á um að ríkið geti ekki afsalað sér eignarrétti á þjóðlendum. Til þess að koma í veg fyrir afsal ríkisins á þjóðlendum þarf að vera kveðið á um það í stjórnarskrá.**



BÚRFELLSVIRKJUN Frumvarp ríkisstjórnarinnar snýst um að ríkið afsali yfir til Landsvirkjunar 25 ferkílómetra landsvæði við Þjórsá og vatnsréttindum. Óbyggðanefnd hefur úrskurðað að svæðið sé þjóðlenda. MYND/EMIL ÞÓR

Mörður Árnason, Lúðvík Bergvinsson og Jóhann Ársælsson, þingmenn Samfylkingarinnar, gagnrýndu á Alþingi á mánudag frumvarp ríkisstjórnarinnar um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.

Með frumvarpinu vill ríkisvaldið afsala sér eignarrétti að 25 ferkílómetra landsvæði, sem er einkum í Búrfells- og Skeljafellslandi, og vatnsréttindum í Þjórsá fyrir 210 MW virkjun Landsvirkjunar við Búrfell. Óbyggðanefnd úrskurðaði hins vegar, árin 2002 að 2004, að landsvæðið væri þjóðlenda og að þar með ætti ríkisvaldið lands- og vatnsréttindin á því.

**Forsaga málsins**
Rökstuðningurinn fyrir frumvarpinu og afsali ríkisins á eignarréttinum er sá að þegar Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 hafi íslenska ríkið lagt fram lands- og vatnsréttindi á svæðinu, sem þeir keyptu af Fossafélaginu Títan árið 1951, í sameignarsamningi sem það gerði ásamt Reykjavíkurborg. Ríkið átti 50 prósent í Landsvirkjun og Reykjavíkurborg 50 prósent.

Með úrskurðum óbyggðanefndar árin 2002 og 2004 var svæðið úrskurðað sem þjóðlenda en ekki einkaeign og því hafði Títan ekki rétt á að selja eignarhlutann. Eignarhluti ríkisins í Landsvirkjun var því, samkvæmt úrskurðinum, ekki byggður á réttum rökum. Lagafrumvarpinu er ætlað breyta stöðunni þannig að eignarhlutinn verði aftur eign Landsvirkjunar eins og talið var þar til óbyggðanefnd kvað upp úrskurðina.

**Slæmur rökstuðningur**
Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að í þjóðlendulögunum fra árinu 1998 sé ríkinu ekki veitt heimild til að að selja þjóðlendurnar. Jafnframt segir hann að rök forsætisráðherra fyrir frumvarpinu, sem hann segir vera þau að lánardrottnar Landsvirkjunar hafi gert ráð fyrir að fyrirtækið ætti það landsvæði og þau réttindi sem ríkið mun afsala sér til fyrirtækisins ef frumvarpið verður samþykkt, vera slæm.

Hann segir að bændur í landinu geti einnig beitt þessum rökum til þess að andmæla því að hlutar jarða þeirra verði gerðir að þjóðlendum því að lánardrottnar sem hefðu lánað þeim fé hefðu gert ráð fyrir því að landsvæði þeirra væru x-stór, þrátt fyrir að óbyggðanefnd hefði úrskurðað á annan hátt. „Landsvirkjun á ekki að njóta betri réttar en bændur í landinu," segir Lúðvík.

**Afsal þjóðlendna hefur fordæmisgildi**
Jóhann Ársælsson segir að hann hafi gagnrýnt frumvarpið á þeim forsendum að með því sé í fyrsta skipti gert ráð fyrir að landsvæði, sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að sé þjóðlenda, verði gert að séreignarlandi. „Það er hvergi talað um það í þjóðlendulögunum með hvaða hætti það ætti að koma til að ríkið selji eða afsali sér eignarrétti á þjóðlendum," segir Jóhann. Hann telur að það þurfi að liggja fyrir stefnumörkun um hvað eigi að gera við þjóðlendurnar en ekki að „ríkið hlaupi og afsali sér eignarréttinum án þess að sú umræða hafi farið fram".

Jóhann segir að afsal ríkisins á þessu tiltekna svæði geti haft fordæmisgildi, að ríkisvaldið geti þá tekið ákvarðanir um það í framtíðinni að selja eða afsala sér þjóðlendum.

**Fræðilega séð getur ríkið selt þjóðlendurnar**
Sif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, segir ekkert í lögum hindra það að ríkið selji eða afsali sér eignaréttinum á þjóðlendum. „Fræðilega séð er ekki útilokað að löggjafinn geti ráðstafað réttindum í þjóðlendum. Ein slík ráðstöfun gæti verið eignarafsal. Til þess að koma í veg fyrir það þyrfti að vera ákvæði um það í stjórnarskránni að slíkt sé óheimilt. Það er aðeins stjórnarskráin sem er lögunum æðri, annars er hægt að setja lög sem breyta öðrum lögum, eða þrengja þau eins og í þessu tilfelli," segir Sif. „Það er hins vegar pólitískt mál hvort eigi að gera það en ekki eignarréttarlegt," segir Sif.

Sif segir að í þjóðlendulögunum sé kveðið á um hvernig stjórna skuli þjóðlendum, þar er verkum skipt á milli forsætisráðherra og sveitarstjórna. Hún segir að þjóðlendulögin fjalli ekki um hvernig farið skuli með þau landsvæði sem gerð hafa verið að þjóðlendum og að það sé ekki í verkahring óbyggðanefndar.

**Hvað á að gera við þjóðlendurnar?**
Þórhallur Vilhjálmsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu og formaður samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna, segir að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun um hvað verði gert við þjóðlendurnar. Hann segir að innan ráðuneytisins hafi hafist vinna við undirbúning á því en að ekkert liggi enn þá fyrir sem hægt sé að greina frá opinberlega.



Urriðafoss í Þjórsá



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is









## *Nú færðu gæðagólfefni í Múrbúðinni*

tilo®
PARKET

NÝ SENDING
MIKIÐ ÚRVAL

TAU
CERÁMICA




## Hágæða flísar og parket á hagstæðu verði!

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-15**

MÚRBÚÐIN
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## Útgjöldin

> Kílóverð á gulrótum í nóvembermánuði




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: BRYNDÍS NIELSEN KYNNINGARFULLTRÚI ÍSLENSKA DANSFLOKKSINS

## *Óheppin í skókaupum*

„Bestu kaupin eru Sony PC1000 myndbandsupptökuvélin mín," segir Bryndís Nielsen, kynningarfulltrúi Íslenska dansflokksins. „Þó að ég vilji fá mér stærri og betri myndavél hefur þessi fangað ómældar minningar sem og veitt mér útrás fyrir sköpunarþörfina." Hún segir að stundum sé hún þó bara að taka myndir af fjölskyldumeðlimum og vinum.

Ástæða þess að Bryndís fór og keypti sér myndbandsupptökuvél var sú að hana vantaði myndavél til að taka upp lokaverkefnið sitt í meistaranámi í mannfræði, en verkefnið var heimildarmynd um feður í fæðingarorlofi. „Allir feðurnir sem ég talaði við voru að gera skemmtilega hluti í fæðingarorlofinu og bindast barni sínu órjúfanlegum böndum. Þeir voru að njóta lífsins og sinna börnum og heimili."

Verstu kaup Bryndísar eru ekki eins fersk í minni og þarf hún nokkuð að grufla til að rifja þau upp. Að lokum minnist hún þó skókaupa sem hafa farið illa. „Ég á nokkur skópör, ekki færri en sjö, sem ég keypti í bjartsýniskasti og hélt ég gæti gengið til, en hefur ekki gengið því ég er með undarlega lagaða fætur," segir Bryndís. Fæturnir eru reyndar ekki undarlegri en svo að hún segir þá stóra og breiða, og gengur hún í stærð 41. „En ég kaupi oft minni skó en ég raunverulega kemst í."



Sérstaklega minnist hún fagurrauðra stígvéla sem hafa fengið að dúsa inni í skáp í langan tíma.

„Ég keypti rauð háhæluð stígvél, með svaka mjórri tá, sem voru í tísku þá." Ekki gekk það þó betur en svo að einungis var gengið í skónum eina kvöldstund áður en parinu var lagt. „Það lá við að ég hefði þurft að notast við hækjur eftir það kvöldið," segir Bryndís að lokum. En hjá Íslenska dansflokknum ætti hún að vera í góðum félagsskap fólks sem skilur það að ganga með sára fætur.

■ **Verðlagseftirlit ASÍ**

## Hæsta verð á kóki hækkar verulega

Hæsta verð á tveggja lítra flösku af sykurkóki hefur hækkað nokkuð frá því í mars 2005 fram í desember í fyrra, samkvæmt könnunum Verðlagseftirlits ASÍ, en hæsta verð á einum lítra af nýmjólk hefur lítið breyst á þessum tíma.




Hæsta verð á einum lítra af nýmjólk var 90 krónur í mars 2005 þegar verðstríðið milli Krónunnar og Bónuss var í algleymingi og lækkaði niður í 89 krónur á árinu en fór aftur upp í 90 krónur í fyrra og loks upp í 91 krónu í árslok. Það er um eins prósents hækkun frá því í mars 2005.

Hæsta verð á tveggja lítra flösku af sykurkóki var 235 krónur í mars 2005 en fór niður í 227 krónur í október 2005. Verðið var orðið 241 króna í maí 2006 og 259 krónur í desember.

Sé ein tveggja lítra flaska af kóki keypt á dag inn á heimilið eru mánaðarútgjöldin um 8.000 krónur miðað við hæsta verð í desember 2006. Séu tveir lítrar af nýmjólk keyptir í einslítra fernu inn á heimilið á dag í mánuð eru útgjöldin rúmar 5.600 krónur miðað við verð á sama tíma.

■ **Vöruverð**

## Allt að 84 prósenta munur á nikótínlyfum



Neytendasamtökin könnuðu verð á nikótínlyfjum í ellefu apótekum þann 25. janúar síðastliðinn. Skipholtsapótek var oftast með lægsta verðið en hæst var það í Lyfju, Rimaapóteki og Laugarnesapóteki. Allt að 84 prósenta munur var á hæsta og lægsta verði en að meðaltali var verðmunurinn um 39 prósent. Verð var kannað á 39 vörutegundum frá Nicorette og Nicotinell. Neytendasamtökin spyrja að því hvort þetta gríðarlega úrval sé nauðsynlegt, hugsanlegi mætti hagræða með því að bjóða upp á færri tegundir og um leið lækka verð til neytenda.






**FLATIR SKJÁIR** Þeir sem kaupa sér háskerpusjónvarpstæki á Íslandi í dag hafa litla möguleika á því að nýta kosti tækisins að fullu. Engin sjónvarpsstöð á Íslandi sendir út í háskerpugæðum.

# Illa nýtt háskerpusjónvörp

**Sjónvörp sem styðja móttöku háskerpumerkis seljast grimmt þrátt fyrir að sjálft merkið sé af skornum skammti hér á landi. Engin sjónvarpsstöð á Íslandi sendir út í háskerpugæðum, myndgæði DVD-diska slaga vart upp í þá upplausn sem háskerputækin bjóða upp á og mynddiskar á borð við HD-DVD og Blu-Ray eru ekki komnir í sölu hér á landi.**

Skjáupplausn í háskerpusjónvarpstækjum er tvisvar til fjórum sinnum meiri en í hefðbundnum sjónvarpstækjum, auk þess sem litir koma mun betur út. Hljóðið er sent út í 5.1 víðóma og gæðin eru almennt mun meiri. Allt þetta gerir þó lítið gagn ef sjálft efnið sem horft er á er ekki í háskerpu.

Jón Eðvald Vignisson, söluráðgjafi hjá Ormsson, segir rétt að lítið sé hægt að nýta háskerpuna í dag, en þeir sem kaupi sér slík tæki séu oftast að hugsa fram í tímann.

„Þetta er það sem koma skal. Ef þú ætlar að fá þér flatskjá á annað borð þá er lítill verðmunur á háskerputækjum og venjulegum tækjum, og gott að hafa það á bak við eyrað að þetta mun nýtast mjög vel í framtíðinni."

Hann segir að þó komi DVD-myndir betur út á háskerputækjum en venjulegum, og einnig sendi nýjar leikjatölvur á borð við Xbox 360 frá sér háskerpumerki. Ekki sé heldur langt í að næstu kynslóðar mynddiskar, HD-DVD og Blu-Ray, komi til Íslands.

Hannes Jóhannsson, forstöðumaður tæknisviðs hjá RÚV, segir að fyrir sjónvarpsútsendingar í háskerpu þurfi einhverja leið sem geti borið merkið. Dreifikerfi RÚV sé ekki orðið stafrænt og háskerpumerki taki allt að fjórum sinnum meira pláss.

„Það munu allir hér á Íslandi fara í háskerpuna, það er bara spurning um að finna rétta tímapunktinn," segir Alfreð Halldórsson, verkefnastjóri hjá Vodafone.

Hann segir alls ekki ólíklegt að háskerpuútsendingar hjá Digital Íslandi hefjist á þessu ári. Þó sé ekki búið að tilkynna neitt ennþá.

Magnús Björnsson, tæknistjóri hjá Skjánum, sagðist engar upplýsingar geta gefið um hvenær Skjárinn hefji útsendingar í háskerpugæðum. „Það er alltaf verið að skoða þetta, en ég get ekkert gefið meira en það."

salvar@frettabladid.is

**MATUR & NÆRING** GRÍMUR ÓLAFSSON OG INGÓLFUR GISSURARSON MATVÆLAFRÆÐINGAR

## Sætuefni í matvælum





Nokkur umræða hefur verið í þjóðfélaginu að undanförnu um sætuefni og notkun þeirra í matvæli. Sitt sýnist hverjum og sumir hafa áhyggjur af þróuninni og áhrifum þessara efna á heilsu.

En hvað eru sætuefni? Sætuefni er samheiti yfir efni sem gefa sætt bragð og eru notuð, að hluta eða öllu leyti, í stað sykurs í matvælum. Þessi efni eiga það sameiginlegt að vera sæt á bragðið en innihalda mun færri hitaeiningar en sykur. Efnin eru mjög sæt eða á bilinu 30-600 sinnum sætari en sykur. Þau eru búin til í efnaverksmiðjum og eru flest óskyld náttúrulegum sykrum. Þau geta hins vegar verið úr náttúrulegum byggingareiningum. Dæmi um það er aspartam, sem er gert úr tveimur amínósýrum, en amínósýrur eru byggingarefni próteina. Algengustu sætuefnin sem notuð eru í matvælaiðnaði í dag eru aspartam, acesulfam-K, sýklamat, sakkarín og súkralósi.

En hvað með öryggi þessara efna fyrir neytendur? Margir óttast að sætuefni séu óheppileg fyrir líkamann. Sá ótti ætti þó að vera ástæðulaus því fá efni hafa verið rannsökuð eins nákvæmlega og einmitt sætuefni. Engin sætuefni eru notuð í mat án þess að áhrif þeirra á heilsu hafi verið rannsökuð gaumgæfilega. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) metur hvort efnið geti haft óæskileg áhrif á heilsu. Meðal annars er skoðað hvort efnið geti hugsanlega verið eitrað, krabbameinsvaldandi, haft áhrif á fóstur eða erfðaefni. Ef stofnunin telur ekki ástæðu til að óttast neitt af þessu er efnið talið hæft til notkunar í matvæli og leyft í tilteknar vörur og í tilteknu magni. Eftir sem áður er fylgst vel með öllum nýjum upplýsingum sem koma fram um sætuefnin til að vera viss um engin áhætta sé tekin með notkun þeirra.



Notkun sætuefna í unnin matvæli hefur aukist mikið á síðari árum en þau eru mest notuð í drykkjarvörur, sælgæti og nú í auknum mæli í mjólkurvörur ýmiss konar. Umhverfisstofnun hefur metið hversu mikið af sætuefnunum aspartam, asesulfam-K og sýklamati Íslendingar fá úr gosdrykkjum. Niðurstaða stofnunarinnar er að neysla á þessum efnum sé talsvert undir þeim öryggismörkum sem sett hafa verið. Þessar niðurstöður eiga þó einungis við um gosdrykki og ekki er vitað með vissu hver heildarneyslan er. Það þarf því að skoða betur. Umhverfisstofnun mun halda áfram að fylgjast með neyslu á sætuefnum og leitast við að hafa sem skýrasta mynd af neyslu þjóðarinnar á hverjum tíma. Hægt er að lesa meira um sætuefni á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

mni.is

www.icelandexpress.is/afangastadir

# Weinfest, dulúðarfullar magadansmeyjar, Zeppelin-safnið, Sauerkraut, Nefertiti, Brandenborgarhliðið, skíðabrekkur, K'damm, Riesling, 20.000 rósir, Mósel og Rín, tindrandi gimsteinar, reiðhjólabrautir, Oranienburger Straße, Münster dómkirkjan, sítt að aftan, Bach, tifandi gauksklukkur, vatnaskíði, fersk jarðarber...













**13 ÁFANGASTAÐIR**

Það er margt á meginlandi Evrópu sem kemur á skemmtilega á óvart. Hvort sem þú vilt njóta landslags sem fær þig til að bresta í söng, skella þér í stórborgarhasar eða fara ódýrt út, gagngert til að fara eitthvað lengra, þá skaltu drífa þig inn á www.icelandexpress.is og bóka ódýrt flug. Þú finnur nánari upplýsingar um áfangastaðina og sumaráætlun á **icelandexpress.is/afangastadir**

**VERÐ FRÁ:**
**7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

**BÖRN:**
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA




Hér safnarðu aukalega inn á

MasterCard ferðaávísun

Safnaðu inn á ferðaávísun


Ódýrt og gott
599 kr. pk.
Móa kjúklingapíta
31% afsláttur
1190 kr. kg.
Gourmet grísakótilettur léttreyktar
Þín lágvöruverðsverslun
30% afsláttur
Grísasnitzel í raspi
20% afsláttur
558 kr. pk.
Sælkerabuff í raspi
AB mjólk
6 fyrir 4
Doritos
Cool american & Nacho cheese
149 kr./pk.
Mix
Neutral
Neutral þvottaefni, 8 kg
1498 kr./pk.
LAKKRÍS BITAR
Appolo lakkrísbitar 300 g
299 kr./pk.
Krónu súkkulaðikex 500 g
249 kr./pk.
Egils Mix 2 ltr
119 kr./stk.

KRÓNAN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.044 **+0,18%** **Fjöldi viðskipta:** 651 **Velta:** 18.465 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | +1,06% | **Alfesca** | -2,04% |
| **FL Group** | +1,04% | **365** | -1,86% |
| **Landsbankinn** | +0,67% | **Mosaic** | -1,38% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,22 -1,86% ... Actavis 70,30 -0,85% ... Alfesca 4,80 -2,04% ... Atlantic Petroleum 565,00 +0,00% ... Atorka 6,52 +0,00% ... Bakkavör 67,20 +0,30% ... Eimskipafélagið 32,60 -0,61% ... FL Group 29,30 +1,04% ... Glitnir 25,30 +0,00% ... Kaupþing 942,00 +0,21% ... Landsbankinn 30,10 +0,67% ... Marel 73,80 +0,00% ... Mosaic Fashions 14,35 -1,38% ... Straumur-Burðarás 19,10 +1,06% ... Össur 111,00 -0,45%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Stolið af Danske Bank**
Danske Bank skilaði besta uppgjöri í sögu sinni í gær. Þar á bæ treystu menn sér ekki til að færa upp væntingar til þessa árs. Það varð til þess að bréfin féllu í verði þrátt fyrir metuppgjör. Carnegie sem um tíma var að hluta í eigu Íslendinga gerði Danske Bank einnig skráveifu og stálu frá þeim einum þekktasta sérfræðingi greiningardeildar bankans. Sá er ekki einn af Íslandsvinunum í bankanum, heldur helsti sérfræðingur þeirra í fyrirtækjum á borð við Mærsk og fleiri þungavigtarfélög á danska markaðnum. Ekki er lækkunin rakin til þessa starfsmannaþjófnaðar enda þótt hann sé talinn áfall fyrir greiningardeild Danske.



**Einu lofað**
Þeir bræður í Bakkavör kynntu uppgjör sitt í gær og var fátt óvæntra tíðinda. Þar gerðu menn grín að því að fyrirsjáanleg velgengni fyrirtækisins væri að verða nokkuð leiðigjörn. Bakkavör er að vanda á mikilli siglingu og fer að verða klár í frekari vöxt. Þar á bæ gáfu menn út að árið framundan væri spennandi og tækifæri til sameininga á markaðnum í Bretlandi og spennandi vaxtartækifæri á meginlandi Evrópu og í Asíu. Í lok fundar hvatti forstjórinn, Ágúst Guðmundsson, gesti til að mæta á aðalfund félagsins, þar sem hann lofaði skemmtilegum ræðum þeirra bræðra. Óhætt er að binda vonir við það enda þeir bræður þekktir að því að standa við það sem þeir segja.

## MARKAÐSPUNKTAR

Sparisjóður Mýrasýslu jók hagnað sinn verulega í fyrra. Hagnaðurinn nam 1,4 milljörðum en var 615 milljónir árið áður. Sparisjóðurinn hefur verið í örum vexti meðal annars með kaupum á útibúi Glitnis á Siglufirði.

Tæknival hf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta vegna langvarandi rekstrarerfiðleika og erfiðrar skuldastöðu.

Litlar breytingar urðu á úrvalsvísitölunni og gengi krónunnar í gær. Krónan veiktist um 0,26% og úrvalsvísitalan hækkaði um 0,18%.

## Kaupþing fær nýjan verðmiða

Greiningardeild bandaríska bankans Citigroup hefur uppfært verðmat sitt á Kaupþingi banka í kjölfar uppgjörs bankans og verðmetur hann nú á 1.125 krónur hvern hlut í stað 1.000 króna áður. Gengi bréfa bankans stóð í 942 krónum við lokun markaðar í gær.

Citigroup segir uppgjör Kaupþings sterkt og yfir væntingum. Þannig hafi tekjur Kaupþings verið fimmtán prósentum yfir spá greiningardeildarinnar. Áhyggjuefni er þó sagt að rekstrarkostnaður hafi aukist umfram spár.

Bent er á að Kaupþing hafi ötullega unnið að áhættudreifingu. Þá sé lausafjárstaða bankans svo góð að hún standi undir endurfjármögnun lána út þetta ár og tvö næstu. **- óká**

# Fleiri vilja færa hlutafé sitt í evrum

**Þau úrvalsvísitölufélög sem færa bókhald sitt í erlendri mynt skoða öll kosti þess að skrá hlutafé sitt jafnframt í erlendri mynt. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir líklegt að það verði mögulegt um mitt þetta ár.**

Úrvalsvísitölufélögin Össur, Marel, Straumur-Burðarás, Alfesca, Marel, Bakkavör og Actavis hafa öll í skoðun kosti þess að skrá hlutafé sitt í erlendri mynt.

Frágangur á uppgjöri viðskipta í Kauphöll Íslands er það sem staðið hefur í vegi fyrir því að fyrirtæki geti skráð hlutafé sitt í evrum. Uppgjör hefur eingöngu verið gert í íslenskum krónum og Seðlabanki Íslands hefur séð um það. Kauphöllin og Verðbréfaskráning vinna nú að því að gera nauðsynlegar breytingar til að greiða fyrir uppgjöri í evrum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir nokkrar leiðir mögulegar að þeim breytingum sem gera þarf á uppgjörsferlinu. „Það þarf að vera til staðar banki sem getur gert upp í erlendri mynt. Þá þarf að skoða hvort Seðlabanki Íslands vill eða hefur heimild til að gerast uppgjörsbanki í erlendri mynt. Einnig er möguleiki að fara í gegnum verðbréfaskráningu erlendis, til dæmis í Danmörku, þar sem aðgangur er að banka sem getur séð um þetta.“

Ef sú leið verður farin að fá erlendan uppgjörsbanka að málunum gerir Þórður ráð fyrir að skráningin geti verið í annarri mynt en evru. „Við myndum hvetja félögin til að skoða fyrst og fremst evruna eða dollarann.“

Stjórn Actavis mun í næstu viku leggja fyrir hluthafafund að henni verði heimilað að hefja undirbúning þess að hlutafé verði skráð í evrum. Forsvarsmenn Bakkavarar, Straums-Burðaráss segja málið í stöðugri skoðun. Engar ákvarðanir hafi hins vegar verið teknar um að leggja tillögu þess efnis fyrir hluthafafund. Bæði Össur og Alfesca hófu á sínum tíma undirbúning þess að færa hlutafé sitt í annars vegar dollurum og hins vegar evrum. Frá því var fallið vegna þess hve flókið ferlið var. Fullur hugur er enn á því að fylgja þeirri stefnu,

Meirihluti veltu þeirra fyrirtækja sem um ræðir er í erlendri mynt og þau færa öll bókhald sitt í erlendri mynt. Þykir óhagkvæmt að hlutafé sé skráð í íslenskum krónum þar sem það veldur því að heildarverðmæti félaganna sveiflast með krónunni. Þá hefur lítil velta í íslensku kauphöllinni og nauðsyn þess að taka á sig gjaldeyrisáhættu fælt erlenda fjárfesta frá viðskiptum í íslensku kauphöllinni. Umræddar breytingar eru því líklegar til að laða að erlenda fjárfesta.

Þórður telur líklegt að breytingarnar gangi í gegn um mitt þetta ár.

holmfridur@frettabladid.is

www.volkswagen.is




**Ríkulega búin Jetta Comfortline**

· 6 þrepa sjálfskipting · Skriðstillir (Cruise Control) · Armpúði milli framsæta
· Aksturstölva · Langtíma-olíubúnaður · Spólvörn ASR · Krómpakki · Samlitur
· Loftfrískunarbúnaður (Air Condition) · Þokuljós · og margt fleira.

# Umræðan misvísandi um afkomu bankanna

**Velgengni bankanna skilar sér ríkulega til þjóðarbúsins. Umræða um vaxtaáþján er á nokkrum villigötum, að mati framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja.**

Ísland hefur komið vel út úr samanburði við nágrannalöndin hvað varðar ýmsan kostnað í bankakerfinu, svo sem þjónustu- og færslugjöld, segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Hann telur umræðu um vaxtaáþján hér á nokkrum villigötum.

„Mestu máli skiptir að góður árangur þessara fyrirtækja skilar sér beint til þjóðarbúsins,“ segir Guðjón og vísar til úttektar sem Háskólinn í Reykjavík vann undir lok síðasta árs fyrir SFF og sýndi að fjármálageirinn væri kominn fram úr sjávarútvegi í framlagi til þjóðarbúskaparins.



**GUÐJÓN RÚNARSSON** Guðjón er framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, sem áður hétu Samtök banka og verðbréfafyrirtækja.

Guðjón segir engu að síður eðlilegt að fólk velti fyrir sér hversu mikið það sé að greiða í ýmis gjöld, en telur um leið að á því sviði keppi bankarnir. Hann segir óeðlilega kröfu að bankarnir felli niður þjónustugjöld, enda viðskiptabankastarfsemi kjarnastarfsemi þeirra og þeir í samkeppni bæði innanlands og utan. „Gjöldin ákvarðast af kostnaði sem til fellur og hann er töluverður enda dýr tölvukerfi og tækni á bak við þjónustu við viðskiptavini. Síðan er auðvitað hvers og eins að ákvarða verðlagninguna og að hún sé sanngjörn og á samkeppnisforsendum á hverjum tíma.“



Varðandi háa vexti segir Guðjón þá umræðu líka virðast á ákveðnum villigötum. „Stýrivextir Seðlabankans eru með því hæsta sem gerist í heiminum og hreinlega markmið peningamálastefnu Seðlabankans að draga úr neyslu með þessum hætti og sporna gegn verðbólgu. Það er beinlínis verið að reyna að gera lán dýrari til þess að draga úr neyslu í landinu.“ Hann segir hins vegar stærstan hluta lána banka og sparisjóða til einstaklinga vera á verðtryggðum kjörum. „Þetta eru íbúðalánin og á sama tíma bjóðast almenningi innlán á þessum verðtryggðu kjörum. Ef horft er á mismuninn á því tvennu, sem er eðlilegur mælikvarði, sést að munurinn þar á milli er mjög lítill, jafnvel mætti kalla hann ótrúlega lítinn miðað við löndin í kringum okkur.“

Guðjón bendir á að heildarskattgreiðslur viðskiptabankanna þriggja í fyrra, að meðtöldum launaskatti starfsfólks, hafi numið 21 milljarði króna vegna ársins 2005. Þá séu ótalin jaðaráhrif af starfseminni svo sem stórauknar ferðir útlendinga til landsins. „Stærsti bankinn lýsti því yfir í fyrra að hann væri orðinn álíka stór og stærsta ferðaskrifstofa landsins í að flytja hingað fólk í viðskiptaerindum.“

Þannig segir Guðjón ljóst að gott gengi fjármálafyrirtækja skili sér fyrir allan almenning, beint eða óbeint. „Og menn mega gæta sín á að láta það ekki leiða sig beint inn í misvísandi umræðu um þjónustuna sem er til boða. Að sjálfsögðu bítast þessi fyrirtæki um að gera sem best við sína viðskiptavini, enda hver þeirra mjög mikilvægur.“ **olikr@frettabladid.is**



**FRÁ KYNNINGARFUNDINUM** Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir síðasta ár, sem var það tuttugasta í sögu félagsins, hafa einkennst af góðum vexti. Fyrirtækið ætlar að halda áfram að styrkja sig og skoða frekari tækifæri í Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Afkoma Bakkavarar í takt í væntingar

Bakkavör Group skilaði 9,5 milljarða króna hagnaði á síðasta ári. Til samanburðar nam hagnaður fyrirtækisins 4,4 milljörðum króna árið 2005 og nemur aukningin 111 prósentum á milli ára. Hagnaður Bakkavarar á fjórða og síðasta ársfjórðungi nýliðins árs nam 4,6 milljörðum króna. Á sama tíma ári fyrr skilaði félagið 1,5 milljarða króna hagnaði og nemur aukningin 191 prósenti á milli ára.

Afkoman er í takt við spár greiningardeilda viðskiptabankanna.

Í hagnaðartölum Bakkavarar eru 2,4 milljarða króna tryggingabætur sem félagið fékk greiddar á fjórðungnum vegna bruna í einni af verksmiðjum fyrirtækisins í aprílbyrjun í hitteðfyrra.

Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, sagði á kynningarfundi félagsins í gær að þetta tuttugasta ár í starfsemi Bakkavarar hafi verið mjög gott. Vöxtur hefði verið á flestum þáttum og talsvert yfir meðalvexti geirans í heild. Þá hafi Bakkavör greitt skuldir sínar hratt niður á árinu, sem hafi leitt til þess að langtímaskuldir félagsins hækkuðu lítið þrátt fyrir yfirtöku á fjórum fyrirtækjum á árinu, að hans sögn.

Þá benti Ágúst á að fyrirtækið hefði ætíð augun opin fyrir nýjum tækifærum. Það muni leitast við að styrkja stöðu sína frekar á Bretlandsmarkaði og skoða frekari tækifæri í Asíu. Bakkavör rekur nú fjórar verksmiðjur í Kína og selur meðal annars tilbúin matvæli til bresku verslanakeðjunnar Tesco sem opnaði þar sína fyrstu verslun fyrir nokkru. **- jab**




Volkswagen Jetta er rúmgóður, lipur og ríkulega búinn bíll, eins og við er að búast af Volkswagen, og býðst nú á frábæru verði. En til að uppgötva alla kosti Jettunnar er nauðsynlegt að koma, skoða og reynsluaka.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


Bónustilboð í 5. viku 2007
Djöflatertan DÁSAMLEGA
frá Stjána bakara!
–enn fleiri
Verðlækkun!
á ÖLLUM Fusion rakvörum frá Gillette!
Fusion Gillette rakvél
998 KR.
Fusion Power Gillette rakvél
1198 KR.
4 Fusion Gillette rakblöð
1098 KR.
4 Fusion Power Gillette rakblöð
1298 KR.
Gillette Fusion
Gillette Fusion POWER
DJÖFLATERTA
598 KR.
784g
4 bollur
98 KR.
Smyrja 300g
98 KR.
Smyrja
Léttt með smjörbragði
Þorskurinn
Stillahavstorsk
Tyynenmeren-turskafilee
Pacific cod
Alaska pollock
Alaskan seiti
Alaska pollock
Þorskur/ufsi
99 KR.
400g
400g
Vara hættir í sölu!
Ufsinn
500g
199 KR.
Bónuskaffi
BÓNUS
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
fyrir alla
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
EKKERT BRUÐL
600g
198 KR.
Bónussíld
Hvítlauks
Sinneps
Marineruð síld
BÓNUS
250g
198 KR.
Bónusfeti
BÓNUS
Feti
OSTUR OG ÓLÍFUR Í KRYDDOLÍU
Feti
OSTUR Í KRYDDOLÍU
2 lítrar
279 KR.
Allar tegundir
Chiquita
Vitality
ACE
Orange, Carrot, Lemon
BÓNUS

# Bónustilboð!

EKKERT BRUDL

Bónus jógúrtís
Aðeins 3,5% fita
198 kr.
1 lítri

FERSKAR BRINGUR
kílóverð nú:
1599 kr.
Merkt verð 2565 kr.

Ferskar bringur
37,5% afsláttur við kassann

Holta- kjúklingur

Ferskir blandaðir bitar
kílóverð nú:
291 kr.
Merkt verð 530 kr.

Ferskir bitar
45% afsláttur við kassann

## Reykt eða saltað Folaldakjöt frá KF

Reykt/saltað folald
kílóverð nú:
373 kr.
Merkt verð 679 kr.

45% afsláttur við kassann

## Ferskar Ali svínakótelettur

30% afsláttur við kassann

Ferskar svínakótelettur
kílóverð nú:
1101 kr.
Merkt verð 1573 kr.

Bónus býður betur!

## Ferskt ungnauta hakk

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Ferskt ungnautahakk
kílóverð nú:
798 kr.

EKKERT BRUDL

Frosið og snyrt lambalæri á innan við 1000 kr. kílóið ALLA DAGA!

LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
HVERSDAGSVERÐ
998 kg kr.
Verð alla daga

www.bonus.is

ERAN/Landlist

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stóru bankarnir skiluðu metafkomu á síðasta ári:

## Ofurafkoma og vaxtastig

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Sá gífurlegi vöxtur fjármálakerfisins sem orðið hefur hér á landi undanfarin ár hefur komið greinilega í ljós nú síðustu daga þegar ársreikningar stóru bankanna og fjármálafyrirtækjanna hafa litið dagsins ljós. Það sýnir styrk þeirra að aldrei hefur afkoman verið jafngóð og á nýliðnu ári, þrátt fyrir að mjög væri sótt að þeim af erlendum fjármálafyrirtækjum og þá ekki síst Den Danske bank í Kaupmannahöfn. Endurfjármögnun lána bankanna fyrir nýbyrjað ár gekk vel samkvæmt upplýsingum þeirra og gagnrýnin að utan virðist hafa orðið þeim góð lexía í hinum öra vexti.

Þótt afkoman hafi verið góð á síðasta ári eru skuldirnar líka miklar. Bókfærðar eignir bankanna þriggja eru taldar vera 8.500 milljarðar íslenskra króna, og skuldirnar 7.900 milljarðar króna. Þetta eru stjarnfræðilegar tölur fyrir marga. Til samanburðar eru gjöld ríkisins á fjárlögum áætluð um 350 milljarðar í ár, en eignaaukning bankanna nam í fyrra um þrjú þúsund milljörðum króna!

Á sama tíma og ofurafkoma bankanna er kynnt eru vextir hér á landi líklega þeir hæstu meðal siðaðra þjóða – í landi sem kennir sig við lýðræði og að eiga mikinn menningararf. Við erum því sannkallað hávaxtaland, með 14,25 prósenta stýrivexti, enda hafa erlendir fjárfestar komið auga á þá möguleika sem þeir hafa hér til að ávaxta sitt pund, ekki aðeins vegna hás vaxtastigs, heldur líklega ekki síður vegna umhverfis fjármálastofnana og aðstæðna hér á landi.

Allt útlit er fyrir að þetta háa vaxtastig haldi út þetta ár, þótt einhver slaki fari að verða um og upp úr miðju ári. Á móti kemur vonandi að verðbólgan færist niður – öllum til góðs – og þá ekki síst þeim sem skulda mikið.

Þótt stór hluti starfsemi bankanna þriggja sé nú utanlands fer ekki hjá því að hátt vaxtastig hér hlýtur að hafa stuðlað að góðri afkomu bankanna, og þar eru það kannski fyrst og fremst hinn almenni launþegi og lítil og meðalstór fyrirtæki sem þurfa að blæða. Á móti kemur að sparifjáreigendur njóta óneitanlega þessara háu vaxta.

Stóru fyrirtækin, sérstaklega þau sem eru í útflutningi og með starfsemi erlendis, eiga hins vegar kost á því að taka lán erlendis á lágum vöxtum, og reiðir því betur af í hávaxtalandinu en þeim sem verða að treysta á lán og aðra fyrirgreiðslu hérlendis.

Vaxtaokrinu hér verður að fara að linna. Það er algjörlega óskiljanlegt hvernig ungt fólk sem er að koma yfir sig húsi getur staðið undir þeim háu vöxtum sem verið hafa hér á undanförnum mánuðum. Stóru bankarnir sem nú skila metafkomu áttu sinn þátt í þenslunni sem varð hér samfara stóriðjuframkvæmdunum, með því að yfirbjóða húsnæðislánamarkaðinn. Nú er það þeirra, ásamt stjórnvöldum, að hafa sín áhrif á að minnka spennuna í efnahagslífinu, því að öðrum kosti getur svo farið að Ísland verði ekki það land sem menn líta til með tilliti til stöðugleika, uppgangs og velferðar. Ábyrgð peningastofnana er mikil ekki síður en stjórnvalda, ekki síst á kosningaári, þegar oft vill slakna á aðhaldi, bæði fyrir og eftir kosningar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Átakafundur um framtíðina**

Framtíðarlandið heldur félagsfund í dag þar sem meðal annars á að ræða um mögulegt framboð félagsins til Alþingis, hvort sem það verður undir nafni Framtíðarlandsins eða einhverju öðru.

Meðal þeirra sem helst eru nefndir í því samhengi eru Andri Snær Magnason og Ómar Ragnarsson. Í viðtali við þá félaga sem birtist á heimasíðu félagsins segir Andri Snær meðal annars: „Þegar vinir mínir og ættingjar segja við mig „ekki fara í stjórnmálin, ekki gera það“ þá hugsa ég stundum: Er þetta ekki það versta sem getur komið fyrir lýðræðissamfélag? Er þetta ekki dauði lýðræðisins? Eru þetta ekki einmitt skilaboð um að maður eigi að fara í framboð?“ Andri virðist að minnsta kosti vera klár í slaginn.



Ekki er víst að aðrir félagsmenn séu eins tilbúnir, þar sem nokkur fjöldi félagsmanna í Framtíðarlandinu er þegar félagar í stjórnmálaflokki.

**Ekki með**

Jón Baldvin Hannibalsson hefur verið sagður funda reglulega með Ómari upp á síðkastið, en Jón Baldvin fór mikinn í síðasta þætti Silfurs Egils. Meðal þeirra sem hann nefndi sem mögulega frambjóðendur sem hann vildi kalla til, ásamt Andra Snæ, Ómari og Margréti Sverrisdóttur, var Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Stefán kannast reyndar ekki við að vera á leið í pólitíkina og verður að sóla sig í Kísildalnum í Kaliforníu í rannsóknarleyfi þegar alþingiskosningarnar fara fram í maí.



**Burt með endurnýjun**

Jón Baldvin kvartaði undan því að engin endurnýjun hefði orðið hjá Samfylkingu nú fyrir þessar kosningar. Ef hann ákveður að styðja nýtt framboð, sem fengi fulltrúa kjörinn eða kjörna, er alveg eins líklegt að Jóni tækist að auka endurnýjun með því að koma í veg fyrir að fólk eins og Árni Páll Árnason, Guðmundur Steingrímsson eða Guðný Hrund Karlsdóttir kæmist á þing.

svanborg@frettabladid.is

## Velsæmisástæður og evran



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Hagstjórn

Jónas H. Haralz fyrrverandi bankastjóri leggur ævinlega gott til málanna, þegar hann er spurður álits um efnahagsmál. Það var því frískandi og fróðlegt að heyra hann spjalla við Jón Guðna Kristjánsson fréttamann í Speglinum í Ríkisútvarpinu 24. janúar. Þar lýsti Jónas þeirri skoðun, að umræðan undanförnu um upptöku evrunnar á Íslandi væri ekki á réttri braut. Hann sagði, að menn mættu ekki líta á upptöku evrunnar sem lausn á þeim efnahagsvanda, sem við er að glíma og birtist í sveiflum á gengi krónunnar, háum vöxtum, verðbólgu, viðskiptahalla og væntanlegu gengisfalli. Hann benti á, að upptaka evrunnar myndi fela í sér gerbreytingu á umgerð efnahagslífsins og Íslendingar fái í öllu falli ekki leyfi til að taka upp evruna, nema þeir komi hagstjórninni í betra horf. Vandinn, sagði Jónas, er sá, að „hagstjórnin hefur ekki verið eins og hún ætti að hafa verið.“ Hann lýsti sök á hendur Seðlabankanum og ríkisstjórninni og nefndi einnig ábyrgð sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Það er vert að hlusta, þegar einn áhrifamesti sérfræðingur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum um margra áratuga skeið gefur flokknum falleinkunn fyrir hagstjórn og tekur undir sjónarmið okkar, sem höfum haldið fram sömu skoðun utan virkisveggja stjórnmálaflokkanna. Við fögnum liðsaukanum.

Umræðan um evruna hefur vakið tvær lykilspurningar. Önnur spurningin er þessi: Er hægt að taka upp evruna án þess að ganga í Evrópusambandið (ESB)? Svarið er nei. Það gæti að vísu kannski verið hægt að semja um upptöku evrunnar á Íslandi eins og Andorra, Mónakó, Páfagarður og San Marínó hafa gert, en það er ekki raunhæfur kostur. Það væri nýlunda í utanríkisstefnu Íslendinga, ef við kysum að skipa okkur í lið með ófullburða örríkjum eins og þessum fjórum frekar en að taka okkur stöðu í hópi Norðurlandanna og annarra Evrópuríkja eins og við höfum hingað til alltaf gert. Mótrökin eru einnig mikilvæg, en þau eru að minni hyggju léttvægari en rökin með. Ég lýsi báðum sjónarmiðum í ritgerðinni Öndverð sjónarmið, sem mun birtast í ráðstefnuriti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands innan skamms. Við þyrftum í öllu falli samkvæmt reglum ESB að koma verðbólgunni hér heima niður fyrir þrjú prósent á ári, áður en okkur veittist kostur á að taka upp evruna.

*Til þess að geta tekið upp evruna þurfum við að ganga í ESB, enda hníga þung efnahags- og stjórnmálarök að þeirri niðurstöðu, hvað sem evrunni líður.*

Hin spurningin er þessi: Eigum við að bíða þess, að ríkisstjórninni takist að koma hagstjórninni í viðunandi horf, eins og Jónas Haralz heldur fram, og taka þá loksins upp evruþráðinn? Eða eigum við að stefna strax á ESB-aðild og evruna til að knýja á um betri hagstjórn? Ég hallast að síðari leiðinni. Hængurinn á fyrri leiðinni er sá, að ríkisstjórnin hefur engan sýnilegan hug á að koma hagstjórninni í betra horf. Hún hefur haft næg tækifæri til þess, enda hefur hún ráðið hér lögum og lofum frá 1995. Verðbólgan nú, hin næstmesta í allri Evrópu að Tyrklandi einu undan skildu, er eins og hún er vegna þess, að einmitt þannig vill ríkisstjórnin hafa það. Ríkisstjórnin hefur hag af verðbólgu vegna þess, að verðbólga er fylgifiskur kosningavíxlanna, sem stjórnin sendir nú frá sér í allar áttir. Verðbólgan er óhjákvæmileg afleiðing af lausatökum í ríkisfjármálum mörg undangengin ár, ábyrgðarlausri útþenslu íbúðalána í atkvæðakaupaskyni og risavöxnum, ríkistryggðum stóriðjuframkvæmdum án nauðsynlegs aðhalds til mótvægis. Það var því eftir öðru, að ríkisstjórnin skyldi ákveða að þenja ríkisbúskapinn út með því að eyða strax fénu, sem kom í ríkiskassann við sölu Landssímans, í stað þess að leggja féð til hliðar til að kæla hagkerfið. Allt leggst þetta á sömu sveif. Það kemur sér að auki vel fyrir ríkisstjórnina að hafa verðbólguna eins og hún er, því að þá er tómt mál að tala um inngöngu í ESB.

Þess vegna segi ég: Við skulum stefna strax á inngöngu í ESB og upptöku evrunnar, því að þá verður ekki lengur undan því vikizt að koma hagstjórninni í heilbrigt horf. Sumir segja, að við þurfum ekki á ESB-aðild að halda, því að við getum á eigin spýtur gert allt, sem við viljum. Reynslan gefur fótunum undan þessari skoðun. Við þurfum einmitt á ESB-aðild að halda til að brjótast undan ofríki innlendra sérhagsmuna, sem halda matarverði, vöxtum og verðbólgu langt fyrir ofan viðunandi velsæmismörk.

## Stóriðjusovét Sjálfstæðisflokksins

UMRÆÐAN

Orkumál



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Forystumenn stjórnarflokkanna klifa nú á því að engin stóriðjustefna sé rekin af hálfu hins opinbera og ákvarðanir um virkjanir séu teknar í frjálsum viðskiptum milli orkukaupenda og orkufyrirtækja. Þetta er tómur þvættingur. Staðreyndin er sú að Sjálfstæðisflokkurinn stendur vörð um sovéskt efnahagskerfi í stóriðjusölu.

Opinber orkufyrirtæki hafa notið sérréttinda til að reka raforkuver og hitaveitur. Þessara réttinda var upphaflega þörf til að tryggja okkur öllum ljós og hita í hús og orku til innlendrar atvinnustarfsemi. Í krafti þeirra höfðu fyrirtækin möguleika til að taka nauðsynlegar auðlindir eignarnámi og afla fjár til þeirra verkefna með ríkisábyrgð.

Lítum á staðreyndir. Opinber orkufyrirtæki geta krafist eignarnáms á orkulindum sem þau vilja nota við orkuöflun til stóriðju. Ákvæði um eignarnám, sem sett voru til að tryggja öflun á orku til íslensks almennings, eru í dag misnotuð til að fyrirtækin geti sölsað undir sig orkuauðlindir án þess að greiða umráðamönnum þeirra markaðsverð í frjálsum viðskiptum. Þessi fyrirtæki afla sér ekki heldur lánsfjár á markaðskjörum, þar sem þau njóta ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga. Skattgreiðendur niðurgreiða því orkusölu til stóriðju. Þess vegna þarf aldrei að upplýsa um orkuverð, því erlendir lánardrottnar líta svo á þeir séu að lána ríkinu peningana.

Ef Sjálfstæðisflokkurinn meinar eitthvað með sífri sínu um mikilvægi markaðslausna og nýfundinn áhuga á umhverfismálum getur hann gert tvennt í skyndi: Afnumið heimildir orkufyrirtækja til eignarnáms nema þegar um er að ræða virkjanir í þágu almennings og bannað orkufyrirtækjum að afla fjár til raforkuuppbyggingar vegna stóriðju nema með því að stofna um hana sérstök hlutafélög, sem þyrftu þá að afla fjár á markaðskjörum. Og þá myndi lítið þýða að halda orkuverðinu leyndu fyrir erlendum fjárfestum.

Þetta myndi marka fyrstu teiknin um fráhvarf Sjálfstæðisflokksins frá sovéskum stjórnarháttum í efnahags- og atvinnulífi.

*Höfundur er lögfræðingur og skipar 4. sætið á framboðslista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.*

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ
## INNRÉTTINGAR

# SÉR TILBOÐ!



WLU 06A 120x49 sm
Útlit: Hvítt háglans og eik
**Verð stgr. kr. 58.900**
Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur og spegilskápur. Einnig hár skápur þar sem þeir eru sýndir á myndunum.




WLU-150 146x49 sm
Útlit: Eik
Verð stgr. kr. 72.900*




WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900*




WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvítt háglans
Verð stgr. kr. 69.900*




WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900*




WLU–149 116 x 49 cm
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Verð stgr. kr. 59.900*




WLU 125 45x30 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik
Verð stgr. kr. 28.900*




WLU 126 50x40 sm
Útlit: Hvítt háglans / Svart háglans
Verð stgr. kr. 28.900*

* Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur og spegilskápur. Einnig hár skápur þar sem þeir eru sýndir á myndunum.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

**Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**Kjarni málsins**

> Meðalfjöldi grunnskólanemenda í bekkjardeild árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** ARNAR ÞÓR SÆÞÓRSSON

## *Á leið í skiptinám til Japans*

Arnar Þór Sæþórsson, handboltakappi hjá Fylki, lauk BA-prófi frá lögfræðideild Háskólans í Reykjavík síðastliðið vor. Hann skellti sér beint í meistaranámið og er nú á leið til Japans í skiptinám með vorinu.

„Ég er að fara til Fukuoka í skóla sem heitir Kyushu,“ segir Arnar sem leggur af stað út í heim í byrjun apríl og stefnir á að dvelja í Japan út sumarið. „Mig langaði að fara eitthvert út í skiptinám og fannst framandi og spennandi að fara til Japans. Flestir fara til Norðurlandanna eða Evrópu en mig langaði að prófa eitthvað nýtt og víkka sjóndeildarhringinn,“ segir Arnar og bætir því við að Japan sé spennandi markaður og því gagnlegt að kynna sér umhverfið þar.

Kennslan fer fram á ensku svo Arnar hefur ekki setið sveittur yfir japönskulærdómi. „Kúrsarnir sem ég er í eru alþjóðlegir og hluti af L.L.M prógrammi skólans. Ég hugsa samt að ég reyni að læra einhverjar undirstöður í japönskunni en þetta er svo stuttur tími að það er ómögulegt að læra eitthvað af viti,“ segir Arnar sem er þessa dagana í starfsnámi í Landsbankanum. „Ég var í skólanum í haust en svo myndaðist gat núna þessar vikur þangað til ég fer til Japans svo ég ákvað að taka þennan kúrs á meðan. Háskólinn er með starfssamninga við ýmis fyrirtæki og það er bæði gagnlegt og skemmtilegt að fá að kynnast starfsemi þeirra,“ segir Arnar sem stefnir á að klára námið sitt vorið 2008.



**Skólinn**

### Menntaskólinn á Akureyri



Menntaskólinn á Akureyri er ein elsta menntastofnun landsins. Skólinn á rætur að rekja til hins endurreista norðlenska skóla á Möðruvöllum í Hörgárdal sem var stofnaður árið 1880 og var arftaki Hólaskóla sem starfað hafði frá árunum 1106 til 1801.

Árið 1902 brann skólahúsið á Möðruvöllum og var skólinn þá fluttur til Akureyrar. Gamli skóli, elsta bygging Menntaskólans, var reistur á brekkubrúninni árið 1904 en á síðari árum hefur verið byggt við skólann enda fjölgar nemendum jafnt og þétt og eru nú um 650 talsins.

Í dag er Menntaskólinn á Akureyri hefðbundinn bóknámsskóli sem býr nemendur undir háskólanám og þátttöku í þjóðfélaginu. Skólinn heldur í þann gamla sið að útskrifa stúdenta á þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Skólameistari er Jón Már Héðinsson.

**Meistaravörn**

### Litir í íslensku landslagi

Á morgun, föstudaginn 2. febrúar, mun Margrét S. Á. Eymundardóttir halda fyrirlestur um ritgerð sína til meistaraprófs í umhverfisfræðum í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Titill ritgerðarinnar er „Upplifun á litum í íslensku landslagi“. Þar segir Margrét frá rannsókn á upplifun fólks á litum í landslagi og snýr umfjöllunin að huglægum þáttum lita og þeim hughrifum sem þeir vekja.

Umsjónarmaður með verkefninu var Karl Benediktsson, dósent við jarð- og landfræðiskor, og leiðbeinandi ásamt honum Þorvarður Árnason, forstöðumaður Háskólasetursins á Hornafirði. Prófdómari verður Katrín Anna Lund, lektor við jarð- og landfræðiskor. Fyrirlesturinn hefst kl. 16.

**Fræðsluerindi**

### Heilbrigði plantna

Í dag fimmtudag heldur Sigurgeir Ólafsson, plöntusjúkdómafræðingur á Landbúnaðarstofnun, erindi um plöntuheilbrigði. Fyrirlesturinn fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og hefst klukkan 12.



Í erindinu fjallar Sigurgeir almennt um fagsviðið plöntuheilbrigði, sögu þess hér á landi og orsakir plöntusjúkdóma. Rætt verður um innlenda löggjöf, alþjóðlega samvinnu og skuldbindingar Íslands. Einnig verður fjallað um verkaskiptingu milli stofnana hér á landi á þessu sviði.

**Erindi**

### Heimspekilegt samræðusamfélag í skólum

Á morgun, föstudag, flytur Catherine McCall erindi á vegum Heimspekistofnunar í stofu 313 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Erindið nefnist Heimspekilegt samræðusamfélag í skólum: Kenningar og ástundun og verður flutt á ensku.

Í erindinu mun Catherine lýsa heimspekilegum undirstöðum aðferðafræði hins heimspekilega samræðusamfélags (HS), skýra ástundun HS, ræða leiðir og listina við að koma á HS og sýna myndefni með börnum og fullorðnum sem taka þátt í HS.

Dr. Catherine McCall er menntuð í heimspeki og sálfræði frá Trinity-háskóla í Dublin, UWIST Wales og Manchester-háskóla.

Erindið hefst klukkan 16 og er aðgangur ókeypis.

**Námskeið**

### Stefnt á Green Globe vottun

Endurmenntun Háskólans á Hólum ætlar í samvinnu við Ferðaþjónustu bænda að halda svokallað Green Globe námskeið föstudaginn 9. febrúar.

Markmið námskeiðsins er að upplýsa þátttakendur um kosti umhverfisvottunar og undirbúa þá fyrir vinnuferlið sem nauðsynlegt er að fara í gegnum til að fá vottun Green Globe. Einnig að benda á leiðir til að nýta sér Green Globe merkið í daglegum rekstri og markaðssetningu.



Kennarar á námskeiðinu eru Guðrún Bergmann frá Hótel Hellnum og Kjartan Bollason, sérfræðingur frá Háskólanum á Hólum. Námskeiðið fer fram á Kríunesi við Elliðavatn og þátttakendur þurfa að skrá sig hjá Hólaskóla.

# Öflugt þýðingastarf Íslendinga 1874 til 1910

**Íslendingar voru öflugir í þýðingastarfi í tímaritum og blöðum á árunum 1874 til 1910. Þetta kemur fram í MA-ritgerð Svanfríðar Larsen bókmenntafræðings „Af erlendri rót“. Í ritgerðinni er skrá yfir þýðingar tímabilsins, sem sýnir tæplega 4.200 færslur.**



**SVANFRÍÐUR LARSEN** Bókmenntafræðingurinn skrifaði MA-ritgerð þar sem hún gerði skrá yfir þýðingar Íslendinga í blöðum og tímaritum á árunum 1874 og 1910. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

Svanfríður segir að í byrjun tímabilsins hafi Íslendingar mest þýtt úr Norðurlandamálunum en þegar vikuritið Lögberg byrjaði að koma út í Kanada í lok nítjándu aldar hafi þýðingum úr ensku fjölgað mikið. „Það má segja að með þessu hafi orðið kúvending í þýðingastarfi Íslendinga. Eftir þetta varð enskan ráðandi tungumál í þýðingunum á þessum vettvangi.“

Efnið sem var þýtt var fjölbreytilegt, greinar um hitt og þetta, fréttatengt efni og skáldskapur: ljóð, smá- og skáldsögur.

Svanfríður segir það áhugavert hversu mikið var þýtt úr hinum ýmsu málum á tímabilinu. „Hins vegar var mikið um það að Íslendingar þýddu þýðingar, ekki af frummálinu,“ segir Svanfríður og bætir því við að erfitt hafi verið að átta sig á því úr hvaða máli þýðingarnar komu því oft var þess ekki getið; ekki frekar en þýðandans. „175 skáldsögur voru birtar í blöðum á þessum tíma og var þýðandans einungis getið í 25 skipti. Það er eitt af einkennunum á þessu efni,“ segir Svanfríður.

Svanfríður segir að þýðingarnar hafi oft verið hráar. „Þýðendurnir tóku þá fram að þeir hefðu þýtt lauslega; það var algeng umsögn.“

Að mati Svanfríðar var mikill hugur í íslenskum þýðendum á þessum tíma, en hún segir að hana hafi skort skrá yfir bókaþýðingar á tímabilinu til að geta borið sína skrá saman við hana. „Slík skrá er hins vegar ekki til.“

„Það sem ég var að reyna að finna út í ritgerðinni er hvað var þýtt, hvaðan lágu menningarstraumarnir til Íslands á þessum tíma.“

Svanfríður segir að ritgerðin hennar sé grunnrannsókn sem geti nýst þegar þýðingarsaga tímabilsins verður skrifuð því svo mikið af því efni sem var þýtt yfir á íslensku birtist í blöðum og tímaritum. „Athyglisverðast við rannsóknina finnst mér þessi breyting sem varð þegar Íslendingar byrjuðu að þýða úr ensku í auknum mæli, það eru sennilega helstu tíðindin í rannsókninni, en Íslendingar á þessum tíma höfðu líklega ekki eins góðan aðgang að þýðingum sem birtust í blöðunum í Kanada,“ segir Svanfríður.

ingifreyr@frettabladid.is

Námsgagnastofnun og UNICEF á Íslandi gefa út fræðsluefni:

# Börn læra um mannréttindi

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og Námsgagnastofnun hafa í sameiningu gefið út nýtt kennsluefni fyrir efri bekki grunnskóla. Efninu er ætlað að auka þekkingu ungmenna á mannréttindum og draga úr fordómum. „Allir eiga rétt“ er yfirskrift námsefnisins sem vistað er á slóðinni www1.nams.is/unicef.

„Þetta er hugsað fyrir lífsleikni, samfélagsgreinar og þjóðfélagsfræði,“ segir Aldís Yngvadóttir, ritstjóri hjá Námsgagnastofnun. „UNICEF leitaði til okkar með þetta verkefni sem er þýtt og staðfært upp úr stærra efni sem UNICEF hefur gefið út erlendis,“ segir Aldís og bætir því við að efnið falli afar vel að áherslum aðalnámskrár grunnskóla þar sem aukin áhersla er lögð á mannréttindafræðslu.

„Allir eiga rétt“ kemur inn á fjölmarga þætti með það fyrir augum að efla víðsýni nemenda og auka skilning á aðstæðum annarra. Kynjamyndir og jafnrétti, trúarbrögð og ólíkir menningarheimar koma þar við sögu auk þess sem umhverfisvernd er til umræðu. „Fókusinn er á alheimsþorpið og þann menningarlega fjölbreytileika sem við búum við,“ segir Aldís.

Námsefnið er einungis að finna á netinu. Þar er það sett upp í sjö kafla en hverjum kafla fylgja verkefni sem kennarar geta lagt fyrir nemendur. „Þetta er nokkurs konar hlaðborð sem kennarar geta nýtt sér. Þarna er hægt að sækja efni til að tvinna inn í lífsleiknikennslu eða aðrar námsgreinar og það er undir kennurunum komið hvort þeir taka allan pakkann eða velja úr,“ segir Aldís.



**ALDÍS YNGVADÓTTIR** Mikilvægt er að fræða börn um aðstæður annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nú þegar hafa Austurbæjarskóli, Vogaskóli og Grunnskóli Reyðarfjarðar ákveðið að nýta efnið í kennslu. Aldís vonast til þess að fleiri skólar bætist í hópinn en verkefnið verður kynnt öllum grunnskólum á næstu vikum.

- þo

## ALLT HITT

[ TÍSKA HEILSA HEIMILI ]

**Kasmírull,** svart silki og silfraðar flíkur virðast ætla að verða í tísku í vor og sumar, þar sem þetta var áberandi á sýningu hönnuðanna Boudicca og Cathy Pill.



**Hlaupahandbókin** 2007 eftir Gunnar Pál Jóakimsson er nú til sölu í verslun hlaup.is. Bókin inniheldur meðal annars alls kyns fróðleik og dagbók sem hægt er að skrá æfingar í. Nánar á www.hlaup.is

**Eldhústeikni-** og skápahönnunarforrit eru á heimasíðu IKEA, www.ikea.is. Hægt er að raða saman eldhúsi og skápum með forritunum, fara með teikningarnar í IKEA og kaupa hlutina.

## GÓÐAN DAG

**Í dag er fimmtudagurinn 1. febrúar, 32. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.09 | 13.41 | 17.15 |
| Akureyri | 10.06 | 13.26 | 16.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Beta er ekki alveg búin að ákveða í hvaða fötum hún ætlar að koma fram á tónleikunum í kvöld.

# Verður svolítið æst

***Elísabet Eyþórsdóttir heldur tónleika á Domo í kvöld en á eftir að kaupa sér nýjan kjól.***

„Fyrir mér þýðir tíska bara að ég get klætt mig eins og mér sjálfri finnst best. Mér finnst mjög gaman að klæða mig upp eftir mínum smekk en ég held að það sé fyrir hvern og einn að ákveða hvað þeim finnst flott,“ segir Elísabet eða Beta eins og hún er yfirleitt kölluð.

Tíska og tónlist eru náskyld fyrirbæri og oft stjórna popparar straumum og stefnum í tískunni. Skemmtikraftar fara sjaldnast á svið án þess að hafa klætt sig upp og jafnvel pönkararnir voru úthugsaðir í stíl sínum þó það ætti ekki að virka þannig.

„Mér finnst mjög gaman að dressa mig upp fyrir tónleika og hef gaman af því að kaupa mér ný föt áður en ég kem fram, en það getur líka verið stress. Ég get alveg orðið svolítið æst yfir þessu,“ segir Beta og bætir því við að hún myndi aldrei vilja fara sem lumma á svið. „Nema kannski ef það væri eitthvað sérstaklega í tísku hjá mér að vera lumma,“ segir hún og hlær.

Beta heldur tónleika á Domo í kvöld ásamt Berki Hrafni Birgissyni, en síðustu jól gáfu þau út plötuna Þriðja leiðin sem fékk góðar viðtökur.

„Þetta á bara að vera svona kósí kvöld hjá okkur. Tónleikar á fimmtudegi. Ég ætla að syngja lögin af plötunni, Börkur spilar á gítar, Scott McLemore á trommur og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa. Þetta verður örugglega mjög næs.“ Spurð að því hvort hún sé búin að kaupa sér nýjan kjól fyrir tónleikana neitar hún því. „Ég á svo lítinn pening. Ætli ég eigi ekki eftir að hrúga öllu úr fataskápnum á rúmið hjá mér og púsla einhverju saman á tveimur tímum. En við sjáum samt til ...“

*- mhg*


**Opið hús**
**Föstudag og laugardag**



Kynning á ýmsum nýjungum
Gler, leir, smelti og perlur
Tilboð á glerslípivélum
www.glit.is
GLIT ehf.
HEILDVERSLUN









Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is

**Litli mittisjakkinn er kominn á kreik aftur. Sérstaklega úr leðri og gjarnan notaður.**
Veturinn er farinn að hægja á sér og þess vegna alveg kominn tími til að leggja dúnúlpunni. Allavega í bili.






NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja
**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur




MYND 3 Að lokum er maskari borinn á og örlítill kinnalitur. „Kinnalitur er að komast meira og meira í tísku og næsta vor verður hann mjög vinsæll. Kinnaliturinn er borinn beint á og blandaður alveg upp að gagnauga þannig að hann er meira dreifður. Á varirnar var settur varalitur í mildum bleikum lit með örfínu glitri sem gerir það að verkum að hann glansar meira.“
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Mildir skuggar og mjúkir tónar

***Tískan í förðun er breytileg líkt og aðrir tískustraumar.***

„Tískan í förðun er orðin töluvert einfaldari en áður var sem gerir konum kleift að mála sig sjálfar þannig að það komi mjög vel út,“ segir Margrét R. Jónasardóttir, förðunarmeistari og eigandi verslunarinnar Make up store í Kringlunni. Hún bendir líka á að konur ættu að kynna sér strauma og stefnur í förðun á vorin og haustin, líkt og þær skoða árstíðabundna tískustrauma í fatnaði.



„Það er eins með förðunina og fatatískuna, þetta breytist frá árstíð til árstíðar og það koma alltaf nýir litir, nýjar áferðir, áherslur og tækni. Það er allt of algengt að konur gleymi þessum hluta og eiga þannig til að festast í sömu förðuninni ár eftir ár,“ segir Margrét.

„Núna er mikið minna um miklar skyggingar. Þá á ég til dæmis við þegar byrjað er á að bera ljósan lit á augnlokið og svo skuggar settir með áberandi dekkri lit til hliðanna. Nú þykir smartara að bera sama lit af augnskugga yfir allt augnlokið og undir augað, þannig að liturinn fer í raun hringinn í kringum augað og þetta má gera á mismunandi vegu. Til dæmis má setja litinn í mjóa línu kringum augað, yfir allt augnlokið eða alveg upp að augabrúnum,“ segir hún og minnist í þessu samhengi á „bananaskygginguna“ svokölluðu sem var lengi vel vinsæl förðunaraðferð.

„Bananaskyggingin þykir hið versta mál í dag en ég held að það hafi komið til vegna þess að litirnir sem voru í tísku voru sterkir og þeim var lítið blandað saman. Mér finnst þetta hins vegar fallegt þegar það á við. Sérstaklega þegar skyggt er með mildum litum. Þá er augnskugganum rennt fram og til baka með mjúkum, kringlóttum blöndunarbursta. Skyggingin fer frekar hátt upp að augabrún en undir hana má svo setja mattan ljósan lit, því minna er um að setja svokallaðan „highligter“ eða sanseraðan augnskugga beint undir augabrúnina eins og tíðkaðist.“

*- mhg*



MYND 1 Um mynd númer eitt segir Margrét að þar megi sjá mjög einfalda skyggingu sem fegrar augun mjög. „Hægt er að gera þessa skyggingu, til dæmis með drapplituðum lit og bera svo eingöngu maskara á fyrir þær sem mála sig lítið yfir daginn. Fyrir þær sem vilja þá er líka fallegt að setja einnig ljósan lit yfir augnlokið.“



MYND 2 Á mynd tvö er búið að setja mjúkan augnblýant, til dæmis Khol, inn á milli augnháranna bæði uppi og niðri. Margrét leggur áherslu á að það beri að varast að gera blýantslínu undir neðri augnahárin því slíkt komi ekki vel út. Þannig sést línan undir augnhárunum og inn á milli augnháranna og við það verði augnsvipurinn skrítinn. „Það er hægt að gera þessar aðferðir á tvenna vegu. Annaðhvort að byrja að setja augnskuggann á eins og myndirnar sýna og blýantinn ofan á eða setja blýantinn fyrst og augnskuggann á eftir. Útkoman verður öðruvísi og oft er hægt að nota ólíka liti með því að blanda saman mjúkum blýanti og augnskugga og með því má stundum kalla fram nýjan lit.“







**Útsölulok á laugardag!**

Ævintýralegur AUKAafsláttur af gæðavöru,peysur, peysusett, bolir, bútasaumsefni, bútasaumsbækur ofl.ofl...

**Opið 10-17 laugardag**



Diza
Laugavegi 44 S. 561-4000
www.diza.is



# ANDLITSKLÚTAR




| Age Defying | Deep Cleansing | Gentle Exfoliating | Herbal Cleansing |
|---|---|---|---|
| Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar. Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 prívítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar. | Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir. | Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 próvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða. | Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina. B5 próvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir. |



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Herrafatahönnuðir leita hugmynda í kventísku

Eftir hátískuna tóku við herratískusýningarnar fyrir veturinn 2007-8, hér í París. Tískuhönnuðir lofa litríkum vetri og nota sem aldrei fyrr eitt og annað fengið að láni úr kvenfatnaði og virðast vera í hugmyndaleit.

Sýning Jean-Paul Gaultier var ein sú skemmtilegasta en þar var sýnd línan Gaultier2 sem blandar saman kven- og karlatísku. Herrapilsin voru á sínum stað, mikið af sléttflaueli í buxum og jökkum og ryðrauðar buxur af tónleikum Madonnu „Confessions tour“ ganga þar aftur. Einnig rokkarabuxur með slönguskinnsáferð líkt og annað skinn á líkamanum.

Hjá Yohji Yamamoto og Louis Vuitton var mikið um liti þótt stíllinn sé ólíkur. Yamamoto hefur hannað síða frakka í rauðum lit eða svörtum sem og síðar jakkapeysur og við þetta eru notaðar níðþröngar hárauðar eða víðar kvartbuxur. Stíllinn er mitt á milli þess að vera herra- eða dömulegur. Vuitton er heldur á klassískari nótum og engin spurning um kynferði þar. Jakkar, buxur og vesti eru einstaklega vel sniðin en litirnir eru hárauðir og skærgrænir, í bland við hefðbundna svarta, gráa og hvíta liti sem einkenna oft herratískuna á vetrum. Íþróttaskórnir eru skærgulrauðir.

Lanvin heldur áfram með sínum nýja hönnuði herratískunnar, Lucas Ossendrijver, að endurnýja og nútímavæða hið gamla klassíska tískuhús en þetta er þriðja tískulínan sem hann hannar fyrir Lanvin. Þess vegna eru nú víðar buxur með röndum á hliðunum sem minna á joggingbuxur í fataskápnum hjá Lanvinherranum fyrir næsta vetur. Sportlegir skór í svörtu lakki og skyrtur í skærum litum, jafnvel glansandi, sjást sömuleiðis.

Hjá Soniu Rykiel eru herrapeysurnar orðnar síðar og minna óneitanlega á kvenpeysur og rendurnar góðkunnu eru nú jafnt breiðar og svart/hvítar sem mjóar. Prjónaefni sem er eitt af einkennum tískuhúss Soniu Rykiel er nú notað í jakkaföt og frakka. Stíllinn bóhemskur eins og hæfir fyrir tískuhús upprunnið á vinstri bakkanum og sem tengist menningarstraumum St. Germain des Prés.

Það er skammt stórra högga á milli hjá John Galliano sem hannar ekki aðeins kventísku Diors heldur fyrir sitt eigið tískuhús. Í þetta skipti var herralínan helst í líkingu við það sem maður ímyndar sér að sé rétti klæðnaðurinn fyrir sadista- og masókistakvöld, þykkar leðurbuxur og leðurfrakkar, skæruliðalegar lambhúshettur með götum fyrir augu og munn, bolir með abstrakt mynstri. Einhvers konar sambland af „Lost“ og „Apocalypto“ í einum pakka. Tískulína Galliano endurspeglar kannski hversu stefnulaus nútímamaðurinn er og óviss um framtíð sína og jarðarinnar. Hann býr sig út í stríð en veit ekki við hvað eða við hvern.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

## Grannar gínur úti

SPÆNSK HEILBRIGÐISYFIRVÖLD BANNA NOTKUN HORAÐRA GÍNA.

Heilbrigðisráðherra Spánar hefur gert samkomulag við tískuhönnuði og smákaupmenn um að losa sig alfarið við grannholda gluggagínur. Verða horuðu gínurnar teknar úr notkun og aðrar settar í staðinn sem eru holdmeiri og heilbrigðari útlits.

Talið er að spænski ráðherrann hafi ýtt þessari hugmynd úr vör, eftir að samþykkt var sérstök reglugerð sem bannar fyrirsætur undir kjörþyngd á tískusýningum þar í landi. Sú reglugerð var sett í kjölfar þess að ofurgrannar fyrirsætur hnigu niður á tískusýningum á síðasta ári. Voru yfirliðin rakin til þess hversu horaðar stúlkurnar voru. *- rve*



Fyrst voru það horaðar fyrirsætur. Nú horaðar gínur. Hvorutveggja hefur verið úthýst úr spænska tískuiðnaðinum.





Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR









15% afsláttur af öllum vörum 1.- 4. febrúar

Gríptu tækifærið!

Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is



Útsala

SÍÐUSTU DAGAR

ENN MEIRI AFSLÁTTUR !

Guðrún tískuverslun



ÚTSALA

Flottur gallafatnaður

Stærðir 36 - 48

bianca

gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533

Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16



Sólarguð með geisladiska á brjóstinu.



Fatnaðurinn var dökkur og drungalegur.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Darth Wader-hattur með kanínueyru?

# Höfðingleg höfuðföt

***Herralína John Galliano einkennist af drungalegum flíkum.***

Tískuhönnuðurinn John Galliano sýndi herralínu sína fyrir haust og vetur 2007 í París á dögunum. Að venju vakti sýning Galliano mikla athygli, þó helst í þetta sinn fyrir fáránlega stór og mikil höfuðföt. Fötin sjálf voru dökk og drungaleg, jafnvel svolítið ruslaraleg líkt og úr framtíðartrylli úr smiðju Hollywood.
*- sgi*





Þessi minnir að vissu leyti á japanskan samúræja í nýstárlegum búningi.



Þessi framtíðarleg flík er frá Bruno Pieters.

# Aftur til framtíðar

***Framtíðarlegur fatnaður vinsæll í vor.***

Tískulöggurnar eru nú farnar að velta því fyrir sér hvað verði vinsælast í vor og ber flestum saman um að framtíðarlegur klæðnaður eigi eftir að verða nokkuð áberandi.

Nóg þykir að horfa til nýjustu tískulína Bruno Pieters, Givenchy, Chapurin, Stellu McCartney, Gareth Pugh, Hussen Chalayan, Versache og fleiri til að sannfærast um það.

Sumir tískuhönnuðanna þykja vera undir augljósum áhrifum af framtíðarmyndum. Þannig klæddust fyrirsætur á sýningum Givenchy og Balenciaga annaðhvort skikkjum svipuðum þeim og illmennið Svarthöfði klæddist í Stjörnustríðs-myndabálkinum eða leggings sem minnti á gyllta brynju vélmennisins ráðagóða C3PO.

Aðrir hönnuðir gengu ekki jafn langt, heldur gáfu meira í skyn. Kjólar í laginu eins og bókstafurinn A voru áberandi í fatalínum McCartney, Lanvin og Pollini. Stálkeðjur og -fylgihlutir vöktu hins vegar athygli á sýningum André Courréges og Paco Rabanne.

*- rve*



Fyrirsæta frá Balenciaga minnir á C3PO í þessum búningi.



Kjóll frá Hussein Chalayan. Takið eftir höfuðfatinu sem minnir helst á fljúgandi furðuhlut.

# Tískuvikan í New York undirbúin

***Tískuvikan í New York hefst á morgun.***

Verkamenn í New York-borg eru nú í óða önn að setja upp tjöld, hengja upp auglýsingaskilti og gera allt það sem gera þarf til að tískuvikan í borginni megi fara fram á sem bestan hátt.

Tískuvikan hefst á morgun og verður án efa mikið um dýrðir. Fjöldi fatahönnuða og sýningarstúlkna flykkist til borgarinnar sem þykir ein af miðstöðvum tísku í heiminum. Þar verða settar línurnar fyrir næsta haust og vetur.

Risatjöld hafa verið reist á miðri Manhattan-eyju í Bryant Park en þau eiga að hýsa sýningar, fyrirsætur, hönnuði og þúsundir áhorfenda. Þetta er hins vegar í síðasta sinn sem slík tjöld verða reist í Bryant Park.

*- sgi*




Verkamenn nota lyftu til að setja upp skilti við aðalinngang tjalds í Bryant Park sem hýsa mun tískusýningar, fyrirsætur, hönnuði og áhorfendur í tískuvikunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP




LOKADAGAR ÚTSÖLU

SAND WOMAN

Ný vara

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZURICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK

**Púðar geta gert mikið fyrir gamla góða sófann.**
Sófinn getur verið sá sami lengi, en nýir púðar reglulega geta gert stofuna alveg glænýja. Hinir púðarnir geta síðan farið upp í skáp og komið að gagni aftur að ári. Appelsínugult er hressandi í byrjun góu.






Fermingarmyndatökur
Pantið tímanlega
Svart hvítt og lit
Ljósmyndaþjónusta
Hverafold 1-3, Pantanir í síma 517-1166, www.svarthvitt.is




Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silf-urplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

allt matur
Alla föstudaga


# Epli breytist í rós

***Listakonan Matthana Sukvai breytir sápum, grænmeti og ávöxtum í blóm og dýr.***



Matthana Sukvai hefur um fimm ára skeið fengist við gerð gerviblóma, sápu- og leirútskurð. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

Óhætt er að segja að allt leiki í höndunum á listakonunni Matthönu Sukvai, en hún sérhæfir sig meðal annars í gerð útskorinna sápna, nælon-blóma og leirlistaverka.

„Ég lærði þetta allt saman í Taílandi, þaðan sem ég er ættuð, og hef fengist við það í frítímanum," segir Matthana. „Þetta er í raun tómstundaiðja, sem ég hef lagt stund á síðastliðin fimm ár. Hún hefur smám saman undið upp á sig og er nú orðin að aukavinnu."

Að sögn Matthönu fer töluverður tími í að fullgera hvern hlut, enda krefst mikillar nákvæmnisvinnu og þolinmæði að strengja nælon á vír eða skera út í sápur og leir. Að ógleymdri vinnunni sem fer í að gera skraut úr grænmeti og ávöxtum. Matthana leggur áherslu á að allt saman sé þetta handgert, svo segja má að hver hlutur sé einstakur.

Afrakstur erfiðisins eru sannkölluð listaverk í öllum regnbogans litum, ýmsum stærðum og gerðum. Það er með ólíkindum hvað Matthana nær að gera úr sápunum: rósir, liljur, fiska og önnur dýr, og nælon- og leirblómin sum hver svo eðlileg að þau virðast lifandi. Í flestum tilfellum ræður litadýrðin ríkjum, þótt hægt sé að verða sér úti um hluti í ljósum litum og látlausari kantinum. Það fer einfaldlega eftir því hverju maður sækist eftir að sögn Matthönu.

Þeir sem vilja kynna sér betur handverksgerð Matthönu, geta komið við í Mjóddinni þar sem hún hefur munina til sýnis á milli kl. 9.00-18.00 fimmtu- og föstudaga. Einnig er hægt að hafa samband við Matthönu í síma 8498539 eða 5676180. *roald@frettabladid.is*



Sápuútskurðinn krefst mikillar lagni og þolinmæði af hálfu listamannsins.



Matthana býr til ótrúlegustu listaverk úr sápunum.



Stundum er erfitt að sjá muninn á blómum Matthönu og lifandi blómum.



Óhætt er að segja að litadýrðin ráði oft ríkjum.



Leirblómin henni Matthönu gefa sápunum og nælonblómunum ekkert eftir.



Hægt er að verða sér úti um blóm í ljósum litum og látlausari kantinum.




Ábreiður - skinnlíki - ýmis dýramunstur



Áklæði á sófa og stóla



Stóla "kjólar" til leigu



Áklæði á eldhússtóla



Spönsk rúmteppi í úrvali

SÓFALIST · GARÐATORGI · GARÐABÆ · SOFALIST.IS · S. 553 0444



Einn veggur lyftunnar hefur verið fóðraður með munstri frá Marimekko.

# Skrautleg lyftuferð

*Marimekko gerir lyftuferðina heldur betur skemmtilegri með fallegu munstri.*

Flestir kannast við það að vera í lyftu með ókunnugu fólki og hafa ekkert til að horfa á nema gólfið. Marimekko leysti vandamálið í þeim lyftum sem sjá má á meðfylgjandi myndum með því að fóðra einn vegginn með Marimekko-munstri. Ekki bara er efnið fallegt að horfa á heldur tekur það vel á móti manni um leið og maður stígur inn í lyftuna. Ferðin verður óneitanlega skemmtilegri og ekki laust við að þetta veki upp prakkarann í manni sem fer í lyftuna bara sér til gamans, og fer margar ferðir. *- keþ*


Útsala

10-70% afsl.





39.900 kr 13.500 kr Frá 16.900 kr 34.000 kr

Gerið góð kaup, mörg húsgögn undir kostnaðarverði, full búð af nýjum vörum á tilboði.

local
Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A við hlið Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is

allt auglýsingasími 550 5880






Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins







nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Eldhúsinnréttingar • Baðinnréttingar • Þvottahússinnréttingar • Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum





Þitt er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af tækjum!
Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og Snaigé og Westinghouse kæli- og frystiskápa. Við veitum a.m.k. 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu.

Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



# Blómstrar án vatns

GERVIBLÓM Í GARÐINN

Gerviblómin hafa haslað sér völl inni á heimilinu en eru ekki eins algeng sjón úti í garði. Fyrirtækið Owenpooley í London býr til einstaklega falleg blóm sem hægt er að stinga í beðin eða hvar sem er í grasflötina. Fagurlega gerðar rósir eru eitt af því sem fyrirtækið framleiðir og eru þær af öllum stærðum og gerðum og jafnvel hægt að festa á útveggi. Vefsíða Owenpooley er einfaldlega www.owenpooley.com



Eigulegt teppi eftir Guðnýju Svavarsdóttur bókavörð á Höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Prjónað úr afgöngum

ÞÓ MARGLITIR HNYKLAR Í KÖRFU SÉU HIN MESTA PRÝÐI ÞÁ GERA ÞEIR LÍTIÐ GAGN AÐ ÖÐRU LEYTI.

Oft safnast garnafgangar upp á heimilum prjónafólks. Garnið getur hins vegar orðið að listaverkum eða nytjahlutum, jafnvel í einu og sama stykkinu. Það sannast á marglitri og eigulegri værðarvoð sem prjónakonan Guðný Svavarsdóttir, bókavörður á Höfn, bjó sér til úr hinum ýmsu tegundum garns er fallið höfðu til á heimilinu gegnum tíðina. *-gun*



Þau sem einu sinni hafa vanist því að vinna á borðplötum úr náttúrusteini eiga erfitt með að venja sig á annað.

# Steinn í eldhúsið

***Hjá Steinsmiðjunni Rein má fá náttúrustein í mörgum litum en borðplötur úr því efni verða æ vinsælli.***

Steinsmiðjan Rein á Viðarhöfða 1 í Reykjavík heitir eftir heimabæ Jóns Hreggviðssonar úr Íslandsklukkunni. Þar vinna tíu til ellefu manns að jafnaði, sumir hverjir menntaðir steinsmiðir en aðrir vel þjálfaðir í því starfi. Á Íslandi er steinsmíði ekki lengur kennd í skólum og því þurfa áhugasamir að halda til Danmerkur, því jafnvel þótt steinsmíði verði sífellt vinsælli hérlendis er það töluvert nýtilkomið enda lagðist fagið nánast af um tíma.

Hjá Rein fer fram alhliða steinsmiðja en granít-borðplötur eru þeirra langvinsælast söluvara. Hjá Rein má meðal annars fá gólfflísar, hleðslusteina, utan- og innanhússklæðningar, legsteina, sólbekki, garðvörur, arna og hellur. En þar eru líka sérsmíðaðar aðrar vörur eftir pöntunum, til dæmis eldhús og baðvaskar, sturtubotnar og fleira. „Þannig getur fólk valið að hafa alla þessa hluti úr sama efninu heima hjá sér, og það kemur oft mjög fallega út,“ segir Stefán Örn Magnússon, annar eigenda Rein. „Við kaupum steininn frá heildsölum í Evrópu en granítið kemur alls staðar að úr heiminum; Suður-Afríku, Spáni, Noregi, Suður-Ameríku og víðar. Svo erum við líka með blandað efni úr 90% kvarts og 10% límí og ef slíkt efni er valið er hægt að velja margs konar liti, hvítt, svart, rautt, grænt og svo framvegis.“



Náttúrusteinn er fallegur á að líta og yfir honum er viss glæsileiki.



Hressir steinsmiðir. Ragnar Áki Ragnarsson og Stefán Örn Magnússon hjá Steinsmiðjunni Rein.

Spurður að því hvernig kaupin gangi oftast fyrir sig segir Stefán það hentugast að fólk mæti á staðinn og hafi teikningar með sér.

„Svo skoðar fólk það efni sem þeim líst best á. Í kjölfarið gerum við tilboð og ef fólk er sátt við tilboðið þá mætum við á staðinn og tökum nákvæm mál af eldhúsinu. Þegar borðplatan er tilbúin mætum við með hana á staðinn, setjum hana upp og göngum frá öllu, þannig að þetta er í raun þjónusta frá A-Ö ef svo mætti segja.“

Stefán segir að áhugi fólks fyrir því að kaupa borðplötur úr náttúrusteini sé sífellt að aukast enda er hægt að fá náttúrustein á sambærilegu verði og límtrésborðplötur.

„Lengdarmetrinn af graníti kostar frá 18.800 upp í 45.000 krónur. Þannig getur fólk í raun keypt þetta á sambærilegu verði og límtré en svo má líka fara miklu hærra með verðið. Viðskiptavinir okkar virðast kunna mjög vel að meta þetta því við höfum oftar en ekki fengið sama fólkið til okkar tvisvar. Þá þegar það er að stækka eða minnka við sig. Fólk talar um að eftir að það hefur einu sinni prófað þetta sé erfitt að venjast öðru í eldhúsinu, enda er alveg sérstaklega gott að vinna á náttúrusteini,“ segir Stefán og bætir því við að eftir að fór að hægjast á fasteignamarkaðnum hafi margir verktakar kosið að láta setja náttúrustein í eldhús á nýbyggingum. „Þetta gera þeir til að auka gæðin,“ segir Stefán að lokum. *- mhg*


Heimilislán SPK

*- þú færð betri kjör hjá okkur*



Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK

**Sparisjóður Kópavogs** • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is

spk

# Eldhúsið byrjar í tölvunni heima

***Nú er hægt að hanna eldhúsið í tölvunni heima með eldhús-teikniforrit IKEA.***

Með eldhústeikniforritinu er hægt að skipuleggja eldhusið í tölvunni heima áður en maður heldur af stað til að kaupa innréttingur.

Það er hægt að draga til eldhús-einingar og aukahluti fram og til-baka á grunnteikningunni. Skoða þær í þrívídd, athua mismunandi klæðningar og liti og prenta síðan út teikninguna. Tæknilegar kröf-ur: PC tölva með Windows 95, 98, 2000, NT eða ME stýrikerfi, Penti-um class örgjörvi með lágmark 32MB minni (RAM), 15MB af lausu diskplássi á harða disknum, 2MB af Video minni (RAM), 800x600 punkta skjáupplausn, 16 bit litir,

Síðan er hægt að senda teikn-inguna til IKEA til að fá verðáætl-un eða ábendingar í tölvupósti. Allar nánari upplýsingar: www.ikea.is *-rh*



Eldhúshönnunarforrit IKEA gerir kleift að finna uppáhaldsinnréttinguna og litina sem passa áður en haldið er af stað í verslunarferð.



Veggþykkt, breidd og hæð dyraops skipta máli þegar innihurð er valin.

# Innihurð sem hentar

***Á heimasíðu Byko fást ráð um val á hentugri innihurð.***

Vert er að hafa nokkur mikilvæg ráð í huga áður en innihurð er valin, keypt og sett upp.

Í fyrsta lagi þarf maður að hafa alveg á hreinu nákvæma vegg-þykkt og breidd og hæð dyraops-ins.

Maður þarf ekki síður að vita hvort um vinstri eða hægri dyra-opnun ræðir. Staðið er innan við hurðina til að sjá hvorum megin lömin er.

Við val á útliti hurða miðar maður við að nota eingöngu eina viðartegund í húsnæðinu og hafa innréttingar, fataskápa, parket-gólf og hurðir eins.

*(Heimild: www.byko.is)*



## Vínrekki

Ýmsar lausnir eru til þegar kemur að því að geyma léttvínið sitt og finnst mörgum skemmtilegra að hafa það í fallegum vínrekka. Þessi handgerði vínrekki er gerður úr sandsteini og kemur frá Luchansky Art í Arizona. Hver hlutur er einstakur en engir tveir rekkar eru eins.

Skemmtileg hönnun sem myndi sóma sér vel í hvaða stofu sem er.

Vínrekkinn frá Rosenthal er einnig skemmtilegur en hann er hægt festa á vegg í eldhúsi.



Rosenthal-vínrekki sem fæst í Epal.



Fatabúðin
Skólavörðustíg 21, sími 551 4050, 101 Reykjavík

Enn meiri verðlækkun
Gólfflísar frá 1.000 kr fm • Veggflísar frá 300 kr fm
Sturtuklefar t.d. 90x90 25.000 kr
HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c, 220 Hfj, s. 553 4488


www.svefn.is
IQ-CARE HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS






# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

## Tómatar – til nútímans



Eftir að tómatar bárust til Evrópu í byrjun sextándu aldar tók það nokkurn tíma að þeir yrðu daglegur kostur á borðum manna af evrópskum uppruna. Spánverjar höfðu samt flutt tómatana til Spánar fyrir og rétt um 1520 og jesúítaprestarnir kynntu þá þar sem dýrðlega matjurt. Samt fór ræktunin hægt af stað, fólki fannst varhugavert að leggja sér til munns aldin af plöntum sem náskyldar voru eitruðum galdrajurtum og lyfjagrösum sem galdranornir, grasalæknar og töfrakarlar þeirra tíma notuðu í misjafnlega guðlegum tilgangi. Þetta var á tímum Rannsóknarréttarins og stutt í það galdrafár og galdrabrennur sem fóru eins og eldur í sinu um alla Vestur-Evrópu og náðu til Íslands nokkrum áratugum síðar. Þessi eitur- og galdrahræðsla hamlaði líka jákvæðum undirtektum við kartöflurækt framan af.

**Nýr undirtónn í matargerð**

En þó fór það svo að smám saman hjaðnaði óttinn við að bragða á þessum nýja ávexti. Og þegar það spurðist út að engar aukaverkanir fylgdu því, þá leið ekki á löngu þar til að tómatarnir voru komnir á hvers manns borð við gervalla norðurströnd Miðjarðarhafsins. Þeir þrifust vel í loftslaginu og féllu þar inn í matseldina með mikilli ólífuolíu, hvítlauk, grænmeti, kryddjurtum og pasta og gáfu öllu þessu nýjan og ferskan undirtón sem síðan hefur verið einkennandi fyrir matargerð Miðjarðarhafsbúa. Þetta er um miðja sautjándu öld. En Suður-Evrópumenn fengu að halda tómötunum að mestu fyrir sig næstu hundrað árin. Þeir bárust samt til annarra landa álfunnar, en vöktu fyrst og fremst forvitni fyrir skrautgildið og þessa sérkennilegu lögun sem minnti marga á hjarta. Þess vegna voru þeir víða kallaðir „ástarepli“ og álitið var að ósiðlegar kenndir gerðu um of vart við sig hjá hverjum þeim sem gæddi sér á þeim. Um þessar mundir var það nefnilega ein af aðaldyggðunum, a.m.k. meðal betra fólks, að iðka siðprýði og tepruskap meðan aðrir sáu til, þótt flest fengi að viðgangast í skugganum og á laun. Opinbert tómataát var ekkert sem siðprútt og frómt fólk átti að stunda.

**Byltingarávöxtur**

En svo kom franska byltingin og með henni hefst hin eiginlega sigurganga tómatanna inn í hið daglega líf Vestur-Evrópumanna og alla leið til Norður-Ameríku. Rauðir tómatarnir urðu að byltingartákni. Eftir byltinguna urðu tómatar viðurkennt og vinsælt grænmeti hjá Frökkum. Belgar og Hollendingar tóku líka að rækta þá. Og um þetta leyti fara Ameríkumenn að fá áhuga á tómötunum. Þótt tómataræktun hafi verið aðeins byrjuð í Suður-Karólínu og Flórída um miðja átjándu öld, þá er samt það sem sköpum skipti að Thomas Jefferson, hinn þriðji í röðinni af forsetum Bandaríkjanna, hafði verið sendiherra í Frakklandi rétt fyrir byltinguna. Þaðan sendi hann fræ og lét rækta tómata á setri sínu, Montecello í Virginíu. Hann fór frá Frakklandi árið 1789 og slapp við mestu átökin. Jefferson þessi var mikill hugsuður og stjórnmálamaður en ekki síst áhugasamur garðyrkjumaður og hafði hann mikil áhrif á hvað ræktað var í görðum landa hans.

**Norðurlöndin – íslenskir tómatar**

Vitað er að tómatar voru orðnir kunnir í Danmörku og Svíþjóð um 1740. Sænski grasafræðingurinn Linné lýsir þeim og gefur þeim vísindaheitið Solanum lycopersicum fyrir 1759. Í Noregi er fyrst getið um tómata á garðyrkjusýningu 1855. Á Íslandi voru tómatar fyrst ræktaðir í gróðurhúsi að Reykjum í Mosfellssveit sumarið 1913 og farið var að selja hér tómata úr gróðurhúsum strax upp úr 1920. Tómataræktunin jókst með tilkomu Garðyrkjuskóla ríkisins 1939. Eftir það risu garðyrkjustöðvar víða um land þar sem ræktun tómata og annarra hitakræfra grænmetistegunda fór fram í jarðhita-uppvermdum gróðurhúsum. Íslenskir gróðurhúsabændur voru metnaðarfullir og vildu í öllu gera vel, ef ekki betur, en starfsbræður þeirra í nágrannalöndunum. Meðal annars með því að koma sér upp útsæði sem betur hentaði þeim skilyrðum sem birtan hér og þessi mikli og góði hiti bauð upp á. Haukur Baldvinsson í Lindarbrekku í Hveragerði stundaði kynblöndun milli þeirra tómatstofna sem almennt voru í ræktun milli 1940-1950. Það gaf þá raun að hann fékk fram sort sem hann kallaði „Lindarbrekka“. Fræ og plöntur af „Lindarbrekku“ voru reynd og samanborin á vísindalegan hátt hjá dönskum fræfyrirtækjum og fengu staðfestingu á að þau stæðu framar eldri sortum. Baldvin setti fræið á markað haustið 1953 og var það mikið notað við tómataframleiðsluna í íslenskum gróðurhúsum, og ef til vill víðar, næstu árin. Lindarbrekkutómatarnir þóttu gefa jafna og mikla uppskeru. Þeir voru vel lagaðir og lausir við vanskapaða eða „hnýtta“ tómata sem algengir voru á gömlu sortunum. Þar að auki báru klasarnir marga jafnstóra tómata sem þroskuðust samtímis. Og þótt mörgum þyki nú sverfa að hjá íslenskum tómatabændum vegna erlendrar samkeppni, þá er ekki í öll skjól fokið og ólíklegt að íslenskir tómatar hverfi af markaðinum. Neytendur setja fram kröfur um gagn og gæði. Þar hafa íslenskir tómatar vinninginn. Ég útskýri það í næsta pistli.

# Saumað fyrir páska

***Gaman er að skreyta með eigin útsaumsmyndum um páskana. Fallegar smámyndir með römmum fást í versluninni Erlu við Snorrabraut.***

Þrátt fyrir að Íslendingar séu ekki enn orðnir jafn snemma í því að skreyta híbýli sín fyrir páska og jól þá er nú rétti tíminn til að huga að páskaútsaum ef honum á að vera lokið í tæka tíð. Í versluninni Erlu við Snorrabraut fæst meðal annars efni í litlar páskamyndir í pakkningum með garni og stramma. Sumum fylgja gulir útskornir rammar. Myndirnar eru litríkar og munu setja hlýjan og fjörlegan svip á heimilið.

*- gun*



Fátt er meira viðeigandi en páskaungar í körfu. Stærðin er 17,5x17,5 og verðið með rammanum er 840 í Erlu.



Túlípanar og páskaliljur saumað með ullargarni í stramma. Stærðin er 25x30 og verðið 2.410 í Erlu.



Páskaegg til prýði. Stærðin er 9x14 og verðið 585 krónur í Erlu.



Barrtré á Íslandi - handhægur leiðarvísir fyrir ræktendur.

# Fróðleikur um barrtré

***Barrtré á Íslandi er þriðja bókin í ritröðinni Við ræktum sem Sumarhúsið og garðurinn ehf gefur út.***

Barrtré hafa víða vaxið vel hér á landi, fjórar tegundir hafa náð yfir 20 metra hæð og keppa um sæti hæsta trés á landinu. Í bókinni Barrtré á Íslandi er fjallað um allar þær tegundir barrtrjáa sem ræktaðar eru hér á landi en þær eru 34 talsins. Sumar þeirra eru vel þekktar en aðrar lítið reyndar. Fjallað er um uppruna tegundanna, afdrif þeirra á Íslandi, eðli og gerð. Einnig er fjallað um fjölgun, umönnun og þrif og svo líka fuglana sem flögra í trjánum og nærast á afurðum þeirra. Einnig skordýr sem sækja á trén og sjúkdóma sem valda þeim skaða. Allt eru þetta faglegar upplýsingar sem auðvelda lesandanum að átta sig á þeim fjársjóði sem úr er að velja þegar kemur að vali barrtrjáa til að hafa í kringum sig.

Bókina prýðir fjöldi litmynda úr íslenskum skógræktarsvæðum, görðum og náttúru. Flestar þeirra eru teknar af Páli Péturssyni. Höfundar efnis eru fjölmargir en aðalhöfundar eru Þórarinn Benedikz skógfræðingur og Auður Ottesen garðyrkjufræðingur sem er jafnframt ritstjóri bókarinnar.


Orkídeur eru til í mörgum litum.

## Stílhrein og fögur

ORKÍDEUR ERU DULARFULL BLÓM OG HEILLANDI.

Orkídeur eru dæmi um blóm sem eiga alls staðar við. Þær fara sérlega vel á heimilum þar sem stíllinn er einfaldur og látlaus en líka þar sem meira er af skrautmunum því þær passa við allt.

Sumar orkídeur gleðja eigendur sína aðeins í takmarkaðan tíma með blómum, kannski fjórar til sex vikur, en þeir eigendur eru líka til sem tekst að láta þær blómstra aftur og aftur. Þær vilja gjarnan vera í birtu en þó ekki í beinni sól. Þeim líður vel innan við austur-, vestur- eða jafnvel norðurglugga. Gott er að vökva þær á tíu til fjórtán daga fresti og þær kunna vel að meta það að standa um stund í vatni sem nær upp að neðsta blaðinu. Sagt er að léttara sé að drepa orkídeur með of mikilli vökvun en þurrki.

Sé sumarið hlýtt er orkídean ánægð með að vera úti í garði á skuggsælum stað frá miðjum júní fram í ágúst. Eftir það er hún gjöful á blóm. *- gun*

# Reykskynjara í hvert herbergi

***Mikilvægt er að vita hvernig á að bregðast við ef kviknar í á heimilinu.***

Eldur getur komið upp á öllum heimilum og mikilvægt er að vita hvernig á að bregðast við ef það gerist. Ágætt er að fara reglulega yfir það með fjölskyldunni hvaða útgönguleiðir er hægt að nota ef heimilið stendur allt í einu í björtu báli.

Í fjölbýlishúsum og blokkum þar sem ekki eru svalir er nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir svo hægt sé að komast út ef eldur kemur upp og ekki er hægt að nota stigaganginn. Í slíkum tilvikum gæti fjölskyldan þurft að fara út um glugga og gott getur verið að vera með kaðal í íbúðinni sem hægt er að klifra niður ef hún er hátt uppi og jafnvel hafa hann bundinn við ofn eða annað fast eða þungt.

Þegar búið er að fara yfir útgönguleiðirnar með fjölskyldunni er svo nauðsynlegt að athuga hvort reykskynjarar séu ekki örugglega í lagi en þeir ættu helst að vera í öllum herbergjum. Útgönguleiðirnar koma nefnilega ekki að miklu gagni ef kviknar í að næturlagi og enginn í fjölskyldunni vaknar. *- eö*


Reykskynjarar ættu að vera á öllum heimilum og mikilvægt er að þeir séu í lagi.

PARKET & GÓLF
PARKET & GÓLF
ÁRMÚLI 23
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 1888
FAX: 568 1866
WWW.PARKETGOLF.IS
PARKET@PARKETGOLF.IS
ÁRATUGA ÞEKKING, ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Nú er útsalan í fullum gangi í Parket&Gólf.

30-60%

afsláttur af öllum vörum.

Hurðir-veggir-loft-parket

PARKET&GÓLF
svo miklu meira en bara parket......

**Góðir tónleikar eru alltaf jafn frábærir fyrir andann.** Eyrnatappar eru alveg nauðsynlegir þegar leikin er dúndrandi tónlist til þess að koma í veg fyrir heyrnarskaða og suð í eyrum. Tapparnir eru mjög ódýrir og fást í öllum lyfjaverslunum.



# Foreldrar framtíðarinnar

***Foreldranámskeiðið „Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar“ fer fram víða á höfuðborgarsvæðinu. Á námskeiðinu er fjallað um æskileg uppeldisskilyrði en er í senn vettvangur þar sem foreldrar geta deilt reynslu sinni og rætt málin.***

„Hjúkrunarfræðingar fá oft spurningar um uppeldi og óskuðu eftir aðstoð við að svara foreldrum ungra barna,“ segir Guðlaug Ásmundsdóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri hjá Miðstöð heilsuverndar barna.

Námskeiðin hafa verið haldin síðastliðin fjögur ár og hafa um 300 manns þegar nýtt sér þau.

Markhópurinn eru foreldrar ungra barna upp að grunnskólaaldri. „Við fjöllum um hvernig megi skapa æskileg uppeldisskilyrði, fastar venjur, hvernig á að breyta óæskilegri hegðun og leggja grunn að velferð barnsins fyrir framtíðina,“ segir Guðlaug.

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestri og spjalli ásamt reynslu foreldranna. „Foreldrum finnst oft gott að heyra í öðrum í sömu sporum enda er markmiðið að skapa vettvang fyrir umræðu,“ segir Guðlaug.

Foreldrar sem sækja námskeiðin eru á öllum aldri af báðum kynjum og eiga bæði eitt og fleiri börn. „Flestir foreldrar koma saman, en það er líka mikið af einstæðum foreldrum, þar á meðal margir feður,“ segir Guðlaug.

Námskeiðin hafa einnig verið haldin fyrir leikskóla- og grunnskólakennara en nú stendur til að bjóða námskeið fyrir foreldra unglinga.

Miðstöð heilsuverndar barna þróaði námskeiðið en heilsugæslu- og þjónustumiðstöðvar sjá um námskeiðahald.

Áhugasömum foreldrum er bent á að hafa samband við heilsugæslu- og þjónustumiðstöð í sínu hverfi eða við Miðstöð heilsuverndar barna í síma 5851350.

*rh@frettabladid.is*



Guðlaug Ásmundsdóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri, hjá Miðstöð heilsuverndar barna segir foreldranámskeiðin hafa fengið einstaklega góðar móttökur. Nú er stefnan tekin á námskeið fyrir foreldra unglinga þar sem forvarnir eru ofarlega á blaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sigrún Olsen jógakennari og nokkrir nemendur hugleiða í Lótushúsi í Kópavogi. Á veggnum er mynd af stofnanda skólans, Bhrama. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sterk hugleiðslutækni sem allir geta lært

***Við Bakkabraut í Kópavogi er heilagt hús er heitir Lótushús. Þar er hugræktarskóli undir merkjum Bhrama Kumaris. Annar húsráðenda er Sigrún Olsen.***

„Þessi skóli er ættaður frá Indlandi og hann er rekinn af konum í yfir hundrað löndum. Hér á Bakkabraut er eina íslenska útibúið og hefur verið frá 1999. Skólinn er mjög mikið sóttur, við auglýsum aldrei en hér er alltaf fullt,“ segir Sigrún Olsen þegar hún byrjar frásögn sína af setrinu við Bakkabraut sem ýmist gengur undir nafninu Raja Yoga miðstöð, Lótushús eða Bhrama Kumaris. Þangað sækir fólk andlega þekkingu og hugleiðslu. Raja Yoga er í rauninni hið upphaflega jóga, að sögn Sigrúnar. Það byggist ekki á líkamsæfingum heldur er einungis fyrir hugann og í rauninni dýpra en það. „Þetta er mjög sterk hugleiðslutækni og jafnframt mjög einföld þannig að allir geta lært hana,“ segir hún. „Fólk er að kynnast sínu sanna sjálfi. Þá á það auðveldara með að tengja sig hinu æðsta. Það er það sem Raja Yoga þýðir, „eining við hina æðstu sál“.

Sigrún segir nám við skólann rekið af frjálsum framlögum nemendanna. „Menn leggja með sér eins og þeir geta og vilja,“ segir hún og bætir við að sömu nemendurnir séu árum saman í skólanum. „Maður er aldrei útlærður. Það er alltaf hægt að kafa dýpra.“

Skólinn, sem nú heitir Bhrama Kumaris World Spiritual University, var upphaflega stofnaður árið 1936 á Indlandi. Höfuðstöðvarnar í dag eru á Abu-fjalli í Rajasthan. Þar kveðst Sigrún hafa kynnst honum árið 1997, ásamt manni sínum Þóri Barðdal. Nú fara þau þangað árlega ásamt öðrum nemendum og dvelja í tvær til fjórar vikur. Áður ráku þau hjónin heilsubótardaga á Reykhólum í tólf eða þrettán ár. „Þar var mikið hugleitt og snæddur heilsusamlegur matur,“ rifjar Sigrún upp.

Í Lótushús kemur fólk á öllum tímum að sögn Sigrúnar. Sumir koma á hverjum morgni klukkan sex allan ársins hring, stunda hugrækt í staðinn fyrir líkamsrækt. Aðrir koma einu sinni í viku og fá stuðning en hugleiða sjálfir heima þess á milli. Fólk úti á landi er í netsambandi og kemur svo í skólann þegar það er í bænum. „Starf Bhrama Kumaris fer líka fram í fangelsum, á sjúkrahúsum og í skólum,“ lýsir Sigrún. „Í sumar ætlum við að ferðast hringinn í kringum landið í fyrsta sinn. En við höfum þegar farið víða og ætlum í Borgarnes um næstu helgi.“

*gun@frettabladid.is*

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

# Æfingar fyrir einstaklinga í krabbameinsmeðferð

***Líkamsrækt fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein er samstarfsverkefni Ljóssins og Hreyfingar.***

Að mörgu þarf að huga þegar fólk er að byggja sig upp eftir erfiðar lyfjameðferðir. Eitt af því er leikfimi. Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra og hefur aðsetur í safnaðarheimili Neskirkju hinu eldra. Þangað koma um 110 manns í hverjum mánuði til að byggja upp andlegt, líkamlegt og félagslegt þrek. Nú mun Hreyfing bjóða sérstaka leikfimitíma í samstarfi við Ljósið undir leiðsögn Guðrúnar Sigurðardóttur sjúkraþjálfara og er það nýjung í starfseminni. Þar er um tilraunaverkefni að ræða í fjóra mánuði og einstaklingar sem eru í krabbameinsmeðferð eða hafa nýlokið henni geta farið þar í uppbyggjandi og styrkjandi æfingar.

Í Ljósinu er boðið upp á handverkshús, leirlist, jóga, slökun, sjálfstyrkjandi hópa og gönguhópa svo eitthvað sé nefnt. Að sögn Ernu Magnúsdóttur iðjuþjálfa sem veitir Ljósinu forstöðu er líkamsrækt undir stjórn sjúkraþjálfara kærkomin viðbót við þá starfsemi sem fyrir er. „Markhópurinn er það fólk sem á erfitt með að stíga fyrsta skrefið út í almenna líkamsræktarstöð. Því getur fundist gott að byrja í lokuðum hópi,“ segir hún.

Æfingatímarnir verða í húsnæði Ljóssins við Hagatorg tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 11.10 og á fimmtudögum kl. 14 og skráning fer fram í Ljósinu í síma 561-3770.

*- gun*



Erna og Ágústa ætla í samstarf um líkamsrækt fyrir þá sem eru í krabbmeinsmeðferð eða hafa nýlokið henni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Kröftugu Detox tækin komin**







Hjálpar líkamanum að hreinsa eitur og úrgangsefni úr sogæðakerfinu.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst, takmarkað magn.
Uppl. Í símum 892-8861 (Sóley) / 692-9079 (Þóra)




**Nýjar línur**
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með
Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningar ehf.
Öll almenn ræstingaþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.
Sími: 862 6778 og 868 5599

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. S. 848 7367.

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Tek að mér skattskil og bókhald einstaklinga og fyrirtækja. Jón, s. 696 1311.

Bókhald, launavinnsla, vsk uppgjör, ársreikningar, skattframtöl, skattakærur, stofnun fyrirtækja og önnur aðstoð. Viðskiptafræðingur aðstoðar. Bókhald og aðstoð. Gunnar, sími 690 6953.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 868 2310.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

**Búslóðaflutningar**
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

## Húsaviðhald

567 7570 · 892 7444
SÖGUN · BORUN · BROT
BORTÆKNI
FLEYGUN · REYNSLA
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI efh
Bæjarflöt 8, 112, RVK
www.sagtaekni.is
567-4262 & 893-3236

VÉLSLÍPUN EHF
GÓLFLAGNIR
Múrverk
Sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur gólfum.
Anhydrit flagnir, vélslípun, flotun, skrautsteypa, steinteppi, niðurlögn á steypu, sögun, viðgerðir á gömlum gólfum. (demantsslípun).
Vönduð vinna.
S. 891 9193 & 892 5309

Viðhaldsvirkni Ehf
S. 661 0117 & 690 9117
Málarameistarar, múrarar og smiðir, sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspörslun. Steypumúr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppu- viðgerðum sem og margt fleira.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

pípumeistarinn
PÍPULAGNIR & RÁÐGJÖF

**Pípulagnir**
Pípulagningarmeistari getur bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í síma 892 8720.

JIS
Steinsögun & Kjarnaborun JIS ehf
S:659-6343
Við bjóðum uppá :
- Veggsögun
- Gólfsögun
- Raufarsögun
- Malbikssögun

Kjarnaborum fyrir :
- Loftræstingu
- Rafmagnslögnum
- Vatns & hitalögnum
- & fleiru.

Fljótleg og góð þjónusta
Steinsögun & Kjarnaborun JIS ehf.
S:659-6343

**Parket- og flísalagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna, vanir menn. S. 892 9804.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulögnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Umhverfisprýði ehf
Hellulagnir
Vegghleðslur
Varmalagnir
Sólpallar
Grindverk
Túnþökulagnir
Öll almenn jarðvegsvinna
S: 659 0173
umhverfisprydi@yahoo.com

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Skolphreinsun
Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

## Spádómar

908 6116
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir, NLP. Símaspá, einkatímar og. m.fl.
445 5000
FINN TÝNDA MUNI
VISA EURO MASTERS

HANNA S. 555 2927
SÍGAUNASPIL
TAROT
DRAUMAR
FYRIRBÆNIR
ER VIÐ 12-24
VISA / EURO








**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Pítan Skipholti**
Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Einnig kvöld- og helgarvinna í boði. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur.
Umsóknir á www.pitan.is

**Regnboginn Leikskóli**
Vegna fæðingarorlofs er laus 100% staða frá og með 15. febrúar eða 1. mars n.k. Viðkomandi þarf að vera traustur, stundvís og góður í samskiptum. Leikskólinn er staðsettur á Ártúnsholti. Uppl. veitir undirrituð í s. 557 7071 og 899 2056 eftir kl. 14 á daginn. Einnig má óska e. viðtali á regnbogi@regnbogi.is
Leikskólastjóri

**Starfsmaður í eldhús.**
óskum eftir starfsmanni í eldhús, lærðum eða með mikla reynslu.
Upplýsingar í síma 864 6112.

MEST

**Kranaþjónusta MEST ehf.**
Vegna aukina verkefna vantar okkur 2 til 3 laghenta starfsmenn í kranaþjónustu MEST sem sér um viðhald og þjónustu við byggingakrana. Við leitum að góðum mannskap og kostur ef umsækjendur eru með rafvirkja eða vélstjóramenntun. Nánari upplýsingar veitir Árni Már, deildarstjóri þjónustuvers MEST í síma 825 0722. Umsóknum skal skilað á netfangið umsoknir@mest.is eða í pósti stílað á MEST ehf. Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði.

**Kökuhornið**
Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft í verslun okkar að Bæjarlind 1-3.
Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.

**Iðnaðarmenn ehf.**
Vantar smiði, smíðanema, og verkamenn.
Upplýsingar í síma s. 661 5050.

serrano

**Serrano Hringbraut & Kringla: Afgreiðsla - Kvöld og helgarvinna**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á Serrano Hringbraut og í Kringlunni. Um er að ræða hlutastarf á kvöldin og um helgar. Einnig er möguleiki á næturvöktum um helgar. Við erum að leita eftir jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna
Nánari upplýsingar veitir Lena í síma 899 8947 eftir klukkan 2 á daginn.

# ATVINNA



## Viltu gerast umboðsmaður Jacks?

Við leitum að duglegu sölufólki í kvöld og helgarvinnu. Frábært starfsumhverfi fyrir ákveðna, metnaðarfulla og áræðna einstaklinga sem vilja tryggar aukatekjur.

Grunnlaun og árangurstengd sölulaun fyrir harðduglega. Vinnutími frá 17-22. Sendu okkur umsókn á: starf@365.is með upplýsingum um þig. Við munum svara öllum umsóknum.

365



## Verðandi skjólstæðingar þínir?

Grunnlaun og árangurstengd sölulaun fyrir harðduglega. Vinnutími frá 17-22. Sendu okkur umsókn á: starf@365.is með upplýsingum um þig. Við munum svara öllum umsóknum.

Við leitum að duglegu sölufólki í kvöld og helgarvinnu. Frábært starfsumhverfi fyrir ákveðna, metnaðarfulla og áræðna einstaklinga sem vilja tryggar aukatekjur.

365




FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

**American Style**
**á Tryggvagötu (101 Rkv) leitar að liðsmönnum sem vantar góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi í fullu starfi.**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is**

**Stýrimaður óskast**
**Stýrimaður óskast til afleysinga á ísfisktogara.**
**Uppl. í s. 843 4215 & 843 4133.**

**Kokkarnir veisluþjónusta.**
**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.**
**Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlit fyrirtækisins út á við.**
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.**
**Furðufiskar ehf**
**Fiskislóð 81a**
**101 Reykjavík**

**Starfsmaður í útiþjónustu.**
**Óskum eftir að ráða starfsmann í útiþjónustu á Shellstöðina á Suðurströnd. Um vaktavinnu er að ræða.**
**Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000.**
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.**

**Veitingahúsið Nings Suðurkandsbraut**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 23 ára.**
**Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8835 eða á www.nings.is**

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf.**
**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.**

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna aukinna umsvifa. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

**Hvar í veröldinnni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Rafvirkjar óskast. V/ aukinna verkefna óskar Ljósvirki ehf eftir rafvirkjum í almenna rafvirkjavinnu. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar gefnar í s. 595 1500, Ljósvirki Ehf.

Óska eftir barþjónum 25 ára og eldri. Óska einnig eftir aðila sem talar spænsku, ítölsku, ensku, japönsku og rúmensku. Uppl. í s. 697 4623.

**Kaffihús**
Starfsfólk óskast í helgar og framtíðarstörf. Uppl. gefur Saga s. 551 3524.

**Ræsting**
Gæðaræsting ehf. óskar eftir starfsmönnum í ræstingar á svæði 110 eftir kl. 17. Uppl. í s. 891 7515, milli kl. 10 og 17.

**— Framtíðarstarf —**
Óskum eftir járn/blikksmið í fullt starf. Eingöngu vanir menn koma til greina. Uppl. í síma s. 699 7948.

Starfsfólk Óskast í fiskvinnslu. Um er að ræða sérvinnslu, húsnæði á staðnum. Þorbjörn HF Grindarvík. S. 420 4419 & 895 6272.

**Háseta vantar.**
Háseta, vanan netaveiðum, vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað sem fyrst. S. 853 2999 & 893 5522

**Bókhaldskunnátta**
Viltu fá aukapening. Óska eftir manneskju strax. Þarf að kunna á DK bókhaldskerfi. Uppl. í s. 897 0600.

**Vinna + Herbergi**
Leitum að vönduðum einstaklingi til að sinna margbreytilegum verkefnum í anda húshjálpar. Meðmæli nauðsynleg. Auk húsnæðis eru laun samkv. taxta Eflingar. Uppl. í s. 821 2428.

## Atvinna óskast

55 ára karlmaður með meirapróf vantar vinnu, getur byrjað strax. S. 691 4653, Ólafur.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**FAX 533 4041**
**Kjöreign ehf**
**OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**
**Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali**
**Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is**

Frum

## KRINGLAN - HÆÐ. LEIGA - SALA



Öll 8. hæð hússins er til leigu eða sölu. Stærð hæðarinnar er um 490 fm. Leigist eingöngu einum aðila, en hægt er að skipta hæðinni í smærri einingar. Hæðin er í sérlega góðu ástandi og mikið innréttuð. Tvær lyftur. **ÞEKKT HÚS Á FRÁBÆRUM STAÐ. AFHENDING Í FEBRÚAR 2007.**

## LANGHOLTSVEGUR - SALA/LEIGA.



Kjöreign kynnir vel staðsett verslunar- og þjónustuhúsnæði við Langholtsveg. Um er að ræða tvo eignarhluta á jarðhæð/götuhæð. Stærð 205 og 157,5 fm. Alls 362,5 fm. Möguleiki að kaupa báða, eða annan hlutann. Einnig er stærri hlutinn laus til útleigu.

## HJALLAHRAUN - ATVINNUHÚS.



Snyrtilegt húsnæði í mjög góðu ástandi. Mikil lofthæð og háar innkeyrsludyr auk gönguhurðar. Stærð 290 fm. Um 200 fm að grunnfleti og 90 fm traustbyggðu millilofti byggðu úr stálbitum. Gott malbikað útipláss. Húsnæðið er í útleigu.

## FUNAHÖFÐI



Húsnæði sem stendur við Stórhöfðann. Stærð um 1321 fm. Mikil lofthæð, auðvelt að skipta húsnæðinu upp. Nokkrar stórar innkeyrsludyr. Góð aðkoma og stórt bílaplan með varanlegu slitlagi. Byggingaréttur er fyrir hendinni á lóðinni.

## SMIÐSHÖFÐI



Tvær húseignir á sömu lóðinni. Alls 1821 fm. Stór lóð með byggingarmöguleikum. Mjög gott afgirt útisvæði með góðri aðkomu. Hentugt fyrir verktaka, jafnvel með stórar vinnuvélar. Mikil lofthæð í húsunum. Góð staðsetning. Afhending samkomulag.

## BÆJARHRAUN - VERSLUNARHÚS.



Sérlega gott verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð. Húsið er hornhús á góðri lóð með nægum bílastæðum. Góð aðkoma og mikið auglýsingagildi. Tveir eignarhlutar. Strð 670,3 fm. Góðir gluggar, útihurðar og lagerhurð. Miklir möguleikar með nýtingu. Mjög gott ástand.

## LANGHOLTSVEGUR-LAUST STRAX



TIL SÖLU EÐA LEIGU. Gott steinsteypt húsnæði um 470 fm. Fjöldi bílastæða á lóðinni. Stór lóð sem býður upp á mikla byggingarmöguleika. **NÁNARI UPPL. HJÁ SÖLUMÖNNUM KJÖREIGNAR.**

## SÍÐUMÚLI - TIL LEIGU



Bjóðum til leigu þrú skrifstofuhúsnæði við Síðumúla. Um er að ræða 306 fm glæsilegt nýinnréttað húsnæði með mikilli lofthæð, kerfisveggjum og loftum. Einnig 180 fm heila hæð með sérinngangi og 72 fm skrifstofu og þjónusturými. **Nánari uppl. hjá Kjöreign**.

## ÞVERHOLT - TIL LEIGU.



Glæsilegt opið og bjart skrifstofuhúsnæði á 3. hæð í nýlegu og vönduðu lyftuhúsi. Sérlega vel staðsett. Stærð um 198 fm, auk þess fjögur sérmerkt bílastæði. Tvö þeirra í bílastæðahúsi. Húsnæði með góðum gluggum á þrjá vegu. Frábær staðsetning. **LAUST STRAX.**

**Kristinn Valur Wiium**
**Sölumaður, sími: 896 6913**

**Ólafur Guðmundsson**
**Sölustjóri, sími: 896 4090**

## TILKYNNINGAR

1907 2007

*Verkalýðsfélagið Hlíf*

# AFMÆLISFAGNAÐUR

Verkalýðsfélagið Hlíf er 100 ára í byrjun febrúar n.k. Í tilefni þessara merku tímamóta í sögu félagsins er félagsmönnum boðið til afmælisfagnaðar í Íþróttahúsinu við Strandgötu, sunnudaginn 4. febrúar frá kl. 14:30 til 17:00.

Stjórn Hlífar

## AÐALFUNDUR

# Aðalfundur KR - sport hf.

Aðalfundur KR Sports hf. verður haldinn fimmtudaginn 8. febrúar 2007 í Iðusölum, Lækjargötu 2a, og hefst fundurinn kl. 15:30.

Dagskrá:

a) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. starfsár.
b) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár.
c) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á starfárinu.
d) Kosning stjórnar og varastjórnar.
e) Kosning endurskoðenda.
f) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
g) Önnur mál sem löglega eru upp borin.

## ATVINNA

**Mosfellsbær**
**Fræðslu- og menningarsvið**

## Leikskólinn Hulduberg

**Leikskólinn Hulduberg** óskar eftir aðstoðarmatráð til vinnu allan daginn nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.
Eins er í boði starf inn á deild með 5 ára börnum frá kl 12,00-16,30.
Jafnframt er hægt að sækja um í eldhúsi f.h. og inni á deild e.h. Allt eftir samkomulagi.
Hulduberg er sjö deilda leikskóli, þar starfa u.þ.b 40 röskir og skemmtilegir starfsmenn.
Kjör aðstoðarmatráðs og starfsmanna á deild eru samkvæmt kjarasamningi starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Upplýsingar um starfið veita Þuríður Stefánsdóttir leikskólastjóri og Guðrún Viktorsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í símum 5868170 og 8670727.

**RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf.**
**RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA**

## Sölumaður

Sölumaður óskast til að annast sölu á
**FAMI** stálhillum og iðnaðar innréttingum
**NABCO** álrennihurðum og hurðaopnurum
**CIBES** lokuðum pallalyftum
**CAMA** opnum pallalyftun
**IMEM** víralyftum

Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra Bjarni H. Matthíasson, bjarni@ri-verslun.is

*RAFLAGNIR ÍSLANDS*
*TRAUST TÆKNIFYRIRTÆKI Í 17 ÁR*

**www.ri-verslun.is**



# Settu eignina þína í réttar hendur

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

## Hvað gerum við fyrir þig...

- Verðmetum eignina þína fyrir sölu.
- Notum fagljósmyndara sem taka myndir af eigninni.
- Útbúum eignamöppu með upplýsingum um eignina.
- Auglýsum eignina þína með mjög áberandi hætti.
- Höldum opið hús og sýnum eignina sjálf.
- Erum í sambandi við þig og væntanlega kaupendur.





**www.remax.is**
einn öflugasti fasteignavefur landsins

RE/MAX
enginn í heimi selur fleiri fasteignir

FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR*** FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***

# HVUNNDAGURINN

## *Nú horfir maður bara á handboltann*



Ólafur utan við gamla bæinn í Mörtungu. MYND/GUN

„Það er allt í föstum skorðum á þessum tíma í sveitinni en auðvitað eru viðfangsefnin misjöfn eftir árstíðum," segir Ólafur Oddsson, bóndi í Mörtungu á Síðu, þegar hann er beðinn um að lýsa sínum hvunndegi. Hann kveðst vakna um áttaleytið að vetrinum og byrja á kaffinu en fara út um hálfníu að gefa kindunum sem eru heima við. Annað hús er lengra frá bænum og þangað fer hann á dráttarvélinni. „Svo stússa ég dálítið við hrossin," segir hann og af tóninum má ætla að honum þyki það ekki leiðinlegt. Búinn að járna? „Já, það er alltaf eitthvað á járnum. Maður er að snattast á hestunum fram undir jól ef tíðin er þannig. Bara að tína saman fé. Svo fer ég nú að gera ungviðið bandvant og fara á bak en nenni ekki að temja sjálfur svo heitið geti," segir Ólafur og hlær.

Að hádegismat loknum gefur Ólafur ánum aftur á garðann. „Svo er maður einhvern djö … að hringla," segir hann skellihlæjandi en kveðst yfirleitt búinn í útiverkum um fimmleytið. „Þetta er voða rólegur tími. Nú horfir maður bara á handboltann. Það er gaman að hafa tóm til þess," segir hann ánægður. Fyrir utan sjónvarpsáhorf og einn og einn fund kveðst Ólafur verja vetrarkvöldunum í lestur. Bókin sem hann er með núna heitir Undir hamrastáli og er eftir fyrrverandi sóknarprest hans, sr. Sigurjón Einarsson. „Fróðleg og skemmtileg lesning," er einkunn Ólafs bónda.


RÁÐSTEFNA UM SKYNSAMA NOTKUN OG ÖRUGG SAMSKIPTI Á NETINU

SAFT



## ER VERALDARVEFURINN VÖLUNDARHÚS?

SAFT vakningarverkefni um jákvæða og örugga netnotkun barna og unglinga á Netinu og tengdum miðlum, hefur á síðustu árum staðið fyrir viðburðum á Alþjóðlega netöryggisdaginn. Í ár standa Microsoft, SMÁÍS, Samtónn, Síminn og SAFT sameiginlega að ráðstefnu þennan dag.

**Staður:** Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík

**Stund:** Þriðjudagur 6. febrúar kl. 15:00 – 17:25

**DAGSKRÁ RÁÐSTEFNUNNAR:**

**Fundarstjórn:** *Hallgrímur Kristinsson, aðstoðarframkvæmdarstjóri hjá Samtökum Bandarískra kvikmyndaframleiðanda.*

**15:00 Setning ráðstefnunnar** *Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra*

**15:05 Lagaframkvæmd af hálfu ISP aðila** *Eiríkur Tómasson, lagaprófessor*

**15:15 Samfélagsleg ábyrgð fjarskiptafyrirtækja** *Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans*

**15:25 Fighting music piracy** *John Kennedy, framkvæmdarstjóri International Federation of Phonograpich Industry*

**15:50 Kaffi**

**16:10 Understanding Youth and Family: Global Trends Today** *Anna Kirah, mann- og sálfræðingur og yfirrannsóknarhönnuður hjá Microsoft*

**16:55 Samantekt og pallborðsumræður** *María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla; Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Tónlist.is; Gísli Rafn Ólafsson, fulltrúi Microsoft; Brynjar Björn Ingvarsson, nemandi við Flensborgarskóla*

**Umræðum stýrir:** *Hallgrímur Kristinsson*

**17:25 Ráðstefnuslit** *Boðið upp á léttar veitingar*

Heimili og skóli Landssamtök foreldra · Microsoft · Síminn · SMÁÍS · Samtónn



allt auglýsingasími 550 5880


## VISSIR ÞÚ ...

... að hver sem skartar eftirtektarverðu vanga- eða yfirvararskeggi getur skráð sig á heimsmeistaramótið sem haldið er annað hvert ár? Næst verður það haldið í Brighton á Englandi 1. september og mun Handfangaklúbburinn á Bretlandi hafa veg og vanda af því.

... að Dwayne Johnson, betur þekktur sem fjölbragðaglímukappinn The Rock, hefur fengið hæstu launin fyrir frumraun í kvikmyndaleik? Hann fékk 388,3 milljónir króna fyrir leik sinn í bandarísku kvikmyndinni Scorpion King frá árinu 2002.

... að hin rússneska Tatjana Lysenki á met í sleggjukasti kvenna? Hún kastaði sleggju 77,06 m á minningarmóti um Vladimar Kuts sem haldið var í Moskvu, Rússlandi, 15. júlí 2005.

... að hæstu mosku veraldar er að finna á 77. hæð Konungsskýjakljúfsins í Ríad Sádi-Arabíu, sem er í 183 m hæð yfir yfirborði jarðar? Þar er moska Abdullah konungs, en lokið var við gerð hennar 5. júlí 2004.

... að meðlimir hljómsveitarinnar U2 voru með samanlagt mestar tekjur tónlistarmanna árið 2005? Samkvæmt könnun Billboard og Nielsen-fyrirtækisins námu tekjur hljómsveitarinnar 19,2 milljörðum króna.


# TÓNLEIKAR

**laugardaginn 2. febrúar**





*Spennandi kokteill af djassskotnum lögum eftir Burt Bacharach og sjóðheitri sveitatónlist, auk annars góðgætis...*

***Kynnir: Bergsveinn Theodórsson***

# DJASSBAND SUÐURLANDS

*Look of Love, I say a little prayer, Walk On By, Ring of Fire, Me and Bobby McGee, Country Road o.fl.*

**Tónleikarnir hefjast kl. 22:00**

***Aðgangur ókeypis***

rauða húsið restaurant Eyrarbakka

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330



rauða húsið restaurant Eyrarbakka

**Opið alla daga allt árið**

rauða húsið | 483 3330 | Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakka | www.raudahusid.is · raudahusid@raudahusid.is

Menntaáætlun Evrópusambandsins verður kynnt í Borgarleikhúsinu í dag:

# Sameining tveggja áætlana

Starfsmennta- og menntaáætlun Evrópusambandsins (ESB) verður sameinuð formlega á ráðstefnu í Borgarleikhúsinu sem hefst klukkann 13 í dag. „Sókrates, menntaáætlun ESB, og Leonardo, starfsmenntaáætlun ESB, heita núna Menntaáætlun Evrópusambandsins og áætlunin er til sjö ára,“ segir Ragnhildur Zoëga, verkefnastjóri hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Í áætluninni eru Comeniusverkefnið, fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla; Erasmus á háskólastiginu; Leonardo-starfsmenntunin og Gruntvig-fullorðinsfræðslan.

Ragnhildur segir að tilgangur áætlunarinnar sé að opna fyrir samskipti til landa Evrópu. „Þetta svínvirkar á öllum skólastigunum og fólk á öllum aldri hefur gaman af þessu. Meira að segja börn á leikskólaldri en lengi vel hélt fólk að áætlunin næði ekki til þeirra,“ segir Ragna og bætir því við að Erasmus-verkefnið sé í raun þekktast af áætluninni.

Ragna segir að um 9.000 manns hafi tekið þátt í þessari „evrópsku innspýtingu“ frá því að fyrst var byrjað á henni hér á landi. „Fólk lærir hvert af öðru í þessari áætlun. Til dæmis eru nemendur í Árbæjarskóla í samstarfi við skóla í Slóvakíu þar sem nemendurnir fá að nota eina tölvu einu sinni í viku. Svo komu Slóvakarnir í heimsókn í þeirra skóla og þá leið þeim eins og þeir væru komnir í geimstöð,“ segir Ragnhildur og bætir því við að frá og með deginum í dag eigi einnig að setja meiri peninga í verkefnið. - ifv



**RAGNHILDUR ZOËGA** Segir að um 9.000 manns hafi nýtt sér það sem frá deginum í dag kallast Menntaáætlun Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**FURÐULEG TÆKI** Oft hefur hönnunarkeppnin skilað af sér skondnum og skemmtilegum tækjum.

## Sex lið í keppni verkfræðinema

Hin árlega hönnunarkeppni véla- og iðnaðarverkfræðinema við Háskóla Íslands verður haldin á morgun, föstudag.

Sex lið eru skráð til keppni en skráningu lauk í síðustu viku. Eins og fyrr þurfa þátttakendur að smíða tæki sem hannað er til þess að leysa ákveðna þraut. Að þessu sinni er markmiðið að safna saman tennisboltum sem staðsettir eru á mismunandi stöðum í brautinni og skila þeim í kassa.

Keppnin fer fram í Háskólabíói og hefst kl. 13. Öllum er frjálst að mæta og fylgjast með.



**KENNARAHÁSKÓLINN** Rannsóknarhópur í kynjafræðum heldur málþing í Kennaraháskólanum á morgun.

## Málstofa í kynjafræðum

Rannsóknarhópur í kynjafræðum við Kennaraháskóla Íslands gengst fyrir málstofu á morgun, föstudaginn 2. febrúar, undir nafninu Kyngervi – menntun og miðlun. Þar munu fimm meðlimir hópsins flytja erindi og kynna rannsóknir sínar.

„Við erum að byrja að vinna rannsóknir um stöðu kynjanna hér innan Kennaraháskólans og höfum áhuga á að vekja athygli á kynjafræðunum. Ungar konur í skólanum virðast ekki velta stöðu kynjanna mikið fyrir sér enda mýtan um að jafnrétti kynjanna sé náð ansi lífseig,“ segir Þórdís Þórðardóttir, lektor við KHÍ, sem er einn mælenda á málþinginu. „Málþingið er öllum opið og er eins konar samantekt á því sem rannsóknarhópurinn hefur verið að gera,“ segir Þórdís sem sjálf flytur erindi um nám í kynjafræði.

Ásamt Þórdísi taka til máls Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Jónsdóttir, Salvör Gissurardóttir og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir sem flytur athyglisvert erindi um stöðu kennslukonunnar í bókmenntafræðilegu samhengi.

Málþingið hefst kl. 14 í stofu K 205.




# Íslenskt hugvit veldur byltingu

**Myndir sem teknar eru af jörðinni utan úr óravíddum himingeimsins geyma takmarkalausa möguleika vegna þess gífurlega magns upplýsinga sem slík fjarkönnunargögn búa yfir. Tæknin er meira að segja líkleg til að valda byltingu á sviði augnlækninga á næstu árum. Um íslenskt hugvit er að ræða; ávöxt rannsókna við Háskóla Íslands.**

Jón Atli Benediktsson, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands, hefur undanfarin ár helgað sig rannsóknum á úrvinnslu fjarkönnunargagna, eða stafrænna myndgagna sem fengin eru með skynjurum frá flugvélum eða gervitunglum. „Mín vinna byggist meðal annars á því að flokka myndefnið í mismunandi yfirborðsgerðir til að draga fram þær upplýsingar úr myndefninu sem sóst er eftir hverju sinni.“

Fjarkönnunargögn hafa stöðugt orðið umfangsmeiri og flóknari. Á tíunda áratugnum komu fram fjarkönnunarnemar sem safna gögnum samtímis á hundruðum tíðnibanda sem er of mikið gagnamagn til að hægt sé að vinna úr því öllu í einu. „Dæmi um slík gögn eru myndir sem teknar eru samtímis á 224 mismunandi bylgjulengdarböndum á sýnilegu, nær- og miðinnrauðu sviði. Til eru slíkar myndir frá Íslandi sem Bandaríkjamenn tóku á síðasta áratug. Til að geta unnið úr slíkum myndum hefur þurft að þróa nýja tækni til að ráða við gagnamagnið,“ segir Jón Atli.

Fram á síðasta áratug voru ekki margir á Íslandi sem nýttu sér gervitunglamyndir. Ástæðurnar fyrir því voru einkum að myndirnar voru dýrar og eins var upplausn þeirra ekki nægileg til að þær kæmu að notum fyrir margs konar náttúrurannsóknir. Þetta hefur gerbreyst á síðustu árum því að nú eru fáanlegar myndir með mikilli upplausn á mun viðráðanlegra verði. Þess má geta að nú er til skýjalaus myndaþekja af öllu landinu með góðri upplausn sem notuð er við margs konar rannsóknir og kortlagningu hjá fjölmörgum innlendum stofnunum.

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

## Miklir notkunarmöguleikar

Notkun fjarkönnunargagna hérlendis er því nú þegar, og verður enn frekar í framtíðinni, geysilega mikilvæg við umhverfiseftirlit og margvíslegar rannsóknir. Fjarkönnun er nú notuð á Íslandi til að mæla gróðureyðingu, gróðurþekju og ástand gróðurs. Þá er hún einnig notuð við eftirlit með átumagni og mengun, mælingu á hitastigi í sjó og kortlagningu á hitabreytingum jarðhitasvæða og virkra eldfjalla auk eftirlits með hafís og jöklabreytingum.

Fjarkönnun gagnast einnig yfirvöldum við ýmiskonar löggæslueftirlit. Til dæmis hafa mörg ríki og umhverfisstofnanir sívaxandi áhyggjur af olíumengun í sjó. Talið er að hana megi oft rekja til ólöglegrar losunar á olíu í hafið. Að mati Kanadastjórnar má rekja 80 prósent af olíumengun við strönd Nýfundnalands til slíkra brota. „Fjarkönnunartækni getur hentað einkar vel til að uppræta slíka iðju í framtíðinni,“ segir Jón Atli. „Að vissum skilyrðum uppfylltum er hægt að fylgjast með einstökum skipum og nota fjarkönnunartækni til að sanna að viðkomandi skip hafi losað sig við úrgangsefni, og hægt verður að nota slík gögn til að sækja viðkomandi til saka. Einnig má nefna að til þess að koma í veg fyrir svindl í styrkjakerfi landbúnaðarins notar Evrópusambandið fjarkönnun með gervitunglum til þess að fylgjast með því hvað evrópskir bændur rækta á jörðum sínum. Fyrir okkur Íslendinga er fjarkönnun mjög mikilvæg því við erum fámenn þjóð í stóru landi sem er aðeins byggt að litlum hluta. Við getum notað fjarkönnun til að fylgjast með auðlindum okkar og ýmiskonar umhverfisbreytingum. Notagildi þessarar tækni er því mikið.“

## Að „gúgla“ Ísland

Fjarkönnunarmyndir hafa einnig verið settar saman og notaðar til að gefa yfirsýn yfir landslag og staðhætti. Fyrir nokkrum árum gáfu til dæmis Landmælingar Íslands út geisladiskinn „Á flugi yfir Ísland“. Diskurinn gerir notendum kleift að skoða Ísland úr lofti að vild með þrívíddarlíkani og fjarkönnunar- og kortaupplýsingum. Þetta er ekki ósvipað þeirri þjónustu sem vefsíðan Google Earth veitir nú með gervitunglamyndum og jafnvel loftmyndum, en hún er orðin mjög vinsæl til að skoða staðhætti nánast hvar sem er í heiminum. „Ég sé fyrir mér að í framtíðinni verði hægt að nota flóknari gögn, eins og við erum að vinna með núna, svo almenningur getir dregið fram mun fjölbreyttari upplýsingar en nú er hægt með Google Earth. Í því felast miklir möguleikar fyrir alls konar landnýtingu og skipulagsvinnu, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Jón Atli.



**DR. JÓN ATLI BENEDIKTSSON,** prófessor við rafmagns- og tölvuverkfræðiskor verkfræðideildar Háskóla Íslands.

## Fjarkönnun í augnlækningum

Sú tækni sem Jón Atli og samstarfsmenn hans eru að þróa hefur margvísleg hliðaráhrif. Mynsturgreiningin sem hún byggir á nýtist á ýmsum sviðum verkfræðinnar, svo sem í fjarskiptatækni og einnig má nýta hana til að spá fyrir um þróun fjármálamarkaða. Þá eru möguleikarnir gríðarlegir ef horft er til rannsókna í lífverkfræði. Jón Atli hefur ásamt Einari Stefánssyni, yfirlækni og prófessor í augnlæknisfræði við HÍ, og fleiri samstarfsaðilum innan skólans og utan, unnið að þróun greiningartækis sem mælir súrefnismettun í augnbotnum. Tækinu er ætlað að auðvelda greiningu á ýmiskonar sjúkdómum sem valda blindu, svo sem gláku, sykursýki og hrörnun í augnbotnum, en vísbendingar eru um tengsl þessara sjúkdóma og súrefnismettunar í æðum. „Þegar horft er á mynd af auga og loftmynd af landsvæði, þá er ekki svo mikill munur. Æðarnar í auganu eru að mörgu leyti sambærilegar við vegi eða ár. Öðrum atriðum í myndinni af auganu mætti líkja við annars konar yfirborðsgerðir, en greining gervitunglamynda felst meðal annars í því að greina mun á ólíkum landgerðum. Það sem við gerum í þessu tilviki er að reikna út súrefnismettun í augnbotninum með svipuðum aðferðum og notaðar eru í fjarkönnunartækni. Hér hefur samvinna á milli ólíkra rannsóknarsviða leitt til nýsköpunar.“

Vonir standa til að flestallir augnlæknar muni nýta þessa nýju tækni í framtíðinni. Sprotafyrirtækið Oxymap ehf., í eigu Jóns Atla, Einars og fleiri, hefur lokið við hönnun tækisins og mun á næstu vikum senda erlendum samstarfsaðilum eintök til prófunar. Ef vel tekst til má ætla að framleiðsla tækisins verði ábatasöm og lyftistöng fyrir íslenskan þekkingariðnað. Þetta samstarf sýnir að miklir möguleikar felast í rannsókna- og vísindastarfi hér á landi sem geti þegar fram í sækir skilað þjóðarbúinu verulegum arði eftir því sem þekkingarfyrirtækjum fjölgar.

svavar@frettabladid.is

## VÍSINDAMAÐURINN

Jón Atli Benediktsson lauk doktorsprófi frá School of Electrical Engineering, Purdue University, West Lafayette í Indiana 1990. Rannsóknasvið Jóns Atla eru fjarkönnun, greining lífeðlisfræðilegra merkja, mynsturgreining, gagnabræðsla, myndvinnsla og merkjafræði. Hann hefur í rannsóknum sínum á undanförnum árum fengist við stafræna myndvinnslu, einkum úrvinnslu fjarkönnunarmynda frá gervitunglum og flugvélum ásamt greiningu heilbrigðisgagna. Hann er einn eigenda sprotafyrirtækisins Oxymap ehf. sem vinnur að þróun tækjabúnaðar til greiningar á augnlæknisfræðilegum myndum.

Jón Atli er heimsþekktur fyrirlesari um myndvinnslu og mynsturgreiningu fjarkönnunarmynda og er ritstjóri alþjóðlega fræðiritsins IEEE Transactions on Geoscience and Remote Sensing. Hann er eini Íslendingurinn sem hefur verið kosinn IEEE Fellow, en í því felst helsta faglega viðurkenningin sem rafmagnsverkfræðingar geta hlotið.

Jón Atli var nýlega ráðinn aðstoðarmaður rektors og þróunarstjóri Háskóla Íslands. Hann sinnir m.a. þróun og nýsköpun í takt við nýja stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 ásamt samskiptum við íslenskt atvinnulíf og erlenda samstarfsaðila. Jón Atli hlaut nýlega viðurkenningu Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir lofsvert framlag til verkfræðirannsókna árið 2005.




**HEKLUHRAUN UTAN ÚR GEIMNUM** Ekki er hægt að sjá muninn á einstökum hraunsvæðum með berum augum þegar gengið er um svæðið. Þessi mynd sýnir að hægt er að safna gögnum með fjarkönnun og fá upplýsingar til að búa til skýringarmyndir og kort sem ekki væri annars hægt af sömu nákvæmni.

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ – Vel lesið

*Gallup maí 2006


Síðasti dagur
3. febrúar
ÚTSÖLULOK
Takmarkað magn
allt á að seljast
Gildir meðan birgðir endast
3+2 sæta
kr. 69.000
10000
TÍU ÞÚSUND KRÓNUR
PENINGABANKI ÍSLANDS
20-70%
afsláttur
Sófasett
Heilsudýnur
King dýnur frá kr. 50.000
Útlitsgallaðir rafmagnsbotnar
Náttborð
Höfuðgaflar
Kommóður
Smávara og gjafavara
Uppseldur
Má prútta
Inngangur
Kletthals 13
HÚSGÖGNIN
HEIM
AKUREYRI
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

STÓRLEIKARINN CLARK GABLE (1901-1960) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

*„Það eru sérstök hlunnindi að líka vel við stúlkuna sem maður er ástfanginn af.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. FEBRÚAR

## *Konungur og krónprins myrtir*

Á þessum degi árið 1908 voru Carlos I Portúgalskonungur og elsti sonur hans, Luis Filipe, skotnir til bana þar sem sátu í opnum hestvagni á götu í Lissabon.

Carlos I tók við völdum þegar faðir hans lést árið 1889. Þrátt fyrir að Carlos þætti góður stjórnandi ríkti pólitískur óstöðugleiki í valdatíð hans; ríkið var hnignandi nýlenduveldi og átti í fjárhagskröggum. Árið 1906 leiddi efnahagskreppa til þess að uppreisn braust út. Í kjölfarið gerði Carlos formann Íhaldsflokksins, Joao Franco, einráðan. Hann fullyrti að einvalda ríkisstjórn væri nauðsynleg til að binda endi á spillingu og óskilvirkni innan þingsins. Þegnar hans álitu þetta hins vegar svik við þjóðina og töldu mestu spillinguna eiga upptök við hirðina.



Mikil óánægja ríkti með einveldisstjórnina og árið 1908 braust út enn ein uppreisnin þar sem kóngurinn og erfðaprinsinn voru ráðnir af dögum. Næstelsti sonur Carlosar, Manúel, tók við völdum af föður sínum og varð Manúel II. Hann flúði til Englands ásamt konungsfjölskyldunni í uppreisn árið 1910. Sama ár var rithöfundurinn Teofilo Braga kjörinn fyrsti forseti lýðveldisins Portúgals.

### MERKISATBURÐIR

- **1587** Elísabet I Englandsdrottning skrifar undir skipun um aftöku Maríu Skotadrottningar.
- **1924** Bretland viðurkennir kommúnistastjórn Sovétríkjanna.
- **1930** Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík tók gildi og var litið breytt í rúma hálfa öld.
- **1935** Áfengisbann sem staðið hafði frá 1. janúar 1915 var afnumið.
- **1973** Alþingi samþykkti lög um stofnun Viðlagasjóðs til að bæta tjón vegna Vestmannaeyjagossins.
- **1991** F.W. de Klerk, forseti Suður-Afríku, tilkynnir að öll lög sem studdi að aðskilnaðarstefnu verði aflögð.



†

*Ástkær dóttir okkar, litla systir og barnabarn,*

**Katla Rún Jónsdóttir,**

lést á Barnaspítala Hringsins mánudaginn 29. janúar. Útför hennar fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 3. febrúar kl. 14.00.

**Jón Ölver Kristjánsson** — **Guðrún Birna Hagalínsdóttir**
**Kristján Hagalín Jónsson**
**Kristján Jónsson** — **Margrét Rósa Jónsdóttir**
**Guðm. Hagalín Guðmundsson** — **Kristjana Arnardóttir**

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.



†

*Okkar ástkæra*

**Guðrún Valgerður Haraldsdóttir**

frá Súðavík, Hátúni 10,

lést á líknardeild Landspítalans hinn 18. janúar. Jarðsett var í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd barnabarna og annarra vandamanna,

**Guðrún K. Þorsteinsdóttir**
**Elínborg J. Þorsteinsdóttir.**



†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Katrín Sívertsen**

Hraunteigi 28, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans Landakoti 27. janúar, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju, föstudaginn 2. febrúar kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Hildur Deakin** — **Bill Deakin**
**Björg Jakobsdóttir**
**Jón Örn Jakobsson** — **Erna Eiríksdóttir**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson — Hermann Jónasson — Geir Harðarson — Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

VILHJÁLMUR HJÁLMARSSON: FERTUGUR Í DAG

# Eins og kálfur að vori

Vilhjálmur Hjálmarsson leikari og tölvubóndi með meira er fertugur í dag – öllum að óvörum. Hann kveðst sjálfur ekki hafa átt von á þessum fjórða tug svo fljótt og segir skrýtið hvað allir aðrir eldist.

„Ég hef dauðkviðið þessum tímamótum en mér líður ágætlega,“ segir hann þaulæfðri röddu en ýmsir ættu að kannast við kauða enda heyrist oft í honum þó hann sjáist sjaldnar. Vilhjálmur er menntaður leikari en segist fást við flest annað. Á nýliðnu ári leikstýrði hann til dæmis tveimur sýningum, annarri hjá Halaleikhópnum og hinni með gröllurunum á Grand Rokki sem settu upp Jólaperu, helgileik um Jósef frá Nasaret. Það er fjölskrúðugur hópur sem áður hafði sett upp verk, eða aðra Peru, við frábærar undirtektir, þar sem fastagestir staðarins léku fastagesti staðarins með tilheyrandi útúrdúrum. „Mér var svindlað inn í þann félagsskap síðasta vor og síðan þá get ég ekki skorast undan þátttöku enda er þetta gífurlega metnaðarfullur hópur og frjór,“ segir hann.



**VILHJÁLMUR HJÁLMARSSON** Fjölhæfur tölvubóndi, leikari og leikstjóri fagnar fertugsafmæli.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Vilhjálmur er ættaður austan af fjörðum og leggur nú hönd á plóginn við uppbyggingu leikhúslífsins þar. Hann kveðst „fjórða hjólið á þriggja hjóla vagni“ innan vébanda nýstofnaðs atvinnuleikhúss Austfirðinga, Frú Normu. Það hugsjónafólk stefnir að því að sýna þar tvær leiksýningar á þessu ári og hefur uppi metnaðarfullar áætlanir þegar kemur að framtíð menningarlífsins í fjórðungnum. „Það hefur lengi fiskast vel fyrir norðan,“ segir Vilhjálmur spekingslega, „þó vannærðir listasjóðir og menntamálaráðuneyti geti ekki gert mikið fyrir okkur munum við sækja samt.“

Vilhjálmur fagnar afmæli sínu á efri hæð á ónefndnum veitingastað við Smiðjustíg næstkomandi laugardag og hyggst þar vera með „bullandi 80‘s þema“ með viðeigandi nostalgíu þar sem gestir eru hvattir til að mæta með góðar sögur og svitabönd í farteskinu. Hann segist ekki vera mikill afmælisdrengur en kveðst þó ávallt halda upp á bindindisdaginn með sínum hætti – jafnvel þótt það sé búið að afnema hann í almanakinu.

„Ef ég væri normal væri ekkert gaman að lífinu,“ segir hann íbygginn að lokum. „Mér hefur lærst að leyfa mér að vera svolítið úti um allt. Það er ákveðinn þroski í því að takmarka sig við að gera það sem maður gerir best en koma sér ekki í aðstæður þar sem maður er settur á bás – ég er engin belja, ég er eins og kálfur að vori.“

**kristrun@frettabladid.is**

## AFMÆLI



**Helgi Skúli Kjartansson** sagnfræðingur er 58 ára.



**Guðrún Ebba Ólafsdóttir,** fyrrum borgarfulltrúi, er 51 árs.



**Berghildur Erla Bernharðsdóttir,** útvarpskona er 39 ára.



**Curver Thoroddsen,** myndlistar- og tónlistarmaður, er 31 árs.

**Dríta Hjartardóttir** alþingismaður er 57 ára.



**Alda Arnardóttir** leikkona er 47 ára.



**Katrín Jakobsdóttir,** varaformaður VG, er 31 árs.



**Lára Björg Björnsdóttir** blaðamaður er 30 ára.





†

*Okkar hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar og ömmu,*

**Kolbrúnar Agnarsdóttur,**

Vatnsholti 9b, Keflavík.

**Anna Kristjana Egilsdóttir, Kolbrún Júlía Guðfinnsdóttir Newman og aðrir aðstandendur.**



†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Guðrún Daníelsdóttir (Minný)** Tryggvagötu 24, Selfossi,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju 3. febrúar kl. 13.30.

**Fyrir hönd annarra vina og vandamanna,**
**Tómas Jónsson.**

# MAX

VALDAR VÖRUR
**15-90%**
AFSLÁTTUR

ÖRFÁ VERÐ DÆMI

# DÚNDUR DAGAR



DÚNDUR verð
**194.999 kr.**
Fullt verð ~~229.999~~
37 tommur

**Philips 37PF7331**
- 37" HD Ready LCD breiðtjald
- Pixel Plus myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Noise Reduction
- Progressive Scan
- 2 x 30w Nicam Stereó stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi




DÚNDUR verð
**269.999 kr.**
Fullt verð ~~329.999~~
42 tommur

**Philips 42PF7621D**
- 42" LCD HD breiðtjald
- Pixel Pixel Plus 2 myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital DVB-T móttakari
- Progressive Scan og Digital Natural Motion
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

## Nýjir diskar



Norah Jones - CD




**1.699 kr.**
Fullt verð ~~2.299~~
Laddi - CD



DÚNDUR verð
**19.999 kr.**
Fullt verð ~~28.999~~

**SONY DSCW50**
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta upplausn
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical og 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt

DÚNDUR verð
**39.999 kr.**
Fullt verð ~~52.788~~



**Panasonic DMREH55 UPPTÖKUTÆKI**
- DVD upptökutæki
- Með 160GB hörðum disk
- Allt að 284 tíma upptaka á harðan disk
- Auðvelt að tengja tökuvél við spilarann
- Rauf fyrir SD kort




DVD MYNDIR

DÚNDUR verð **1.949 kr.**
Fullt verð ~~2.299~~

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Einfalt mál




Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.




Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga

Fiton/SÍA F019902

# STUÐ MILLI STRÍÐA: Fótboltaleikir framtíðarinnar

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** HLAKKAR TIL AÐ FYLGJAST MEÐ DUFÞAKI OG VINUM



Ég er ekki í neinni stöðu til þess að röfla yfir framúrstefnulegum nafngiftum ungbarna. Okkur Sunnunum hefur fjölgað óspart á síðustu árum, en við vorum ekki margar þegar ég var skírð. Í fjölskyldunni minni er jafnframt ein Draumey, ein Sóldís og einn ungur og forkunnarfagur piltur að nafni Myrkvi.

Fyrir nokkru fékk ég í hendur lista yfir ansi skrautleg nöfn sem að viti Mannanafnanefndar, þess þjóðþarfa apparats, eru betri og gildari en Rut með hái. Ég veit vel að nöfn venjast með tíð og tíma, en það þýðir ekki að maður geti ekki leyft sér að flissa svona aðeins til að byrja með. Eins veit ég að mörg þessara nafna eru það sem kallast gjarna gömul og rótgróin, en það má hlæja fyrir því. Enda eru sumar hugdettur forvera okkar bara til þess gerðar að tísta af kátínu yfir í dag.

Ímyndið ykkur bara lýsingar á fótboltaleikjum framtíðarinnar: Hildiglúmur Bambi leikur á Ljót Ljósálf, og sendir á Grankel Safír. Dufþakur Fífill lætur sig vaða á hann en Grankell nær að gefa á Kóp Kristal sem þeysist upp völlinn, Melkólmur Grani á ekki séns í hann og hann skoooraaar. Aumingja Kaktus Dreki situr eftir með sárt ennið.

Nú, eða stelpurnar, sem ég af minni jafnréttissinnuðu sál geri ráð fyrir að séu líka í fótbolta: Randalín Bogey brýtur á Venus Vígdögg af hörku. Ormheiður Pollý og Hugljúf Ísmey mótmæla hástöfum en fá engu breytt og Randalín gengur niðurlút af velli. Ægileif Hlökk er að vonum ánægð með þetta, sjáiði bara, og hún sprettar af stað með Niðbjörgu Njólu á hælunum.

Ég hlakka alveg óskaplega til að þetta verði að raun. Því verður ekki neitað að með þessum nafngiftum er að minnsta kosti einhverja gleði að fá af því að fylgjast með íþróttaleikjum Íslendinga. Miðað við hjartasárin sem ég hlaut á þriðjudag er það ekkert annað en gott mál.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**BRÉF FRÁ DANMÖRKU TEITUR JÓNASSON, LJÓSMYNDARI Á NYHEDSAVISEN**

# *Ef þú getur ekki unnið þá – kauptu þá*

Ég veit ekki alveg hvernig mér leið þegar ljóst var að við myndum mæta Dönum í átta liða úrslitum á HM í handbolta. Hluti af mér var ánægður og spenntur en ég losnaði ekki við ákveðna ónotatilfinningu. Vanalega hefði mér verið slétt sama um mótherja í svona móti og jafnvel hvort við ynnum eða töpuðum – en núna var þetta öðruvísi. Fyrir Íslending búsettan í Danmörku var þetta meira en kappleikur. Þetta var uppgjör. Við hreinlega máttum ekki tapa. Ég fæ reglulegan skammt af háðsglósum frá Dönunum og það er varla á það bætandi. Danir eru nefnilega með Íslendinga á heilanum þessa dagana en þarna var komið kjörið tækifæri til að ná nokkrum skotum á þá, blessaða.

Djöfullinn danskur, við töpuðum! Eitt mark, það munaði einu marki! Það tók mig nokkurn tíma og fáeina græna að róa mig eftir leikinn og ég verð að játa að ég var ekki í miklu stuði til að fara í vinnuna daginn eftir. Ég gæti trúað því að landar mínir á Fróni hafi svo sem ekki verið beinlínis í banastuði eftir vonbrigðin en þeir gátu þó hughreyst hver annan. Ég var einn á móti um það bil 150 dönskum vinnufélögum á Nyhedsavisen með háðsglósurnar tilbúnar í röðum.

Þetta byrjaði strax eftir leikinn. Ég álpaðist nefnilega til þess að senda tölvupóst á vinnufélaga mína fyrir hann þar sem ég lýsti fyrirfram yfir öruggum sigri Íslendinga á gömlu herraþjóðinni. Hvað vita þeir um handbolta? Þeir búa til ágætis bjór og eru duglegir að hjóla en á handboltasviðinu erum við fremri, það er „næsta víst“ hugsaði ég og sendi kokhraustan, jafnvel hrokafullan tölvupóstinn. Ég gerði reyndar ráð fyrir því að hjörtu, a.m.k. einhverra, samstarfsmanna minna slægju með Íslendingum. Þeir vinna jú hjá íslensku fyrirtæki og tengslin eru augljós.

Mér skjátlaðist. Háðsglósunum rigndi yfir mig í svarpóstum og ég sá fram á erfiðan vinnudag. Eitthvað varð ég til bragðs að taka. Ég vissi mæta vel að það sem mest fer í taugarnar á Dönunum er nýtilkomin árátta Íslendinga að kaupa allt sem áður hefur talist heilagt í dönsku viðskiptalífi. Ég sá mér því leik á borði, snaraði mér í ágæta bolabúð á Vesturbrúargötu og keypti þar stuttermabol með áletrun sem virtist eiga vel við. Að því búnu gekk ég hnarreistur og stoltur til vinnu. Í hvert skipti sem einhver gerði sig líklegan til að láta okkur Íslendingana heyra það benti ég bara á áletrunina á bolnum þar sem stóð: „If you can't beat them, buy them!“

Það heyrðist ekki píp í þeim eftir það.



**TEITUR JÓNASSON** Fyrir Íslending sem búsettur er í Danmörku var leikur Íslendinga og Dana meira en kappleikur. Hann var uppgjör. Það vita allir hvernig fór. Við háðsglósum Dana varð að bregðast daginn eftir – og það með viðeigandi hætti. Bolurinn góði þaggaði niður í þeim.



**MARILYN MANSON** Tónlistarmaðurinn ófrýnilegi er að leggja lokahönd á nýja plötu.

## Nýtt frá Manson

Tónlistarmaðurinn ófrýnilegi Marilyn Manson er að leggja lokahönd á nýja plötu, sem ber heitið Eat Me, Drink Me.

Ekki er vitað hvenær platan kemur út. Þetta verður fyrsta plata Mansons síðan hann gaf út The Golden Age Of The Grotesque árið 2003. Manson, sem nýverið hætti með kærustu sinni, ætlar að fylgja plötunni eftir með umfangsmikilli tónleikaferð um heiminn.



**ÞÓRUNN OG KOLBEINN** Þórunn Lárusdóttir ásamt syni sínum, Kolbeini Lárusi.

## Gull fyrir Álfa og fjöll

Friðrik Karlsson og Þórunn Lárusdóttir fengu á dögunum afhentar gullplötur fyrir fimm þúsund eintaka sölu á plötunni Álfar og fjöll sem kom út fyrir síðustu jól.

Platan hefur selst í tæplega sjö þúsund eintökum í dag, en hún inniheldur sígildar íslenskar perlur ásamt nýjum lögum í keltneskum stíl. Lagið Kvöldsigling, sem Gísli Helgason samdi við texta Jóns Sigurðssonar, hefur verið mikið spilað í útvarpi að undanförnu.



**!** **Kl. 12.00**

*Hádegistónleikar í Hafnarborg. Yfirskrift dagsins er „Ástin er dauðans alvara“ en þar syngur Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór nokkrar hádramatískar aríur við undirleik Antoníu Hevesi. Enginn aðgangseyrir – allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Vapp, Gefjun og fleira*

Í dag er lokadagur Myrkra músikdaga. Í hádeginu verða Laufey Sigurðardóttir og Páll Eyjólfsson með tónleika í Listasafni Íslands. Þar flytja þau verk sem samin eru fyrir gítar og fiðlu, sum fyrir þau sérstaklega: *Vapp* eftir Þorkel Sigurbjörnsson, *Gefjun* eftir Hilmar Þórðarson, *Sónötu* eftir Tryggva M. Baldvinsson og *Nadn* eftir færeyska tónskáldið Kristian Blak. Það er samið 1988. Þorkell samdi *Vapp* fyrir þau Pál og Laufeyju 1993, *Gefjun* samdi Hilmar 2000 og sótti tónstiga til rannsókna Hreins Steingrímssonar, föðurbróður Laufeyjar, á fornum stefjum íslenskum.



**TÓNLIST** Laufey og Páll halda tónleika í hádeginu í dag í Listasafni Íslands

Sónóta er yngst verkanna, samið fyrir þau og frumflutt í fyrrasumar í Hóladómkirkju. Það er flutt í fyrsta sinn í Reykjavík í hádeginu í dag. Tryggvi segir: „Hinn sérstaki hljóðheimur hljóðfæranna heillaði mig fljótt og samvinnan við þau Laufeyju og Pál var mjög gefandi og lærdómsrík. Sónata fyrir fiðlu og gítar er í tveimur þáttum. Kaflarnir eru við fyrstu sýn ólíkir að ytra sem innra byrði. Fyrri kaflinn ákafur, kontrapunktískur með stöðugri úrvinnslu efnis á meðan elegían er á hinn bóginn hægferðugri og hómófónískari.“



**> Ekki missa af…**

sýningu **Hildar Bjarnadóttur** í **Safni** við Laugaveg. Hildur sýnir **textílverk**, sem hún vefur úr akrílmáluðum strigaþráðum og veltir þannig upp áleitnum **spurningum** um **málverkið** sem slíkt, um opinbera listhefð, flokkun í handverk og fagurlistir, hámenningu og lágmenningu. Sýningunni lýkur á **sunnudag**.



**ÓLÍKAR MYNDIR ÁSTARINNAR** Stúdentadansflokkurinn frumsýnir „Sannar sögur“ í Tjarnarbíói. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kunnuglegar kenndir

Stúdentadansflokkurinn frumsýnir sitt fyrsta verk í Tjarnarbíói á morgun. Verkið „Sannar sögur“ er unnið af flokknum í samvinnu við danshöfundinn Helenu Jónsdóttur sem jafnframt er listrænn stjórnandi hópsins en viðfangsefni verksins er hinar ýmsu hliðar ástarinnar.

Margrét Anna Einarsdóttir er einn stofnenda flokksins og útskýrir að fyrsta starfsárið hafi mikið til farið í að þróa hópinn og ákvarða þá stefnu sem flokkurinn vildi taka en sýningin sé uppskera þess starfs. Í flokknum eru stúdentar í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands og unnið er að því að efla samstarfið við Listaháskólann svo nemendur þar geti einnig gengið til liðs við hann.

„Það er ánægjulegt hversu þéttur og góður hópurinn er orðinn. Nú eru ellefu dansarar í flokknum sem allir koma úr ólíkum áttum, hér eru nemendur til dæmis í lögfræði, hagfræði og verkfræði,“ segir Margrét Anna og bætir við að margir þekkist ágætlega gegnum dansheiminn.

Flokkurinn mun án efa taka breytingum í framtíðinni því Margrét Anna útskýrir að nú geti háskólanemar í fyrsta sinn sótt opna danstíma hér á landi. „Stúdentar geta sótt danstíma hjá Listdansskóla Íslands gegn vægu gjaldi og þar gefst þeim tækifæri til að bæta sig eða viðhalda dansmenntun sinn,“ segir hún. Aukinheldur verður boðað til inntökuprófa fyrir flokkinn í lok næsta mánaðar þar sem áhugasamir dansarar geta sótt um inngöngu.

Fyrsta verkefni Stúdentadansflokksins er nokkurs konar dansleikhús þar sem sýningin lifnar bókstaflega við fyrir augum áhorfendanna. „Ég held að allir ættu að geta tengt auðveldlega við viðfangsefni þessarar sýningar,“ segir Margrét Anna. „Verkið fjallar um ástina og ólíkar birtingarmyndir hennar. Við könnumst öll við tilfinningarnar sem búa að baki minningum til dæmis um stefnumót eða fyrsta kossinn. Við höfum unnið þetta verk eins og lítil rannsóknarstofa um ástina – þetta eru allt sannar sögur, okkar sögur og aðrar fengnar að láni.“

Fjórar sýningar verða á verkinu, hin fyrsta annað kvöld kl. 20.

**- khh**

# Áhlaup fræðimanna hafið

Annað árið í röð efnir félagsskapur fræðihöfunda, Hagþenkir, til átaks til að halda fram hlut sinna manna. Áhlaupið hófst með tilkynningu í gær um hverjir höfunda íslenskra fræðiverka á liðnu ári væru tilnefndir til verðlauna sem Hagþenkir veitir úr sínum sameiginlegu sjóðum. Í lok mánaðarins verða verðlaunin svo veitt.

Í lok febrúarmánaðar mun Hagþenkir í samvinnu við Reykjavíkurakademíuna kynna fræðirit og þátt þeirra í íslenskum bókmenntum og menningu. Í fréttatilkynningu vegna átaksins er því haldið fram að stærstur hluti þeirra bóka sem út koma á Íslandi ár hvert, séu fræðirit og kennslugögn ýmiss konar. Skáldsöguúrvalið ár hvert varpi skugga á aðrar deildir bókmennta og þar á meðal fræðiritin.



**FRÆÐISTÖRF** Nokkrir þeirra höfunda sem tilnefndir eru til viðurkenningar Hagþenkis fyrir fræðirit. Verðlaunin eru afhent eftir mánuð en á þeim tíma hyggst Hagþenkir nota tímann til að vekja athygli á störfum fræðasamfélagsins.

Raunar er það svo að í úrvali þeirra tíu bóka sem tilnefndar eru koma fram titlar sem hljótt hafa farið og afar fáir vita af, jafnvel meðal þeirra sem hafa lifibrauð sitt af umfjöllun um menningarefni: Draumalandið þekkja allir en hver kannast við að hafa heyrt um Íslensku I eða Nýja tíma? Þessir titlar hafa ekki verið auglýstir mikið en koma þó fyrir þúsund augu á næstu árum.

Hagþenkir hefur frá árinu 1986 veitt viðurkenningu fyrir fræðirit og aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings. Skilgreiningin er víð sökum þess að miðlun í ýmsu formi kemur inn á borð Hagþenkis: útvarp, sjónvarp, margmiðlun. Margt kemur til álita þó að þessu sinni séu aðeins tilnefnd verk í bókarformi. Það er svokallað viðurkenningarráð Hagþenkis sem úthlutar viðurkenningunni, það er skipað fimm félagsmönnum Hagþenkis af ólíkum fræðasviðum.

Viðurkenning Hagþenkis eru ein virtustu og veglegustu verðlaun sem höfundum fræðirita og fræðilegra rita fyrir almenning getur hlotnast, veiting hennar hefur oft vakiðw athygli en aldrei deilur ólíkt Íslensku bókmenntaverðlaununum sem veitt verða á morgun. Öll fræðirit sem koma út á Íslandi koma til greina við veitingu viðurkenningarinnar óháð útgefanda eða tilnefningum. Verðlaunaupphæðin er nú 750.000 kr. sem er sama upphæð og Félag íslenskra bókaútgefenda veitir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í hvorum flokki fyrir sig.

Hagþenkir heitir á almenning og fjölmiðla að leiða hugann að því mikla starfi sem á sér stað á íslensku fræðasviði, ár eftir ár, á næstu mánuðum. Hér á þessum síðum verður fylgst með áherslum Hagþenkis og þeirra Akademíumanna og tekin rispa í skoðun fræðilegra rita sem ekki hafa enn verið ritdæmd frá liðnu bókaári.

**-pbb**

**TILNEFND RIT TIL VIÐURKENNINGAR HAGÞENKIS**

**Andri Snær Magnason:** Draumalandið. Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð.
**Björn Hróarsson:** Íslenskir hellar.
**Guðni Th. Jóhannesson:** Óvinir ríkisins. Byltingarsinnar, ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi.
**Gunnar Jónsson, Jónbjörn Pálsson og Jón Baldur Hlíðberg:** Íslenskir fiskar.
**Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson:** Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árþúsundamóta.
**Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson:** Íslenska I. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla.
**Robert Jack:** Hversdagsheimspeki. Upphaf og endurvakning.
**Sigríður Dúna Kristmundsdóttir:** Ólafía. Saga Ólafíu Jóhannsdóttur.
**Þórður Tómasson:** Listaætt á Austursveitum.
**Þórunn Erlu Valdimarsdóttir:** Upp á Sigurhæðir. Saga Matthíasar Jochumssonar.

# Sheldon látinn

Bandaríski metsöluhöfundurinn Sidney Sheldon er látinn, 89 ára að aldri. Lést hann af völdum lungnabólgu á sjúkrahúsi í Kaliforníu.

Bækur hans á borð við Rage of Angels og The Other Side of Midnight, nutu mikilla vinsælda, sérstaklega á meðal kvenþjóðarinnar. Lagði hann mikla áherslu á að kvenpersónur sínar væru sterkir persónuleikar og um leið og þær héldu ávallt kvenleika sínum. „Bækur mínar eru nógu ævintýragjarnar og spennandi til að karlmenn geti lesið þær og ég vona að ég hafi nægilegt kvenlegt innsæi til að konur hafi gaman af bókunum mínum líka,“ sagði Sheldon eitt sinn.

Áður en Sheldon gerðist rithöfundur, fimmtugur að aldri, hafði hann getið sér gott orð sem handritshöfundur og framleiðandi í Hollywood og sem leikritaskáld. Vann hann m.a. óskarsverðlaunin fyrir handrit sitt að The Bachelor and the Bobbysoxer árið 1947. Skartaði hún Cary Grant, Myrnu Loy og Shirley Temple í aðalhlutverkum.



**SIDNEY SHELDON** Bandaríski metsöluhöfundurinn lést í Kaliforníu, 89 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ég elska að skrifa bækur,“ sagði Sheldon. „Kvikmyndir eru miðill sem byggist á samstarfi þar sem allir vilja gagnrýna þig. Þegar þú semur skáldsögu ertu einn á báti. Þannig frelsi fyrirfinnst ekki í öðrum fjölmiðli.“

# Vegleg bókagjöf Þorsteins

Haustið 2005 barst Landsbókasafni Íslands – háskólabókasafni bókagjöf frá erfingjum Þorsteins Gylfasonar sem lést í ágúst það ár.

Bókagjöfin var ein sú stærsta sem safninu hefur borist undanfarin ár, eða um 2.800 bindi. Þorsteinn var kennari í heimspeki við Háskóla Íslands frá 1971 og þar til hann lést 2005. Hann var forstöðumaður Heimspekistofnunar frá 1982 til 1991 og ritstjóri ritraðarinnar Íslensk heimspeki 1982-1997. Hann var afkastamikill við ritstörf á fræðasviði sínu og var nemendum sínum minnisstæður kennari. Hann átti yfirgripsmikið safn heimspekibóka sem nú eru í Landsbókasafni Íslands – háskólabókasafni og bókasafni Háskólans á Akureyri. Hann átti einnig margar bækur um tónlist og fjölmarga geisladiska en þeir voru gefnir Listaháskóla Íslands. Í gjöfinni var einnig gott safn íslenskra og erlendra bókmennta, bækur um sagnfræði, náttúruvísindi og fleira. Bækurnar hafa nú verið skráðar og eru aðgengilegar notendum, langflestar til útláns. Þorsteinn var sjálfur mikilvirkur rithöfundur. Eftir hann liggja bækurnar Að hugsa á íslenzku, Réttlæti og ranglæti, Orðasmíð, Valdsorðaskak, Tilraun um manninn, Tilraun um heiminn og ótal greinar sem hafa birst í blöðum, tímaritum og safnritum. Hann hefur þýtt rit, ýmist einn eða með öðrum, eftir P.T. Geach, John Stuart Mill og Søren Kierkegaard og fleiri. Í bókunum Sprek af reka og Söngfugl að sunnan eru ljóðaþýðingar Þorsteins eftir mörg þekktustu skáld hins vestræna heims, meðal annars Heinrich Heine, W.B. Yeats, Berthold Brecht, T.S. Eliot og Aleksandr Púshkín.



**MIKILVIRKUR RITHÖFUNDUR OG BÓKASAFNARI** Safn bóka Þorsteins Gylfasonar, fyrrum prófessors í heimspeki við Háskóla Íslands, er nú aðgengilegt á Landsbókasafninu í Þjóðarbókhlöðunni.

Hægt verður að sjá sýnishorn af gjöfinni og ritum Þorsteins í anddyri safnsins næstu vikur.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE




GOTT FÓLK McCANN

# MEISTARINN





## STJÖRNUSTRÍÐ

Spurningaþátturinn vinsæli hefst með sérstakri parakeppni þjóðþekktra einstaklinga.

**Siv Friðleifsdóttir og Jóhannes Kristjánsson á móti Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni og Gísla Marteini Baldurssyni.**

AUSTURBÆR

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN
Fim 1. feb kl. 10 uppselt / Fim 1. feb kl. 14 uppselt / Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress
Frumsýning sun. 9. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn: sun. 11. feb.
3. sýn: fös. 16. feb.
4. sýn: sun. 18. feb.
5. sýn: fös. 23. feb.
6. sýn: sun. 25. feb.
7. sýn: fös. 2. mars - ALLRA SÍÐASTA SÝNING
ALLAR SÝNINGAR HEFJAST KL. 20 - KYNNING Í BOÐI VIÐ KL. 19.15
IGOR STRAVINSKY
Landsvirkjun
Flagari í framsókn
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Fös. 2/2 örfá sæti laus, fös. 9/2 uppselt. Aðeins þessar tvær sýningar eftir.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 4/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 10/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau.17/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus.

BAKKYNJUR eftir Evripídes.
Lau. 3/2 nokkur sæti laus. Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"?
í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna. Síðasta sýning!

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös. 2/2 nokkur sæti laus, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 örfá sæti laus, þri. 20/2 uppselt, mið. 21/2 uppselt, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kassinn kl. 20:00

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 2/2, lau. 10/2 nokkur sæti laus, fös. 16/2.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 3/2 kl. 11:00 uppselt, 12:15 örfá sæti laus og kl, 14:00 uppselt, sun. 4/2 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00. Síðustu sýningar.

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Lau 3/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 2/2 kl. 20 UPPS. Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Fös 23/2 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPSELT

MEIN KAMPF
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Sun 4/2 kl. 20 UPPS.
Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 17/2 kl. 20 Lau 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20
Miðaverð 3.400

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

DAGUR VONAR
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 20, Fös 23/2 kl. 20
Sun 25/2 kl. 20, Lau 3/3 kl. 20
Sun 4/3 kl. 20, Fim 8/3 kl. 20 UPPSELT
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 4/2 kl. 14 Sun 11/2 kl. 14
Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Síðustu sýningar

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 4/2 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 13, 14,15 UPPSELT
Sun 25/2 kl. 13,14,15 UPPSELT
Sun 4/3 kl. 13,14, 15 UPPSELT
Sun 11/3 kl.13, 14, 15 UPPSELT
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPSELT
AUKASÝNINGAR Í SÖLU NÚNA!
Sun 1/4 kl. 13 Sun 1/4 kl. 14
Sun 1/4 kl. 15 Sun 15/4 kl. 13
Sun 15/4 kl. 14 Sun 15/4 kl. 15
Sun 22/4 kl. 13 Sun 22/4 kl. 14
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

BORGARLEIKHÚSIÐ


# Að fræðast um heiminn

**Nýstofnað félag áhugafólks um heimildamyndir, Reykjavík Documentary Workshop, hyggst auka veg þeirrar kvikmyndagreinar og kynna hana betur fyrir áhuga- og fagfólki hér á landi.**



**EMILIANO MONACO, FORSTÖÐUMAÐUR REYKJAVÍK DOCUMENTARY WORKSHOP** „Áhugi fólks á heimildamyndum fer vaxandi úti um allan heim." FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Forstöðumaður félagsins, Emiliano Monaco, sem starfar hér á landi sem myndlistarmaður, kvikmyndagerðarmaður og kvikmyndafræðingur, segir áhuga fólks á heimildamyndum fara sífellt vaxandi úti um allan heim. „Heimildamyndir eru mjög opið form og tengjast jafnvel víðar heldur en kvikmyndagerð sem byggir á skálduðum handritum – þær tengjast öllu sem gerist. Það er fullt af fólki sem kemur að sjá heimildamyndir vegna þess að það vill fræðast meira um heiminn," segir hann.

Félagið Reykjavík Documentary Workshop, RDW, verður í fjölþættu samstarfi meðal annars við Reykjavíkurakademíuna, Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem hóf fyrir fáum árum að kenna kvikmyndafræði sem aukagrein í hugvísindadeild sinni. Kvikmyndaskólinn mun án efa einnig njóta góðs af starfi félagsins sem enn fremur hefur leitað eftir samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands.

### Áhugaverðir gestir

Emiliano bendir á mikilvægi þess fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn að hitta erlenda samstarfsmenn sína, ekki síst í heimildamyndageiranum og mun félagið hafa milligöngu um slíka fundi þar sem fólk úr öllum áttum getur miðlað af reynslu sinni. Sá fyrsti er skipulagður á morgun en hingað til lands er komin hollenska heimildamyndagerðarkonan Aliona van der Horst og verður margverðlaunuð mynd hennar „Vocies of Bam" sýnd í Norræna húsinu í kvöld. Myndin fjallar um eftirleik jarðskjálftans sem varð í borginni Bam í Íran í desember árið 2004. Leikstjórinn verður viðstödd sýninguna og svara spurningum að henni lokinni en á morgun heldur hún opið námskeið og ræðir verk sín við áhugasama gesti.



**HEIMILDAMYNDAGERÐARKONAN ALIONA VAN DER HORST** Mynd hennar „Voices of Bam" hefur vakið heimsathygli. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

### Bíóflóran eykst

Annar þáttur í starfi félagsins verður að skipuleggja reglulegar sýningar á heimildamyndum sem sett hafa mark sitt á kvikmyndasöguna, hvort heldur í fortíð eða samtíð. Sýningar þær munu fara fram í Tjarnarbíói og hefjast í næsta mánuði en þá hefjast einnig sýningar kvikmyndaklúbbsins Fjalakattarins í húsinu svo þá lifnar heldur betur yfir bíóúrvalinu í borginni. Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, er í forsvari fyrir Fjalaköttinn og útskýrir að dagskrá ársins sé í þann mund að komast á hreint, sýningar verði skipulagðar á sunnudags- og mánudagskvöldum þar sem sígildar myndir verði á tjaldinu í bland við nýjar og áhugaverðar myndir hvaðanæva að úr heiminum. „Við munum þannig bæði reyna að sinna ákveðnu menntunar- og menningarhlutverki sem ekki hefur verið hugað að áður og jafnframt vekja athygli fólks á nýjum myndum sem annars hefðu ekki ratað hingað til lands," segir Hrönn en dagskrá og starf Fjalakattarins verður kynnt nánar á næstu dögum en hægt verður að skrá sig í klúbbinn á heimasíðunni www.filmfest.is.

### Safna í safn

Þriðja markmið Reykjavík Documentary Workshop er síðan að byggja upp bóka- og myndasafn um allt sem tengist heimildamyndagerð. Emiliano áréttar að félagsmenn hafi þegar hafist handa við söfnun efnis þó endanleg staðsetning safnsins sé ekki ákveðin enn þá. Stefnt er að því að þar verði einnig rými til þess að horfa á myndir.

Sýningin á „Voices of Bam" hefst kl. 20 í kvöld en námskeiðið með höfundinum Aliona van der Horst fer fram í Háskólabíói kl. 14 á morgun. Námskeiðið fer fram á ensku. Báðir viðburðir eru endurgjaldslausir og allir eru velkomnir. Nánari upplýsingar um starfsemi félagins RDW verður að finna á heimasíðunni www.rdw.is **-khh**

# Skært lúðrar hljóma í kvöld

Þær mætast í Neskirkju í kvöld á lokatónleikum Myrkra músikdaga hefðirnar sem hrundu nútímanum inn í tónlistarheim þjóðarinnar: kirkjan býður lúðrasveitina velkomna. Lokatónleikarnir eru með Lúðrasveit Reykjavíkur og staðurinn er Neskirkjan, fyrsta nútímalega kirkjubyggingin sem reis hvítsilfruð upp úr kolsvörtum Melunum.

Á dagskránni eru verk úr ýmsum áttum. Frank Aarnink mun leika á sneriltrommu með sveitinni í verkinu Konzertstuck eftir Áskel Másson. Þá á Bára Sigurjónsdóttir Klarinettulagið, þar sem Einar Jóhannesson spilar á einleiksklarinett. Einnig eru á dagskránni Sci-Fi Suite of Dances eftir Bernhard Bogisch, Tax Free Finale eftir P.K. Schaars og loks Armenskir dansar.



**TÓNLIST** Bára Sigurjónsdóttir, Lárus Grímsson, Einar Jóhannesson og Frank Aarnink.

### Tónskáld

Augu manna beinast að hinu unga tónskáldi Báru Sigurjónsdóttur. Hún hóf ung tónlistarnám í Tónskóla Fljótsdalshéraðs, þá gítarnám hjá Árna Ísleifssyni. Síðar nám á saxófón og lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 2005 og bætti við sig námi í Tónskólanum á Seyðisfirði, Tónlistarskóla Sigursveins og Tónlistarskóla FÍH. Bára stundar nú nám í tónsmíðum við Norges Musikkhögskole í Ósló. Klarinettulagið er þriðja verk Báru sem Lúðrasveit Reykjavíkur tekur til flutnings, en áður hefur sveitin flutt verkin Hver tók ostinn minn? og Spaugelsi. Hitt íslenska tónskáldið sem á verk á dagskránni er Áskell Másson. Verk hans hafa verið flutt um nánast allan heim, en auk N-Ameríku, Kanada og nær allra Evrópulanda hafa þau verið flutt í Ástralíu, Hong Kong, Kína, Japan, Singapúr, Kóreu, Ísrael og víðar. Á sjöunda áratugnum var Áskell brautryðjandi í samningu tónverka fyrir áslátttarhljóðfæri hér á landi og í dag eru ásláttarverk hans meðal þeirra sem mest eru flutt á tónleikum og kennd við tónlistarháskóla víðs vegar í heiminum. Eftir hann liggja hátt í tvö hundruð tónverk af öllum stærðum og gerðum, mörg samin fyrir frægustu einleikara samtímans og hljómsveitir í fremstu röð.

Stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur er Lárus Halldór Grímsson og hefur hann leitt hljómsveitina frá 1998. Frá 1993 hefur Lárus verið skólastjóri og stjórnandi Skólahljómsveitar Vesturbæjar. Hann er einnig afkastamikið tónskáld á ýmsum sviðum tónlistar. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

29 30 31 **1** 2 3 4

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

12.00 **Laufey Sigurðardóttur** fiðluleikari og **Páll Eyjólfsson** gítarleikari leika í **Listasafni Íslands** á **Myrkum músíkdögum**. Á efnisskránni eru verk eftir **Kristian Blak, Þorkell Sigurbjörnsson, Hilmar Þórðarson** og **Tryggva M. Baldvinsson.**

20.00 Hljómsveitirnar **Gordon Riots, Artika, Coral** og **Benny Crespos Gang** halda dúndur rokktónleika í **Hinu Húsinu** Þetta er hluti af tónleikaröð Hins hússins sem nefnist **Fimmtudagsforleikur** og er nánast vikulegur viðburður. Ekkert kostar inn og eru allir eldri en 16 ára hvattir til að mæta.

20.00 **Lúðrasveit Reykjavíkur** undir stjórn **Lárusar H. Grímssonar** leikur í Neskirkju ásamt slagverksleikaranum **Frank Aarnink** og **Einari Jóhannessyni** klarinettuleikara. Hópurinn leikur verk eftir **Áskel Másson, Báru Sigurjónsdóttur, Bernhard Bogisch, Peter Kleine Schaars** og **Alfred Reed**. Tónleikarnir eru lokahnykkur Myrkra músíkdaga.

### SKEMMTANIR

22.30 **DJ Lucky** spilar soul, fönk, reggí og hiphop tónlist á **Café París** í **Austurstræti 14**.

### SAMKOMUR

20.00 **Félag þjóðfræðinga á Íslandi** stendur fyrir þemakvöldi um **sagnafólk** í húsi **Sögufélagsins**, Fischersundi. Fyrirlesarar eru **Ingibjörg Gestsdóttir** og **Rósa Þorsteinsdóttir**.

22.10 Umræður um leikritið **Svartur köttur** að lokinni sýningu þess í **Samkomuhúsinu** á Akureyri. Leikarar og leikstjórinn **Magnús Geir Þórðarson** taka þátt í spjalli um verkið.

### SÝNINGAR

11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux** í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

11.00 í **Gerðarsafni** stendur yfir samsýning **Gullpenslanna** svokölluðu. Á sýningunni **Indigo** sýna **Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludwig Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Sigurður Árni Sigurðsson**. Sýningin stendur til 11. febrúar.

13.00 í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast Les yeux de l'ombre jaune eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum

14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT !** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø, Astri Luihn, Sigrun Gunnarsdóttir**, Torbjørn Olsen, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð **Hafnarfjarðar** í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en eiga það sameiginlegt að vera óhræddir við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

13.00 Sýningu **Önnu Mields** og **Jónu Hlífar Halldórsdóttur** á **Café Karólínu** og sýningu **Snorra Ásmundssonar** á **Karólínu Restaurant** lýkur á morgun, föstudaginn 2. febrúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Pamuk aflýsir Þýskalandsferð sinni

Tyrkneski rithöfundurinn Orhan Pamuk hefur ákveðið að hætta við upplestrarferð um Þýskaland. Nóbelsverðlaunahafinn átti að taka við heiðursnafnbót frá Frjálsa háskólanum í Berlín og stóð til að hann kæmi fram og læsi úr verkum sínum víða um Þýskaland við þetta tækifæri, í Hamborg, Köln og Stuttgart. Það er morðið á tyrkneska blaðamanninum Hrant Dink sem veldur þessari breytingu á högum skáldsins. Hafa menn óttast um líf skáldsins heima í Istanbul eftir að morðingi Dink kallaði til blaðamanna þá hann var færður úr dómsal viðvörunarorð til Pamuks. Kanna lögfræðingar nú hvort viðvörun hans geti leitt til ákæru ofan á morðákæruna.




**ORHAN PAMUK** Verður að óttast um líf sitt, bæði heima og víðar um álfuna.

Báðir hafa Pamuk og Dink unnið sér það til vanhelgi að ræða opinberlega um þjóðarmorð Armena snemma á síðustu öld, en stjórnvöld í Tyrklandi hafa neitað að viðurkenna þann myrka kafla í sögu Tyrkja og eru af því mikil vandræði fyrir tyrkneskt samfélag. Var þeim félögum borið á brýn að móðga þjóðarstoltið sára. Pamuk er heimskunnur fyrir skáldsögur sínar og var litið á val hans til Nóbelsverðlauna sem virðingarvott við tyrkneska menningu. Hann á stóran lesendahóp í Þýskalandi en þar er stærsta þjóðarbrot Tyrkja í álfunni.

Morðið á Dink var sem olía á eld í Tyrklandi. Þar eru nú ákafar umræður um þjóðernismál, stolt og yfirbreiðslu á sögulegum staðreyndum. Og allt snertir þetta grundvallarreglur um tjáningarfrelsi. - pbb


# Gott að vita

vorönn 2007

Námskeið og fyrirlestrar á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Öll námskeiðin eru haldin á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, 1. hæð.

Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Námskeið...

**Geðrækt** Nýtt
Tími: Mið. 14. feb. kl. 19.30–22.
Leiðbeinandi: Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjuþjálfi.
Ekkert þátttökugjald.

**Ljósmyndun**
Tími:
a) Þri. 6., 13. og 20. febrúar. kl. 16.30–19.30.
b) Fim. 15., 22. og 29. mars. kl. 16.30–19.30.
Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson.
Þátttökugjald 1.000 kr.

**Hvort ég get, ekki málið! – framh.** Nýtt
Tími: Þri. 20. og fim. 22. feb. kl. 16.30–19.
Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.
Þátttökugjald 1.000 kr.

**Þekkir þú kjarasamninginn?** Nýtt
Tími: Mið. 28. feb. kl. 16.30–18.45.
Leiðbeinendur: Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, og Garðar Hilmarsson, formaður St.Rv.
Ekkert þátttökugjald.

**Íslenskt samfélag og menning – fyrir félagsmenn af erlendum uppruna** Nýtt
Icelandic society and culture – for non-Icelandic members
Tími: 6., 8. og 13. mars (þri. og fim.) kl. 19.30–22.
Leiðbeinendur: M.A. Renata Peskova Emilsson, tungumálakennari og þýðandi, og Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.
Þátttökugjald 1.000 kr.

**Stafganga**
Tími: 14., 19., 21., 26. og 28. mars (mán. og mið.) kl. 18–19.
Leiðbeinandi: Halldór Hreinsson, stafgöngukennari og göngufararstjóri m.m.
Þátttökugjald 1.000 kr.

**Skattframtal**
Tími: Þri. 13. mars kl. 16.30–19.
Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson, deildarstjóri hjá Skattstjóranum í Reykjavík.
Ekkert þátttökugjald.

**Félagslegur og andlegur aðbúnaður á vinnustað** Nýtt
Tími: Þri. 17. apr. kl. 16.30–18.30.
Leiðbeinandi: Ingibjörg Hauksdóttir, verkefnastjóri hjá Vinnueftirlitinu.
Ekkert þátttökugjald.

**Skapandi skrif – um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta**
Tími: Mið. 25. apr., 2. og 9. maí kl. 19–22.30.
Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.
Þátttökugjald 1.000 kr.

Nýtt

**Hádegisfróðleikur**

**Réttindi og skyldur**
Tími: Fim. 22. febrúar. kl. 12–12.50.
Fyrirlesari: Sigurður Á. Friðþjófsson, fræðslu- og upplýsingafulltrúi BSRB.
Ekkert þátttökugjald.

**Jöfn laun karla og kvenna ... hvenær kemur að því?**
Tími: Fim. 22. mars. kl. 12–12.50.
Fyrirlesari: Hildigunnur Ólafsdóttir hagfræðingur.
Ekkert þátttökugjald.

**Lífeyrissjóðirnir og hlutverk þeirra**
Tími: Fim. 26. apríl. kl. 12–12.50.
Fyrirlesari: Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.
Ekkert þátttökugjald.

Skráning og nánari upplýsingar:

**SFR**
www.sfr.is
Sími 525 8340

**Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**
www.strv.is
Sími 525 8330

SFR
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR



GOTT GLÁP

*Little Children: Áleitin, látlaus en firnasterk mynd um venjulegt fólk sem glímir við hversdagsleg vandamál og viðbrögð lítils samfélags við barnaníðingi sm flytur í rólegt hverfi. Merkileg mynd sem á brýnt erindi við samtímann, ekki síst á Íslandi.*

*Talladega Nights: Drepfyndin gamanmynd um karlaríg á kappakstursbraut. Will Ferrell fer mikinn en John C. Reilly og Sacha Baron Cohen stela senunni ítrekað.*



# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN: RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR ÚTVARPSKONA

# Myndi vilja leika einkaspæjara

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?
Stranger Than Fiction – mjög „witty“ handrit eins og Kaninn segir og vel leikin mynd. Fór í tilvistarkreppu eftir myndina.
Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?
Ég og Alma vinkona mín leigðum The Queen á DVD. Fín mynd og frábærir leikarar í alla staði.
Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?
Hotel Rwanda hafði mikil áhrif á mig og einnig The Accused með Jodie Foster.
Hefur þú grátið í bíó?
Nánast alltaf ef það er eitthvað sem hægt er að gráta yfir. Stundum græt ég úr hlátri, t.d. á Little Miss Sunshine sem er ótrúlega góð og á Talladega Nights sem er fábjánalega góð.
Uppáhalds íslenska persónan:
Marsibil Sæmundardóttir í alvörulífinu og í bíó, væri það ekki bara Dís eða Erlendur í Mýrinni?
Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:
James Dean, Humphrey Bogart, Grace Kelly eða Elizabeth Taylor.
Mesta hetja hvíta tjaldsins:
Indiana Jones.
Mesti skúrkurinn:
Freddy í Nightmare on Elmstreet, ekki einu sinni ógnvekjandi.
Hann er svo fáránlegur með þetta pitsu-andlit.
Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?
Showgirls. Reyndi að glamúresera stripparalífið á einhvern misheppnaðan hátt en samt kenna manni lexíu um stripparaheiminn. Post-femínískt slys.
Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?
Ef ég fengi að ráða þá myndi ég leika einkaspæjara … söguþráðurinn væri flókinn en spennandi og um einhverja eldgamla skartgripi eða bein eða eitthvað þess háttar. Róbert Douglas myndi leikstýra og ég myndi leika á móti Helgu Brögu.



RAGNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR ÚTVARPSKONA SNYRTIBUDDAN



## AF HVÍTA TJALDINU

Þórarinn Þórarinsson

# Kletturinn í drullupolli spillingarinnar

Þau ánægjulegu tíðindi spurðust út í síðustu viku að Clive Owen hefði verið ráðinn til þess að leika einkaspæjarann Philip Marlowe. Bæði er það vitaskuld fagnaðarefni að einhver skuli sjá ástæðu til þess að kvikmynda einhvern af harðsoðnu reyfurunum hans Raymonds Chandler á þessum síðustu og verstu tímum og síðan spillir ekki fyrir að Owen skuli taka að sér hlutverkið enda getur ekki hver sem er sett upp hattinn hans Marlowe.

Sjálfsagt hefur enginn rithöfundur haft jafn mikil áhrif á einkaspæjarabransann og Chandler. Allt frá því hann lét Marlowe vaða spillinguna og skítinn í regnvotum skuggasundum Los Angeles í kringum 1940 hefur Marlowe verið hæsti samnefnarinn í öllum skáldskap og kvikmyndum þar sem einkaspæjarar koma við sögu.

Marlowe var harður en heiðarlegur, fór ekki endilega eftir lögunum en útdeildi sínu eigin réttlæti og ólíkt lagabókstafnum tók Marlowe tillit til tilfinninga og hafði mannlega þáttinn jafnan í hávegum.

Marlowe var líka gæddur þeim eiginleika að hann gat staðist tálar varhugaverðra og kynósa kvenna sem vöfðu veikgeðja mönnum um fingur sér. Hann lét hvorki fyrirheit um kynlíf né hjónabandssælu setja sig út af laginu. Hann stóð einn og barðist gegn spillingunni, oft mengaður af henni, reiður og bitur en aldrei spilltur.

Chandler sjálfur lýsti Marlowe einhverju sinni á þann veg að hann gæti efalaust flekað hertogafrú en hann myndi aldrei spjalla hreina mey. Hinn eini sanni riddari götunnar, í rykfrakka með hatt og vopnaður skammbyssu.

Það er ekki hverjum sem er gefið að túlka margbrotna persónu Marlowe og allir sem hafa spreytt sig á hlutverkinu hafa gert það í skugga Humphrey Bogart en eftir að hann lék spæjarann í The Big Sleep árið 1946 hefur hann verið Marlowe. Bogart tók Marlowe þó mjög blátt áfram og var ekkert að kafa ofan í persónuna. Talaði bara hratt með sígarettu í munnvikinu og var flottastur.



Owen gæti fangað hið mannlega í Marlowe þó ég leyfi mér að efast um að hann muni nokkurn tíma stela persónunni frá Bogie. Hann er auðvitað búinn að ná inntökuprófinu með stæl með túlkun sinni á Dwight McCarthy í Sin City en sú myndasögupersóna Franks Miller er í raun uppfærð útgáfa af Marlowe. Þar fyrir utan er Owen leikari sem vex með hverri mynd og nægir í því sambandi að nefna Children of Men.

Það er löngu kominn tími á að Marlowe snúi aftur og Owen er rétti maðurinn til að leika hann og færa hann inn í nútímann. Það er kominn tími á Marlowe og okkur veitir ekkert af alvöru hetju sem stendur upp úr drullupolli spillingar og meðalmennsku 21. aldarinnar án þess að brotna þegar gusurnar ganga yfir.








ROCKY BALBOA Er ekki vanur því að láta tækifærin til þess að sanna sig ganga sér úr greipum og stígur því í hringinn enn á ný og höggin eru enn þung þó að hann nálgist sextugt.

# Tígurinn opnar augun... aftur

**Þrjátíu ár eru liðin frá því að Sylvester Stallone steig fyrst í hringinn í hlutverki hnefaleikarans Rocky Balboa. Í raun er illmögulegt að greina almennilega á milli persónunnar og leikarans og þeir fá nú báðir enn eitt tækifæri til þess að sanna sig í sjöttu Rocky-myndinni.**

Sylvester Stallone naut gríðarlegra vinsælda á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Hann var ásamt Arnold Schwarzenegger helsta hasarmyndahetja Hollywood. Frægðina á hann helst að þakka tveimur þekktustu persónum sínum, Rocky og sérsveitarmanninum John Rambo.

Ferill leikarans hefur verið á jafnri og stöðugri niðurleið frá því hann lagði vélbyssuna frá sér árið 1988 og boxhanskana á hilluna tveimur árum síðar. Hann er þó ekki dauður úr öllum æðum og gerir nú tilkall til fornrar frægðar með sjöttu Rocky-myndinni, sem frumsýnd er á Íslandi í dag, og fjórðu Rambo-myndinni á næsta ári.

**Rocky**

Stallone hefur aldrei beinlínis þótt góður leikari og það er því ef til vill mörgum gleymt að árið 1976 var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir bestan leik og handrit fyrstu Rocky-myndarinnar. Myndin sjálf fékk verðlaun sem besta myndin og leikstjórinn John G. Avildsen hampaði verðlaununum fyrir leikstjórn.

Myndin fjallaði um Rocky Balboa, mátulega treggáfaðan minnipokamann og annars flokks boxara sem fékk óvænt tækifæri til þess að mæta heimsmeistaranum í þungavikt, Apollo Creed, í hringnum. Rocky fór langt á viljanum þegar hann fékk stóra tækifærið og stóðst atið við meistarann í fimmtán lotur. Eftir það var Apollo dæmdur sigurinn en Rocky krækti í Adrian, stúlkuna sem hann elskaði.

Þetta gæti nánast verið saga Stallones sjálfs, sem var minniháttar leikari þegar hann skrifaði og lék í Rocky. Myndin var ódýr í framleiðslu en sló öllum á óvart í gegn á heimsvísu og eftir það voru honum allir vegir færir.

**Rocky II**

Rocky var í raun dæmigerð „fílgúdd-mynd“ og Stallone hélt sig við formúluna í Rocky II þar sem hann tók öll völd, lék aðalhlutverkið, skrifaði handritið og leikstýrði. Hér gengur Rocky að eiga Adriane og þeim fæðist sonur. Apollo er hins vegar ekki sáttur eftir fyrri viðureign þeirra þar sem hann er vændur um að hafa leyft aumingjanum Rocky að standa uppi í hárinu á sér í fimmtán lotur. Meistarinn skorar því aftur á Rocky en fer flatt á því þar sem Rocky kýlir hann kaldan og hampar heimsmeistaratitlinum.

**Rocky III**

Þegar hér er komið við sögu hefur Rocky himin höndum tekið. Er moldríkur heimsmeistari og býr í vellystingum. Hann ákveður að draga sig í hlé en þá stígur ófétið Clubber Lang fram, segir Rocky vera aumingja og skorar hann á hólm. Lang niðurlægir svo Rocky með rothöggi og hefur af honum titilinn.

Rocky er heillum horfinn þegar hans forni fjandi, Apollo, skýtur upp kollinum og tekur að sér að þjálfa hann svo hann megi endurheimta meistarabeltið. Apollo reynist haukur í horni og skipar Rocky að finna villidýrið í sér aftur og leyfa Lang að horfa í augu tígursins, rétt eins og hann mátti sjálfur gera áður en Rocky lamdi hann í gólfið. Lang á ekki sjö dagana sæla eftir þetta og Rocky endurheimtir titilinn eftir magnaðan bardaga.

**Rocky IV**

Árið er 1985 og Stallone stígur nú fram sem fullsköpuð kaldastríðshetja þegar hann mætir Rússanum Ivan Drago í hringnum. Svíinn Dolph Lundgren lék andstæðinginn sem var í meira lagi ófétislegur og vitaskuld rakið illmenni. Rocky hefur í upphafi lítinn áhuga á að etja kappi við Drago en eftir að sá síðarnefndi drepur góðvin hans Apollo Creed með bylmingshöggi í bardaga bindur Rocky á sig hanskana og leitar hefnda.

Drago er dólgslegur sem fyrr og gerði frasann „I must break you“ ódauðlegan þegar hann ögraði okkar manni. Rocky er talinn eiga við ofurefli að etja en eftir stífa þjálfun í Síberíu rotar hann Drago og vefur sig alblóðugur í bandaríska fánann við undirleik hljómsveitarinnar Survivor sem kyrjar um hið brennandi hjarta sem er við það að springa.

**Rocky V**

Rocky er heillum horfinn. Gjaldþrota og fluttur aftur í slömmið í Fíladelfíu þar sem ævintýrið hófst. Hann er hættur að keppa enda heilaskemmdur eftir öll höggin sem hann hefur fengið. Eldurinn brennur þó enn í hjarta tígursins og hringurinn kallar. Hann snýr sér því að þjálfun ungs og efnilegs hnefaleikara en þegar hrokinn ber lærisveininn ofurliði þarf Rocky að lumbra á honum í gamaldags götubardaga. Þar sýnir hann að hann hefur engu gleymt og jarðar andstæðinginn.

**Rocky Balboa**

Þó að ekki hafi blásið byrlega fyrir Rocky í síðustu mynd mætir hann nú aftur til leiks eftir sextán ára hlé. Hann rekur lítinn veitingastað og skemmtir fastagestum sínum með frægðarsögum úr fortíðinni. Líf hans er ekki einu sinni skugginn af því sem hann átti að venjast í Rocky III. Adrian er látin og sonur hans vill ekkert með hann hafa. Rétt eins og í fyrstu myndinni fær hann óvænt tækifæri til þess að sanna sig á ný. Sú hugmynd kemur upp að leiða saman goðsögnina Rocky gegn ríkjandi heimsmeistara í hringnum. Þetta er meira hugsað sem grín en Rocky snýr þessu upp í tækifæri til þess að sýna og sanna að hann er bestur og andstæðingurinn fær því að horfa í augu tígursins, sem er helmingi eldri.

Hér má því segja að þeir Stallone og Rocky renni aftur saman en með Rocky Balboa ætlar Stallone að sýna hvað í sér býr og það verður ekki af kallinum tekið að hann er í flottu formi þó hann standi á sextugu.

thorarinn@frettabladid.is

# Frægðardraumar í Detroit

Söngvamyndin Dreamgirls er byggð á samnefndum söngleik sem var fyrst settur upp á Broadway í byrjun níunda áratugar síðustu aldar. Söngleikurinn gerist í kringum 1960 og segir í raun frá uppgangi söngflokksins The Supremes þar sem dívan Diana Ross fór mikinn og skyggði á stallsystur sínar tvær.

Dreamgirls fjallar um bílasalann Curtis Taylor Jr. (Jamie Foxx) sem á þann draum heitastan að stofna plötuútgáfu og setja mark sitt á tónlistarbransann. Þetta er á þeim árum sem mannréttindi voru varla orðin umræðuefni og það stendur honum því enn frekar fyrir þrifum að hann er svartur. Þrátt fyrir mótlætið telur hann sig þó aðeins þurfa rétta hæfileikafólkið til þess að ná eyrum fjöldans.

Stúlknatríóið The Dreamettes verður á vegi hans á hæfileikakeppni og hann sér strax möguleikana sem fólgnir eru í stúlkunum, ekki síst fegurð Deena Jones (Beyoncé Knowles) og rödd aðalsöngkonunnar Effie White (Jennifer Hudson).

Curtis fær stúlkurnar á sitt band og þegar James „Thunder“ Early (Eddie Murphy) gengur til liðs við þau fara hlutirnir að gerast. Thunder er brautryðjandi í „Detroit-sándinu“ svokallað og blandar saman sálartónlist og rokki og róli af mikilli list.

Curtis kynnir stelpurnar svo til leiks sem The Dreams og er þess fullviss að lykillinn að vinsældum þeirra liggi ekki í hæfileikum aðalsöngkonunnar, heldur fegurð Deena. Sú er heldur betur til í að stíga fram í sviðsljósið og um leið varpar hún skugga sínum á Effie.

Hópurinn slær í gegn og skyndilega geta þau öll látið drauma sína rætast en þegar upp er staðið þurfa þau að horfast í augu við það að ef til vill hafi það ekki verið þess virði að komast á toppinn.

Dreamgirls þykir til alls líkleg á Óskarsverðlaunahátíðini í lok febrúar en hún er tilnefnd til sex verðlauna. Eddie Murphy og Jennifer Hudson eru tilnefnd fyrir bestan leik í aukahlutverkum auk þess sem myndin er tilnefnd fyrir listræna stjórn, búninga og hljóðblöndun og lagið Listen er tilnefnt sem besta frumsamda lagið.

Dreamgirls er frumsýnd á Íslandi á morgun.



**DREAMGIRLS** Deena, sem Beyoncé leikur, er byggð á sjálfri Diönu Ross en Jamie Foxx leikur umboðsmann sem veit í hjarta sínu að fegurð Deena er lykillinn að velgegni söngtríós þriggja blökkustúlkna frá Detroit.



**ROBIN WILLIAMS** Leikur brandarakarl sem stefnir ótrauður á Hvíta húsið.

# Fyndinn forseti

Leikstjórinn Barry Levinson og leikarinn Robin Willams náðu vel saman árið 1997 í myndinni Good Morning Vietnam. Þeir leiða nú hesta sína saman á ný í gamanmyndinni Man of the Year þar sem Williams leikur spaugsaman kvöldþáttastjórnanda í amerísku sjónvarpi sem ákveður að bjóða sig fram til embættis forseta Bandaríkjanna.

Levinson hefur áður sáð gríni sínu í pólitískan jarðveg og skilað góðri uppskeru en fyrir utan Good Morning Vietnam er skemmst að minnast ádeilunnar Wag the Dog.

Það vantar svo sem ekki ádeilubroddinn í Man of the Year heldur, en í myndinni skoðar Levinson samruna stjórnmála og skemmtanabransans í Bandaríkjunum á síðasta áratug þar sem sjónvarpsáhorfendur eru meira og minna farnir að fá fréttirnar frá sjónvarpsgrínurum í spjallþáttum frekar en alvarlegum fréttaþulum og vöðvastæltur hasarmyndaleikari settist að í ríkisstjórabúskap Kaliforníu.

Williams leikur grínarann Tom Dobbs, sem fer í forsetaframboð upp á grín. Í kringum hann myndast fljótt öflug grasrótarhreyfing og allt útlit er fyrir að hann komist alla leið í Hvíta húsið.

Levinson er því fyrst og fremst að leika sér með spurninguna „hvað gerist ef fyndnasti maður landsins verður forseti?“, sem er ef til vill ekki svo galið ef vel er að gáð.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**DREAMGIRLS**
Internet Movie Database - 6,9 /10
Rottentomatoes.com -79% = Fersk
Metacritic.com - 76/100



**ROCKY BALBOA**
Internet Movie Database - 7,6 /10
Rottentomatoes.com -77% = Fersk
Metacritic.com - 63/100



**MAN OF THE YEAR**
Internet Movie Database - 5,9 /10
Rottentomatoes.com -19% = Rotin
Metacritic.com - 39/100



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**Prófaðu...**

*... að hafa fiskisósu við höndina í eldhúsinu. Hún er leynivopn margra fagmanna og kokkar ytra treysta á hana til að bjarga bragðlitlum sósum, maríneringum og súpum.*




MATGÆÐINGURINN ORRI HARÐARSON TÓNLISTARMAÐUR

## Borðar ýsu fyrir kurteisissakir



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég gæti engan veginn verið án ab-mjólkur í morgunsárið. Það er nauðsynlegt að smyrja magann fyrir kaffi- og tóbaksneyslu dagsins.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Sú besta er örugglega reyktur túnfiskur sem ég fékk á Sankt Hans-degi í Danmörku árið 1999. Algjör unaður. Annars er fátt sem toppar hreindýralundir eða humar.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ýsan er afskaplega óspennandi fiskur, bragðlítil og laus í sér. Ég get þó alveg borðað ýsuna, fyrir kurteisissakir.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Leyndarmál skal ekki afhjúpa í fjölmiðlum.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég fylli stundum sveppi með gráðosti og hvítlauk. Baka svo herlegheitin í ofni og snæði eins og snakk. En þetta er engin meðvituð aðgerð gegn melankólíu.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ost. Aumur er ostlaus ísskápur.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég er því miður svo svag fyrir mjólkurvörum að sennilegast yrði kosturinn fljótur að skemmast. Ætli ég myndi ekki bara hafa með mér kú.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Það skrýtnasta er örugglega rauðkálið sem ég bragðaði á fimmta aldursári. Seldi því upp og hef ekki litið við slíku síðan.



VÍNVIÐURINN
Einar Logi Vignisson

## Hver sagði að Íslendingar væru hættir að drekka vodka?

Það vakti undrun mína þegar ég renndi yfir nýútgefnar tölur ÁTVR um sölu áfengis á árinu 2006 að sjá að hlutfallslega mest söluaukning hefði orðið á hvítvíni og „ókrydduðu brennivíni og vodka“. Sala á vodka jókst um 9% og er það í fyrsta skipti frá árinu 1998 sem merkjanleg aukning er. Sala á hvítvíni jókst um 14%, sem er svipuð aukning og meðalsöluaukning síðustu sjö ára. Frá 1998 til 2005 jókst rauðvínssala sömuleiðis að jafnaði um 14% en síðastliðið ár brá svo við að mjög dró úr söluaukningu rauðvíns og nam hún aðeins 1%.

Ég leitaði álits hjá öllum helstu innflytjendum á þessari þróun og bar þeim saman um að aðalskýringin á hvítvínsaukningunni væri aukin sala á hvítvíni í kössum og einföldum hálfsætum hvítvínum í flöskum. Þetta mætti að einhverju leyti skýra með breyttum neysluháttum, einkum síðastliðið sumar þegar neyslan færðist mjög úr rauðum yfir í hvít kassavín. En aðalskýringin væri breyttar innkaupareglur. ÁTVR hefði fækkað umtalsvert þeim rauðvínstegundum sem fást í svokölluðum kjarnaverslunum en fjölgað á móti hvítvínstegundum. Það er reyndar alveg með ólíkindum hversu oft alls kyns breytingar á innkaupareglum og flokkunarkerfi ÁTVR voru nefndar til sögunnar þegar ég spurði um hinar og þessar breytingar sem hafa orðið á neyslu. Innkaupareglugerðir ráða meiru en tískusveiflur. Mátti skilja á flestum að lífið í síbreytilegu regluverki ríkisvínbúðanna væri lítt skemmtilegur ratleikur.

Ríkisþunglyndið rann hins vegar af mönnum þegar vodkaaukninguna bar á góma og fjörlegri skýringar komu fram. „Hingað eru komnir 6.000 alvöru karlmenn frá Eystrasaltslöndunum og þeir þurfa sinn vodka,“ sagði einn á meðan annar taldi það hæpna skýringu því salan hefði einkum aukist í dýrari vodkategundum sem útlendingarnir væru sennilega ekki að kaupa. Líklegra að almenningur væri að venjast ofurskþttunum eftir hina gríðarlegu skattahækkun á sterku víni sem varð fyrir nokkrum árum. Það skýrði jafnframt aukningu á neyslu á rommi og viskí, sem jókst um 4-5% og mest í dýrari tegundum.

Margir nefndu mikla söluaukningu rauðvíns í Fríhöfninni sem eina meginástæðu þess að dregið hefði úr sölu í ÁTVR. Jafnframt mikinn beinan innflutning fyrirtækja og einstaklinga sem ekki kæmi fram í sölutölum vínbúðanna þótt greidd væru skattar og gjöld. Sumir höfðu áhyggjur af því að einsleitni í smærri vínbúðunum virkaði letjandi á fólk að prófa sig áfram í rauðvíni. Eða eins og einn orðaði það: „Áströlsk vín betrekkja hillur vínbúða með heilum línum frá stórum framleiðendum líkt og þvottaduft í stórmörkuðum.“

**Á BOTNINN HVOLFT:**
Létt eða sterkt vín á ekki séns í bjórinn, sem er um 77% af allri magnsölu í vínbúðum. Jókst bjórsalan um 8% í fyrra og þótt fjölbreytnin hafi aukist eilítið er lagerbjór enn með 99% hlutdeild.









# Með matarást í blóðinu

**Róland Ríkharður Assier er matgæðingur fram í fingurgóma. Báðar ömmur hans voru sveitakokkar í Suður-Frakklandi.**

„Ég er fæddur og uppalinn í Frakklandi en hef búið hérna frá 1981. Svo í sjálfu sér er ég búinn að búa hér lengur en í Frakklandi,“ sagði Róland, sem hefur matarástina í blóðinu. „Ömmur mínar ráku veitingasölur í Suður-Frakklandi, svo þetta er í genunum,“ sagði hann. Róland starfar hjá Icelandic Seafood International, og hefur jafnframt spreytt sig aðeins á veitingabransanum. „Ég eldaði á veitingahúsinu Mensu sem var hérna við Lækjargötuna í tvö sumur, svo ég hef aðeins gælt við þetta,“ sagði Róland, sem ætlar þó ekki að reyna frekar fyrir sér í veitingahúsarekstri. Hann er hins vegar duglegur að rækta matarlistina heima við.

„Ég elda yfirleitt á hverjum degi, það er ákveðin afslöppun hjá mér,“ sagði Róland. Frönsk matarmenning hefur þó enn einhver tök á honum, en þar er efst á blaði að deila góðri máltíð með góðum hópi fólks. „Það er náttúrlega ekkert gaman að elda nema maður sé að elda fyrir fleiri en heimilisfólkið,“ sagði hann sposkur.

Uppskriftina að skötuselnum segir Róland ekki vera sérstaklega flókna og að hans sögn er flamberingin ekki heldur neitt tiltökumál. „Maður hitar koníakið í litlum potti án þess að það komi upp suða. Því er hellt yfir fiskinn og kveikt í með eldspýtu. Svo lætur maður það brenna þangað til það lognast út af,“ útskýrði Róland. Hann ber réttinn svo fram með salati eða hrísgrjónum. „Mér finns mjög gott að nota stutt risotto-grjón frá Ítalíu með þessu,“ benti hann á.

sunna@frettabladid.is



**RÆKTAR MATARLISTINA** Róland Ríkharður Assier er uppalinn í franskri matarmenningu. Hann eldar á hverjum degi til þess að slappa af. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

**Skötuselur í suðrænni sveiflu**
Fyrir fjóra
**750 g skötuselshalar (eða saltfiskur)**
**Ólífuolía**
**1-2 stk. rauðlaukur**
**1 rauð paprika**
**1 eggaldin**
**1 kúrbítur**
**2-3 hvítlauksrif**
**3 tómatar**
**Sellerí**
**4 msk. tómatpúrra**
**1 glas þurrt hvítvín (Sauvignon eða Chardonnay) eða mysa**
**2 msk. koníak**
**Hveiti**
**Sjávarsalt**
**Hvítur pipar**
**Basilikum**
**Oregano**
**Steinselja**
**Blóðberg**

Þverskerið fiskinn í þykkar sneiðar, veltið bitunum upp úr hveiti og steikið á pönnu í ólífuolíu. Þegar bitarnir hafa fengið fallegan, gylltan lit eru þeir flamberaðir með koníakinu. Geymið síðan fiskinn á diski á meðan þið steikið grænmetið á pönnu.
Skerið allt grænmetið smátt og steikið á pönnu í ólífuolíu við vægan hita, bætið tómatpúrrunni og kryddinu út í, hrærið vel. Hellið síðan hvítvíninu út í.
Setjið fiskinn í stóran pott, hellið sósunni út á og látið malla í 15 mínútur.

# Eggjabökur eftir smekk

Heitar og gómsætar eggjabökur, eða quiche, henta jafn vel í laugardagsbrönsinn og á letilegu sunnudagskvöldi fyrir framan sjónvarpið. Sigríður Vilhjálmsdóttir á Kringlukránni veit ýmislegt um eggjabökur. „Við höfum verið með quiche á matseðlinum í mörg ár og það er alltaf jafn vinsælt,“ sagði hún. Kringlukráin gerir bara grænmetisbökur, en Sigríður segir mega nota hvað sem er í fyllinguna. „Skinku, beikon og jafnvel reyktan lax. Þetta fer alfarið eftir smekk, við vigtum ekki einu sinni grænmetið sem við notum,“ sagði hún.

Quiche samanstendur af þremur þáttum. Fyrst er hnoðað deig úr hveiti, vatni, eggi og smjöri í botninn. Þá er gerð eggjahræra. Sigríður blandar rjómaosti út í fyllinguna á Kringlukránni svo að hún verði léttari og loftkenndari. Grænmetinu er svo blandað í fyllinguna, henni hellt í botninn og bakan bökuð við 160 gráður í hálftíma. „Toskanakrydd hefur virkað mjög vel með þessu, og svo stráum við osti yfir bökuna áður en hún fer inn í ofninn,“ sagði Sigríður.

Nákvæmari uppskriftir má nálgast á netinu, en þær er jafnframt að finna í mörgum matreiðslubókum.



**ALLTAF VINSÆL**
Sigríður Vilhjálmsdóttir á Kringlukránni segir eggjabökuna alltaf standa fyrir sínu, en hana má útfæra eftir eigin hentisemi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# CLINIQUE
## GÓÐ GJÖF




# Góð Clinique gjöf í Lyf & heilsu

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

- Rinse-Off Foaming Cleanser 30 ml
- Clarifying Lotion 60 ml
- Repairwear Lift Firming Night Cream 7 ml
- Colour Surge augnskuggi Soft Shimmer
- High Impact Maskari
- CS Bare Brilliance varalitur

* Á meðan birgðir endast

**Fæst í eftirfarandi apótekum Lyf & heilsu:**
Austurveri – Kringlunni – JL húsinu – Melhaga – Mjódd –
Glerártorgi, Akureyri – Keflavík – Selfossi - Vestmannaeyjum

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is

# Hommar hafa húmor fyrir sjálfum sér

**Hannes og Hafsteinn standa í stórræðum. Þeir eru með lag í Eurovision sem flutt verður á laugardagskvöldið auk þess sem þeir undirbúa nú fótboltalið sitt fyrir HM og EM í fótbolta þar sem keppa lið sem eingöngu eru skipuð hommum.**

„Ég skil það ekki, eða, jahhh, þetta er náttúrlega bara tónlist, stuð, gleði og tjáning," segir Hannes Páll Pálsson spurður um það hvernig á því standi að hommar um heim allan hafa gert Eurovision-söngvakeppnina að sinni.

Víða um land ríkir mikil spenna fyrir lokakvöldið í undankeppni hinnar íslensku Eurovision-keppni. Tvö að baki, eitt eftir og svo er það lokakeppnin. Hannes samdi texta ásamt Hafsteini Þórólfssyni við lag Hafsteins sem heitir „Þú tryllir mig". Danslag að sögn Hannesar en það verður Hafsteinn sem syngur lagið. Hann hefur reyndar ekki gert sig mjög gildandi á hinu íslenska tónlistarsviði, ekki tranað sér fram, en þó kannast margir við raust hans því hann syngur lagið „Ég er eins og ég er" sem hefur verið einkennislag hins íslenska Gay Pride. Lag sem Gloria Gaynor gerði frægt á sínum tíma en samkynhneigðir á íslandi hafa gert að sínu.

„Já, með íslenskan snilldartexta eftir Veturliða Guðnason," segir Hannes. Þá lék lagið stóra rullu í myndinni „Strákarnir okkar" eftir Róbert Douglas sem fjallar um knattspyrnulið sem skipað er hommum.

Páll Óskar söngvari hefur margoft lýst því yfir að Eurovision sé hálfgildings hommahátíð. Óheft, glimmer og glys. Hannes segir reyndar að glimmer einkenni ekki þessar gömlu söngvakeppnir en það hafi færst í aukana.

„Þetta snýst frekar um að hommar hafa húmor fyrir sjálfum sér og þeir hafa húmor fyrir þessu. Ég held að þetta sé það sem maður hefur lært, að taka lífinu létt, annars gengur þetta ekki. Og Eurovision er einmitt þannig. Sjálfir gerum við Hafsteinn okkur engar sérstakar gloríur í sambandi við gengi „Þú tryllir mig". Þetta er bara skemmtilegt."

Hannes og Hafsteinn bralla ýmislegt annað en setja saman lög og taka þátt í Eurovision. Þeir eru stofnendur og forsprakkar knattspyrnufélagsins Styrmis sem eingöngu er skipað hommum. Liðið er nú að herða róðurinn við æfingar en hommar á öllum aldri koma saman hvert sunnudagskvöld til að spila fótbolta. Hópurinn fer stöðugt vaxandi og má fá nánari upplýsingar á heimasíðunni ststyrmir.is. Og eitt og annað á döfinni. Liðið fer til Bretlands 7. apríl til að taka þátt í sérstöku Evrópumóti liða sem eingöngu eru skipuð hommum. Hannes segir íslenska liðið gott.

„Við erum nýbyrjaðir en þetta er ótrúlega gott miðað við aldur og fyrri störf. Við erum með um 40 virka meðlimi og erum komnir í þá aðstöðu að geta fyllt tvö lið. Sem er ótrúlegt miðað við ekki stærra land en Ísland er." Hannes segir myndina „Strákarnir okkar" ekki hafa verið hvati þess að liðið var stofnað í júní. Heldur hafi þeir Hafsteinn fengist við knattspyrnuiðkun með sambærilegu liði þegar þeir voru búsettir úti í Bretlandi. En myndin hafi kannski virkað hvetjandi á einhverja þá sem taka þátt. 35 hafa skráð sig til brottfararinnar á Evrópumótið og svo stendur til að taka þátt í heimsmeistaramóti hommaliða sem haldið verður í Argentínu í september.

jakob@frettabladid.is



**STYRMIR** Íslenskt fótboltalið sem eingöngu er skipað samkynhneigðum. Liðið er á leið á alþjóðlegt mót.




**HANNES** Semur textann við Eurovision-lagið sem flutt verður á laugardag.



**HAFSTEINN ÞÓRÓLFSSON** Þjálfari Styrmis.

## Engar mjónur

Victoria Beckham hefur bæst í hóp þeirra radda sem fordæma óheilsusamlega horaðar fyrirsætur. Hún hefur lofað því að lögulegri konur en svo muni sýna væntanlega fatalínu hennar þegar þar að kemur. Frú Beckham vill með þessu senda þau skilaboð til ungra stúlkna að þær þurfi ekki að vera grindhoraðar til að vera fallegar.

Þetta þykja nokkur tíðindi og jafnvel tvíræð skilaboð, þar sem kryddpían sjálf er órafjarri því að teljast holdug og hefur verið gagnrýnd harkalega fyrir fjaðurvigt sína í gegnum árin.



**FORDÆMIR HORRENGLUR** Victoria vill ekki nota grindhoraðar fyrirsætur þegar hún sýnir væntanlega fatalínu sína.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. verðlaun í Þýskalandi W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


## Stoltur af stráknum

Jájá, auðvitað er ég stoltur. Öll fjölskyldan. Þetta er náttúrlega absúrd að gera þetta í þessum leik. Þetta er það nú eiginlega," segir Guðjón Guðmundsson, Gaupi, íþróttafréttamaðurinn snjalli og helsti sérfræðingur þjóðarinnar í handbolta. Faðir Snorra Steins sem skoraði hvorki meira né minna en 15 mörk gegn gömlu herraþjóðinni í undankeppni HM í handbolta. Líklega frammistaða sem er án fordæma. Að skora svo mörg mörk í svo mikilvægum leik. Snorri Steinn hélt okkur á lífi í leiknum sem Danir svo grísuðust til að vinna í framlengdum leik.

Gaupi er tiltölulega nýkominn frá Þýskalandi þar sem hann hefur fylgst með gangi mála. Og var þess albúinn að fara út aftur ef sigur hefði hafst. Og Íslendingar þá í fjögurra liða úrslitum. En hann ætlar að sleppa því. Þó hann eigi miða út og á allan leikina ef því er að skipta.

Gaupa finnst það hálf hallærislegt að hreykjast um of af stráknum sínum. Segir bara synd að frammistaða hans hefði ekki skilað meiru en þessu.

„Auðvitað skiptir ekki máli hverjir skora mörkin. Betra að skora eitt og vinna leikinn. Já, ég er svekktur og sár en er fljótur að jafna mig. Hef svo sem upplifað þetta áður."

Gaupi hefur verið viðloðandi handbolta nánast alla sína hunds- og kattartíð. Hefur þjálfað, var aðstoðarþjálfari hjá Bogdan þegar hann þjálfaði íslenska landsliðið og síðan tók við íþróttafréttamennskan og hlýtur hann að teljast helstur sérfræðinga okkar á sviði íþróttarinnar.

„Já, það eru þín orð en ekki mín," segir Gaupi.

Snorri Steinn er nýorðinn 25 ára og leikur með Minden í Þýskalandi og er að ljúka samningi sínum við liðið. Gaupi er ekki umboðsmaður sonar síns heldur Wolfgang Guthsow sem er, að sögn Gaupa, með flesta bestu handboltamenn heims á sínum snærum.

„Hann fær náttúrlega fyrirspurnir og lætur vita sé heitt á könnunni. Auðvitað eru ýmsar vangaveltur," segir Gaupi aðspurður hvort frammistaða Snorra Steins verði ekki til þess að stærri lið verði sem gráir kettir að fá hann á mála hjá sér.

Ekki verður Gaupa sleppt án þess að spyrja hann beint út, hvort verið geti, að hann telji sig ekki eiga neitt í hæfni sonar síns bæði í gegnum æfingar og ráðleggingar. Gaupi harðneitar í fyrstu, en segist auðvitað hafa lagt línuna í upphafi. En svo tóku aðrir við prikinu.

„Nei, öfugt við það sem menn halda hef ég ekki verið að anda ofan í hálsmál þjálfara hans. Valsmenn þjálfuðu guttann þegar hann var yngri, Óskar auðvitað son. Boris Bjarni, Bjarni og Geir Sveinsson. Margir halda að ég sé alltaf á línunni en það geri ég ekki. Tel hann enda nánast fullnuma í fræðunum. Ég á nóg með mig og mitt starf." - jbg




**HANDBOLTAFEÐGAR** Óneitanlega er svipur með þeim Gaupa og Snorra Steini sem fór á kostum gegn Dönum og setti 15 mörk.

# Útsölulok

**Aðeins 5 verð:**

**500**
**1.000**
**1.500**
**2.000**
**2.500**

Full búð af nýjum vörum...

NEXT

**Kringlunni sími 551 3200**




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| CHARLOTTE'S WEB ENSKT TAL | kl. 5.20 og 7.30 |
| VEFUR KARLOTTU ÍSL. TAL | kl. 5.20 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| LITTLE CHILDREN | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40 og 8 |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 6, 8 og 10.30 |
| APOCALYPTO | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| DREAMGIRLS FORSÝNING* | kl. 8 |

*MasterCard korthafar fá 2 fyrir 1 tilboð

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Aðdáendur Harrys Potter eru margir hverjir með böggum hildar eftir að nektarmyndir birtust af hinum 17 ára **Daniel Radcliffe** sem leikur galdrastrákinn í samnefndum kvikmyndum. Radcliffe leikur um þessar mundir í leikriti á West End og kemur fram á auglýsingaspjaldi ber að ofan ásamt mótleikkonu sinni. Þótt ekki sjáist í sjálfan töfrasprotann þykir mörgum foreldrum barna sem lesa Harry Potter þetta óviðunandi og hóta að sniðganga allar hans myndir í framtíðinni.



Söngfuglinn **Mariah Carey** ætlar að sitja fyrir í næsta hefti karlatímaritsins Playboy, í engu nema agnarlitlum húðlituðum sundfötum. Myndirnar af henni fylgja grein þar sem hún er sögð hafa átt „kynþokkafyllstu endurkomuna" í poppbransanum síðastliðin ár. Auk þess svarar hún 20 „afhjúpandi" spurningum sem lesendur senda inn. Myndirnar hafa þegar lekið á netið en talsmaður Playboy staðfestir að þær munu birtast á forsíðu blaðsins sem kemur í búðir þar vestra 9. febrúar.

**Elizabeth Taylor** segir að fyrsti eiginmaður sinn, **Conrad Hilton** yngri, hafi verið andstyggileg fyllibytta. Leikkonan var á unglingsaldri þegar hún gekk í hjónaband með honum og turnaðist meira að segja til kaþólsku áður en þau voru pússuð saman. Hún viðurkennir hins vegar að hafa ekki tekið ráðahaginn alvarlega og skildi við Hilton, sem er frændi **Parisar Hilton**, níu mánuðum síðar eftir að henni varð ljóst hversu drykkfelldur hann var.







Bíóklúbbur MasterCard

www.kreditkort.is/klubbar

# 2 fyrir 1

## Á sérstaka MasterCard forsýningu í kvöld fimmtudag kl. 20:00 á DREAMGIRLS

Myndin er sýnd í Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Tilboðið gildir eingöngu fyrir MasterCard korthafa, sem fá tvo miða á verði eins, greiði þeir með kortinu.

Mundu eftir kortinu! MasterCard

LAUGARÁS BÍÓ Háskólabíó Borgarbíó

5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
Frá leikstjóra The Last Samurai
BLOOD DIAMOND
Ævintýraleg spenna og hasar
★★★★★ S.V. MBL
Háskólabíó
2 fyrir 1
DREAMGIRLS
8 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
Vefurinn hennar Karlottu
Sýnd með íslensku og ensku tali.
HJÁLPIN BERST AÐ OFAN
Frábær barna-og fjölskyldumynd frá höfundi Stúart litla.
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
BABEL
★★★★ PANAMA.IS ★★★★ TOPP5.IS ★★★★★ FBL
GOLDEN GLOBE BESTA MYND ÁRSINS
EF ÞÚ VILT FÁ SKILNING .... ÞARFTU AÐ HLUSTA
SAMBÍÓIN
FORELDRAR
2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
THE PRESTIGE
FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO

Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 10:10 | B.i.16 |
| DREAMGIRLS | kl. 8 (MasterCard 2 fyrir 1) | B.i.7 | THE HOLIDAY | kl. 6 | B.i. 7 |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | Leyfð | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 | B.i. 16 |
| BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 8:30 | B.i. 16 |

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS
Stranger than Fiction
FRÁBÆRLEGA FYNDIN OG SNIÐUG GAMANMYND..
DEPARTED
5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS
children of men
3 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS
the Holiday
Skolað í burtu
1 TILNEFNING TIL ÓSKARS
HAPPY FEET

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE PRESTIGE | kl. 8:30 - 10:50 | B.i.12 |
| BLOOD DIAMOND VIP | kl. 8 - 10:50 | | STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| VEFUR KARLOTTU M/- Ísl tal | kl. 4:10 - 5:50 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:30 | Leyfð |
| BABEL VIP | kl. 5 | | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:50 | | DIGITAL |
| VEFUR KARLOTTU M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTTE´S WEB Ensk tal | kl. 6 - 8 - 10:10 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 10:30 | | |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 10 | Leyfð |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 | Leyfð |
| TENACIOUS D IN... | kl. 8 | B.i. 12 |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 10:15 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl 8 | B.i.16 |
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| BABEL | kl 8 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl 6 | Leyfð |

Skráðu þig á SAMbio.is
www.SAMbio.is 575 8900



**BLONDE REDHEAD** Bandaríska hljómsveitin heldur tónleika á Nasa 5. apríl ásamt Kristin Hersh og Reykjavík!.

# Selt á Blonde Redhead

Miðasala á tónleika Blonde Redhead og Kristin Hersh á Nasa hinn 5. apríl hefst í dag klukkan 10.00.

Blonde Redhead er skipuð tvíburabræðrunum Simone og Amedeo Pace og hinni japönsku Kazu Makino. Sveitin þykir, eins og Íslendingar hafa fengið að upplifa, mögnuð á sviði. Kristin Hersh er aðalsprauta bandarísku hljómsveitarinnar Throwing Muses sem gerði góða lukku á Innipúkanum í fyrra.

Hljómsveitin Reykjavík! hitar upp á tónleikunum á Nasa. Miðasalan fer fram á midi.is, í verslunum Skífunnar og völdum BT-verslunum.



**RÚNAR ÞÓRISSON** Rúnar spilar á Stúdentakjallaranum í kvöld ásamt hljómsveit sinni.

# Rúnar með tónleika

Tónlistarmaðurinn Rúnar Þórisson heldur tónleika í Stúdentakjallaranum í kvöld ásamt hljómsveit sinni. Er hún skipuð þeim Arnari Gíslasyni, Haraldi Þorsteinssyni, Helgu Ágústsdóttur, Hjörvari Hjörleifssyni, Láru Rúnarsdóttur og Þorbirni Sigurðssyni.

Á tónleikunum verða m.a. leikin lög af fyrstu sólóplötu Rúnars í rokkgeiranum, Ósögð orð og ekkert meir, sem kom út fyrir rúmu einu ári og fékk fína dóma. Húsið verður opnað kl. 21.00 en tónleikarnir hefjast um klukkustund síðar og aðgangur er ókeypis.



**LAY LOW** Tónlistarkonan Lay Low var valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Lay Low sló í gegn

**Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í þrettánda sinn í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi. Á meðal verðlaunahafa voru Pétur Ben, Skúli Sverrisson og Lay Low.**

Það var mikið um dýrðir í gær þegar flestir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar söfnuðust saman í Borgarleikhúsinu. Athöfnin var sýnd í beinni útsendingu Sjónvarpsins eins og undanfarin ár. Kynnir var Felix Bergsson. Fjöldi tónlistarmanna kom fram, þar á meðal Stórsveit Reykjavíkur, Pétur Ben, Lay Low, Víkingur Heiðar Ólafsson, Voces Thules og Baggalútur ásamt Björgvini Halldórssyni.

**BESTU PLÖTURNAR**



**PÉTUR BEN** Pétur Ben fékk verðlaun fyrir bestu plötuna í flokki rokk- og jaðartónlistar.

Pétur Ben hlaut verðlaun í flokknum „Rokk og jaðartónlist“ fyrir bestu plötuna, Wine For My Weakness, og Skúli Sverrisson vann sömu verðlaun í flokknum „Ýmis tónlist“ fyrir plötuna Sería. Í flokknum „Dægurtónlist“ bar stuðsveitin Baggalútur sigur úr býtum og poppplata ársins var valin Dirty Paper Cup með Hafdísi Huld.

**LAY LOW OG BUBBI BEST**

Lay Low var valin söngkona ársins og rokkkóngurinn Bubbi Morthens var kjörinn söngvari ársins, enda hélt hann eftirminnilega afmælistónleika á síðasta ári. Lay Low, sem sló í gegn með fyrstu plötu sinni Please Don´t Hate Me, fékk einnig verðlaun fyrir besta plötuumslagið, sem var unnið af Villa Warén og Jóhönnu Lind.

**GHOSTIGITAL MEÐ BESTA LAGIÐ**

Trabant og Reynir Lyngdal fengu verðlaun fyrir myndband ársins við lagið The One. Í flokknum „Fjölbreytt tónlist“ unnu Einar Örn og Curver í Ghostigital fyrir besta lagið, Not Clean. Þá fékk slagarinn Barfly af fyrstu plötu Jeff Who? verðlaun fyrir vinsælasta lagið á Tónlist.is.

## HLJÓMPLÖTUR ÁRSINS:

**Sígild- og samtímatónlist:**
Voces Thules - Þorlákstíðir
**Jazz:**
Jóel Pálsson – Varp
**Popp:**
Hafdís Huld – Dirty Paper Cup
**Dægurtónlist:**
Baggalútur – Aparnir í Eden
**Ýmis tónlist:**
Skúli Sverrisson – Sería
**Rokk & jaðartónlist:**
Pétur Ben – Wine For My Weakness

## VINNINGSHAFAR 2006

**Sígild -og samtímatónlist – tónverk ársins:**
Áskell Másson – Fiðlukonsert
**Jazz – lag ársins:**
Einar Valur Scheving – Líf
**Fjölbreytt tónlist – lag og texti ársins:**
Ghostigital – Not Clean
**Myndband ársins:**
Trabant – The One (Höfundar Reynir Lyngdal og Trabant)
**Plötuumslag ársins:**
Lay Low – Please Don't Hate Me (Hönnun umslags – Villi Warén/Teikning á kápu – Jóhanna Lind)
**Vinsælasta lagið á Tónlist.is:**
Jeff Who? – Barfly
**Fjölbreytt tónlist- flytjandi ársins:**
Björgvin Halldórsson
**Jazz – flytjandi ársins:**
Útlendingahersveitin
**Sígild og samtímatónlist – flytjandi ársins:**
Víkingur Heiðar Ólafsson
**Söngkona ársins:** Lay Low
**Söngvari ársins:** Bubbi
**Bjartasta vonin:**
Elfa Rún Kristinsdóttir
**Hvatningarverðlaun:**
Hannes Smárason
**Útflutningsverðlaun RVK**
Loftbrúar:
Ghostigital
**Heiðursverðlaun:** Ólafur Gaukur



**EKKERT VIT Á TÍSKU** Jennifer Aniston er ekki hrifin af öllu umstanginu í kringum tísku og óttast tískulöggur heimsins.

# Óttast tískulöggurnar

Jennifer Aniston lifir í ótta við tískulöggur heimsins. Fyrrum Friends-stjarnan hefur oft komið fyrir á listum yfir best klæddu leikkonurnar ytra, en kveðst þó ekki hafa hugmynd um hvað sé flott þegar kemur að tísku og klæðnaði.

Aniston sagði Contactmusic.com að henni fyndist allt umstangið í kringum tísku nærri óþolandi. Hún sagði að sér liði eins og hún yrði tekin fyrir og dæmd frammi fyrir tískudómstól í hvert skipti sem hún færi út úr húsi, og því væri hún oftast klædd sandölum og gallabuxum. Leikkonan hefur áður sagt að hún hafi verið afar óásjáleg á yngri árum.



**FÖT Í KÍLÓATALI** Árlegur kílóamarkaður Spúútnik hefst í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verslað eftir vogarskál

Hinn árlegi kílóamarkaður Spúútnik hefst í dag. Markaðurinn nýtur gríðarlegra vinsælda, enda ekki oft sem fólki býðst færi á að kaupa föt eftir vigt. Að sögn Þuru, eiganda búðarinnar, bíða viðskiptavinir spenntir eftir markaðnum allt árið um kring. „Það er rosalega mikil eftirspurn eftir þessu. Í rauninni gætum við haft hann oft á ári, en í staðinn söfnum við upp dótinu og gerum þetta bara almennilega í janúar. Við erum að hreinsa út af lagernum,“ sagði hún.

Kílóið úr lagerhreinsuninni verður selt á 3.500 krónur, en markaðurinn stendur yfir til tuttugasta þessa mánaðar.

## > Serbneskur framherji til Fylkis

Fylkir hefur bætt fimmta erlenda leikmanninum í hóp sinn fyrir komandi átök í Landsbankadeild karla í sumar. Um er að ræða þrítugan framherja, Sasa Branezac frá Serbíu. Hann var til reynslu hjá félaginu í síðasta mánuði á sama tíma og Daninn Mads Beierholm sem einnig hefur samið við félagið. Fyrir voru hjá því Danirnir Peter Gravesen og Christian Christiansen auk Skotans Davids Hannah.

# sport

sport@frettabladid.is

ARNAR ÞÓR VIÐARSSON: FÆR ENGIN TÆKIFÆRI HJÁ FC TWENTE Í HOLLANDI

# Vilja halda mér en nota mig ekki



Arnar Þór Viðarsson hefur lítið sem ekkert fengið að spreyta sig í vetur hjá hollenska úrvalsdeildarliðinu FC Twente. Þangað fór hann fyrir ári eftir níu ára dvöl hjá Lokeren í Belgíu.

Í gær lokaði félagaskiptaglugginn og verður því Arnar Þór áfram hjá félaginu enn um sinn.

„Það er ekkert að gerast hjá mér. Ég má ekki fara frá klúbbnum,“ sagði Arnar við Fréttablaðið. „Þeir vilja ekki nota mig eins og er enda eru leikmenn ekki meiddir og liðinu gengur vel. Það er því ekki ástæða fyrir þjálfarann að breyta til. Hann vill þó ekki að ég fari þar sem hann segir að hann gæti þurft að nota mig.“

Til greina kom að Arnar yrði lánaður til annars félags og segir hann að nokkur félög hafi komið til greina. „Nokkur félög voru til í að leigja mig út tímabilið en þeir gátu ekki boðið mér langtímasamning sem ég sætti mig við. Þar sem ég hafnaði því er kannski erfitt að ætla að fara að malda í móinn við stjórann hér.“

Hann segist því ætla að bíða þolinmóður enn um sinn en framtíðin muni ef til vill skýrast að tímabilinu loknu.

„Við sjáum til hvernig staðan verður í sumar og hvaða möguleikar standa mér til boða þá. Ég er að öðru leyti mjög ánægður hér og fjölskyldunni líður vel.“

Arnar og eiginkona hans eiga von á sínu öðru barni á næstu vikum. „Það er því líka vegna þessa sem væri erfitt fyrir okkur að færa mig um set í fáeina mánuði. Það hafði sitt að segja í þessu öllu saman.“

Arnar hefur átt fast sæti í íslenska landsliðinu undanfarin ár og skoraði glæsilegt mark gegn Svíum á Laugardalsvellinum í undankeppni EM 2008. Því miður dugði það ekki til og Ísland tapaði leiknum, 2-1.



**CHE BUNCE** Þessi mynd var tekin þegar hann lék með Breiðabliki árið 1999.

Che Bunce til Coventry:

## Gamall Bliki til Coventry

**FÓTBOLTI** Nýsjálendingurinn Che Bunce gekk í gær til liðs við enska 1. deildar félagið Coventry. Bunce er Íslendingum vel kunnur enda lék hann með Breiðabliki í fjögur ár, síðast árið 1999. Alls lék hann 57 leiki fyrir félagið.

Bunce var einnig boðinn samningur hjá Dundee United en valdi að fara til Coventry þar sem betri kjör voru í boði. - esá

HM í handbolta:

## Metáhorf í Þýskalandi

**HANDBOLTI Þó að ekki séu allir Þjóðverjar meðvitaðir um að heimsmeistarakeppnin í handbolta fari fram í þeirra eigin landi eru sífellt fleiri að hrífast með. Metáhorf var á leik Þýskalands og Spánar í fjórðungsúrslitum keppninnar en á níunda milljón Þjóðverja fylgdust með beinni sjónvarpsútsendingu.**

**Handboltaæði hefur því gripið um sig í Þýskalandi en Heiner Brand, þjálfari liðsins, er vitanlega í skýjunum með sætið í undanúrslitunum.**

**„Við höfum sýnt að við getum unnið hvaða lið sem er,“ sagði Brand. Aldrei hafa fleiri fylgst með handboltaleik í sjónvarpi. Gamla metið var upp á tæplega átta milljónir áhorfenda sem fylgdust með úrslitaleiknum á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004.** - esá



**FYRSTA MARKIÐ** Cristiano Ronaldo kemur Manchester United á bragðið gegn Watford í gær með því að skora úr vítaspyrnu.
NORDIC PHOTOS/AFP

# Besta byrjun í sögu United

**Manchester United vann sitt 60. stig í ensku úrvalsdeildinni í gær með 4-0 stórsigri á botnliði Watford. Ef tekið er mið af árangri fyrstu 25 leikja hvers tímabils í sögu þess er það besti árangurinn frá upphafi. Chelsea hélt þó sínu striki.**

**FÓTBOLTI** Í fyrsta sinn í sögu Manchester United tókst liðinu að vinna nítján af fyrstu 25 leikjum tímabils í deildarkeppni. Nítjándi sigurinn kom í gær er liðið mætti botnliði Watford og vann öruggan sigur, 4-0.

Cristiano Ronaldo kom United yfir með marki úr vítaspyrnu eftir að brotið var á Ole Gunnar Solskjær. Lloyd Doyley varð svo fyrir því óláni að skalla boltann í eigið net eftir fyrirgjöf Kieran Richardson snemma í síðari hálfleik.

Henrik Larsson tókst svo að skora sitt fyrsta mark í ensku úrvalsdeildinni og það aðeins nokkrum mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður fyrir Solskjær. Markið var snoturt, hann skoraði með laglegu skoti eftir undirbúning Waynes Rooney.

Rooney bætti svo við fjórða markinu tveimur mínútum síðar, í þetta sinn eftir undirbúning Ronaldo.

Yfirburðir Manchester United voru slíkir að Watford sá sér þann kost vænstan að pakka í vörn á lokamínútum leiksins til að forðast enn stærra tap.

Chelsea vann öruggan 3-0 sigur á Blackburn með mörkum frá Didier Drogba, Frank Lampard og Salomon Kalou. Englandsmeistararnir halda því áfram að fylgja United eins og skugginn.

Didier Drogba skoraði sitt 23. mark fyrir Chelsea í vetur og mark Franks Lampard var það sextánda í röðinni. Sá síðarnefndi var í sumar og haust mjög svo gagnrýndur fyrir frammistöðu sína á vellinum en hefur nú svarað því með mörkunum sextán.

Newcastle vann svo dýrmætan sigur á Aston Villa, 2-1, auk þess sem Charlton náði í gott útivallarstig í Bolton.

Charlton er nú komið í 20 stig, rétt eins og West Ham sem situr í þriðja neðsta sæti deildarinnar. Wigan er með 22 stig en svo eru fimm stig í næsta lið. Það er því útlit fyrir afar spennandi fallbaráttu.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### Iceland Express deild kv.

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-HAUKAR | 75-84 |
| KEFLAVÍK-HAMAR | 95-59 |

### Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| CHELSEA-BLACKBURN | 3-0 |

1-0 Didier Drogba (6.), 2-0 Frank Lampard (67.), 3-0 Salomon Kalou (90.).

| | |
|---|---|
| BOLTON-CHARLTON | 1-1 |

1-0 Henrik Pedersen (6.), 1-1 Talal El Karkouri (12.).

| | |
|---|---|
| MANCHESTER UNITED-WATFORD | 4-0 |

1-0 Cristiano Ronaldo, víti (20.), 2-0 Lloyd Doyley, sjálfsmark (60.), 3-0 Henrik Larsson (70.), 4-0 Wayne Rooney (72.).

| | |
|---|---|
| NEWCASTLE-ASTON VILLA | 1-0 |

1-0 James Milner (5.), 2-0 Kieron Dyer (7.), 2-1 Ashley Young (25.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UTD.** | **25** | **19** | **3** | **3** | **57-18** | **60** |
| CHELSEA | 25 | 16 | 6 | 3 | 44-19 | 54 |
| **LIVERPOOL** | **25** | **15** | **4** | **6** | **39-17** | **49** |
| ARSENAL | 24 | 13 | 6 | 5 | 45-20 | 45 |
| **BOLTON** | **25** | **12** | **5** | **8** | **29-27** | **41** |
| PORTSM. | 25 | 10 | 8 | 7 | 34-24 | 38 |
| **READING** | **25** | **11** | **4** | **10** | **37-34** | **37** |
| EVERTON | 24 | 9 | 8 | 7 | 31-23 | 35 |
| **NEWCASTLE** | **25** | **9** | **6** | **10** | **31-33** | **33** |
| TOTTENHAM | 24 | 9 | 6 | 9 | 29-32 | 33 |
| **M'BROUGH** | **25** | **8** | **7** | **10** | **29-29** | **31** |
| BLACKBURN | 25 | 9 | 4 | 12 | 28-36 | 31 |
| **MAN. CITY** | **24** | **8** | **6** | **10** | **19-28** | **30** |
| ASTON V. | 25 | 6 | 11 | 8 | 27-31 | 29 |
| **FULHAM** | **25** | **6** | **11** | **8** | **26-38** | **29** |
| SHEFF. UTD. | 25 | 7 | 6 | 12 | 21-33 | 27 |
| **WIGAN** | **24** | **6** | **4** | **14** | **25-41** | **22** |
| WEST HAM | 25 | 5 | 5 | 15 | 18-40 | 20 |
| **CHARLTON** | **25** | **5** | **5** | **15** | **20-44** | **20** |
| WATFORD | 24 | 2 | 9 | 13 | 14-36 | 15 |

### Enski deildabikarinn

| | |
|---|---|
| ARSENAL-TOTTENHAM | 1-1 |

Leikurinn var framlengdur og var framlengingu ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

### Spænska bikarkeppnin

| | |
|---|---|
| DEPORTIVO-VALLADOLID | 4-1 |
| GETAFE-OSASUNA | 3-0 |

### Þýska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| HANNOVER 96-HERTHA BERLÍN | 5-0 |

**Gunnar Heiðar Þorvaldsson** var ekki í leikmannahópi Hannover.

Þriðji hver Dani sá danska landsliðið leggja það íslenska í fjórðungsúrslitum HM í Þýskalandi:

# Danir ætla sér alla leið í úrslitaleikinn

**HANDBOLTI** Eins og á Íslandi er handboltaæði í Danmörku. Það náði hámarki í fyrradag er danska landsliðið vann það íslenska í æsispennandi framlengdum leik í 8-liða úrslitum keppninnar. Danir unnu, eins og allir vita, með marki á lokasekúndunum.

Það má ganga út frá því að meginþorri íslensku þjóðarinnar hafi horft á leikinn en áhorfið var einnig gott í Danmörku. Þriðji hver Dani horfði á leikinn, um ein milljón manns.

Þjálfari Dana, Ulrik Wilbek, sagði í gær að nú kæmi ekkert annað til greina en sæti í sjálfum úrslitaleiknum. Þeir mæta Pólverjum í Hamborg í dag.

„Við erum komnir á þann stað sem enginn hefði getað séð fyrir í sínum villtustu draumum. En það stoppar ekki hér. Við viljum í úrslitaleikinn og eigum góðan möguleika á því,“ sagði Wilbek.

Joachim Boldsen meiddist á hné í leiknum gegn Íslandi en verður klár í slaginn í dag.

Danskir fjölmiðlar fjölluðu allir um leikinn á forsíðu í gær og hylltu Lars Möller Madsen en hann skoraði sigurmark leiksins.

Félagi hans, Michael Knudsen, tók undir þetta og sagði að Madsen og Anders Oechsler hefðu verið hetjur leiksins.

„Þeir brenndu af sínu færi í lok framlengingarinnar og það gaf okkur tækifæri til að vinna leikinn. Það segir að Íslendingarnir voru góðir en það vorum við líka.“

Hann sagði þó að það hefði verið alger óþarfi að fá leikinn í framlengingu. „Við hefðum átt að vera löngu búnir að klára leikinn. Þessi taugaspenna var alls ekki nauðsynleg.“

Lars Rasmussen átti erfitt með að lýsa tilfinningum sínum eftir leik. „Þetta er ótrúlegt, ólýsanlegt og mikill léttir. Nú skulum við hætta að spila svona spennandi leiki. Nú vil ég prófa að vinna með fimm marka mun.“ - esá



**MIKILL FÖGNUÐUR** Kasper Hvidt markvörður og Lars Jörgensen fagna eftir sigurinn á Íslandi í fyrrakvöld.
NORDIC PHOTOS/BONGARTS


FYLKIR

**Aðalfundur 2006**

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll fimmtudaginn 15. febrúar 2007 kl. 20.30.

Dagskrá;
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

**Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis.**



**SÍÐASTI LEIKURINN** Matthew Upson í sínum síðasta leik með Birmingham, gegn Southend í fyrradag.
NORDIC PHOTOS/GETTY

West Ham styrkir vörnina:

## Upson loksins til West Ham

**FÓTBOLTI** West Ham þurfti þrjú tilboð til að fá Matthew Upson frá Birmingham. Tilboðið var samþykkt í gær, á lokadegi félagaskiptagluggans. Kaupverðið er sex milljónir punda og gildir samningurinn til fjögurra og hálfs árs. Á þeim tíma getur kaupverðið hækkað um eina og hálfa milljón punda.

Upson kom til Birmingham frá Arsenal í janúar 2003 og var félagið afar tregt til að sleppa honum. - esá

Yfirtökumál Liverpool:

## Arabar hætta við yfirtöku

**FÓTBOLTI Fjárfestingarfélagið Dubai International Capital hefur hætt við yfirtökutilboð sitt á enska úrvalsdeildarfélaginu Liverpool. Málið var langt komið en stjórn félagsins dró það á langinn að samþykkja tilboð félagsins. Eftir að áhugi hins bandaríska George Gillett var gerður opinber dró DIC tilboð sitt til baka.**

**Gillett hefur áður gert tilboð í félagið og hefur þegar skoðað bókhald félagsins. Það ætti því ekkert að standa í vegi fyrir því að hann geri endanlegt tilboð í félagið.** - esá



**MAGATH** Á æfingu með Bayern München. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Felix Magath rekinn í gær:

## Hitzfeld aftur með Bayern

**FÓTBOLTI** Þýsku meistararnir Bayern München ákváðu í gær að reka Felix Magath, stjóra liðsins. Liðið er í fjórða sæti deildarinnar sem stendur og hefur tapað síðustu tveimur leikjum sínum.

Ottmar Hitzfeld tekur á ný við liðinu og stýrir því til loka tímabilsins. Hann vann Meistaradeild Evrópu með félaginu árið 2001.

Enskir fjölmiðlar gerðu því skóna að nú væru meiri líkur á því að Owen Hargreaves, leikmaður Bayern, gæti farið til Manchester United. - esá

Michael Duberry til Reading:

## Ívar fær meiri samkeppni

**FÓTBOLTI Michael Duberry gekk í gær til liðs við Reading frá Stoke. Duberry er 31 árs gamall og lék síðast með Leeds í úrvalsdeildinni árið 2004. Hann samdi til eins og hálfs árs.**

**Duberry var með klausu í samningi sínum við Stoke sem gerði honum kleift að tala við úrvalsdeildarfélög. Hann hóf feril sinn hjá Chelsea.**

**Hann er varnarmaður og mun því keppa um stöðu í byrjunarliðinu við Ibrahima Sonko og Ívar Ingimarsson.** - esá




# Verum stolt af strákunum okkar

**Íslenska landsliðið spilar gegn Rússum í dag en sigurvegarinn spilar um 5.-6. sætið á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi en tapliðið spilar um 7.-8. sætið við annaðhvort Króatíu eða Spán sem mætast einnig í dag.**

**HANDBOLTI** Morguninn eftir grátlegt tap gegn Dönum á HM svíður tapið enn. Undirritaður var í losti allt þar til hann sofnaði og skildi Guðjón Val svo vel þegar hann sagðist ekki vilja spila fleiri leiki á mótinu rétt eftir Danaleikinn. Tilfinningin var þannig hjá flestum. Þetta tap var á marga vegu sérstaklega sárt. Mér leið illa eins og flestum Íslendingum sem horfðu á leikinn en um leið hugsaði ég um hvernig strákunum liði. Nóttin eftir leikinn hlýtur að hafa verið þeim mjög erfið.

Ég er einnig sammála Guðjóni Vali í því að íslenska liðið er betra en það danska. Menn geta velt sér upp úr mörgum smáatriðum í leiknum en þegar öllu er á botninn hvolft tapaðist leikurinn ekki á einhverju ákveðnu atriði. Í raun munaði bara sentimetrum að Ísland hefði unnið leikinn. Heppnin var einfaldlega með Dönum að þessu sinni, það er ekki flóknara en það í mínum huga.

Það þýðir ekki að hengja haus því fram hjá því verður ekki litið að árangur, og ekki síst framganga liðsins á vellinum, hefur verið til mikillar fyrirmyndar í Þýskalandi. Enn eina ferðina hefur strákunum okkar tekist að draga Íslendinga að skjánum sem hrópa og öskra sem óðir væru yfir leikjum liðsins. Jafnvel þeir sem lítinn eða engan áhuga hafa á íþróttum hrífast með. Slíkt er aðdráttarafl handboltalandsliðsins. Strákarnir okkar snerta taug í íslensku þjóðinni sem á sér enga hliðstæðu.



**ÞVÍLÍKT SVEKKELSI** Ásgeir Örn Hallgrímsson, Ólafur Stefánsson, Vignir Svavarsson, Markús Máni Michaelsson og Alfreð Gíslason eru skiljanlega niðurlútir eftir tapið gegn Dönum í fyrradag. Engu að síður hafa þeir allir staðið sig eins og hetjur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það er heldur ekki skrýtið því þessir drengir eru þvílíkir íþróttamenn og karakterar að það er ómögulegt að hrífast ekki með þeim. Ódrepandi sigurvilji og kraftur íþróttamanns ársins, Guðjón Vals, er aðdáunarverður en þrátt fyrir að hafa verið meiddur í síðustu leikjum spilar Guðjón alla leiki frá upphafi til enda og slær hvergi af. Þvílíkur keppnismaður. Íslendingurinn frá Ríga, Alexander Petersson, leikur af slíkri ákefð og innlifun fyrir Ísland að leitun er að öðru eins. Drengurinn hefur spilað kjálkabrotinn fyrir liðið og myndi eflaust gera það þótt hann missti útlim. Slíkur er baráttuviljinn og fórnfýsnin.

Það er eins og að fylgjast með töframanni að horfa á Ólaf Stefánsson spila handbolta því maður veit aldrei hverju hann bryddar upp á næst og hann getur nánast allt í handbolta. Klárlega fjölhæfasti handboltamaður heims og líklega sá besti. Ekki vantar heldur viljann og hugrekkið því engum hefur dulist að Ólafur hefur leikið þjáður á mótinu en í stað þess að væla neitar hann að ræða um sársaukann.

Svo má einnig nefna karakter Snorra Steins Guðjónssonar sem er hreint ótrúlegur. Klárlega framtíðarfyrirliði landsliðsins þar á ferð. Það kemur ekkert þeim manni úr jafnvægi og stundum er engu líkara en að það renni ekki í honum blóðið. Sú hugsun læddist upp í hugann þegar hann skoraði úr vítinu gegn Dönum undir lok venjulegs leiktíma. Hann óttast ekkert, rífur menn með sér og leiðir með góðu fordæmi. Alltaf til í að taka af skarið. Sannur leiðtogi.

Svona mætti í raun tala um alla strákana í íslenska liðinu því það eru ekki bara einstaklingarnir sem hafa náð þessum árangri heldur liðsheildin sem er stýrt af mikilli röggsemi hershöfðingjans Alfreðs Gíslasonar. Alfreð hefur tekist að búa til frábært lið þar sem allir eru til í að fórna sér hver fyrir annan. Það er miður að hann hyggist stíga frá borði en ákvörðunin er skiljanleg.

Það verður eflaust erfitt fyrir strákana að rífa sig upp í dag gegn Rússum en ég efast samt ekki um að þeir munu gera það. Íslenska þjóðin mætir líka vonandi fyrir framan skjáinn og styður strákana áfram því það á að styðja liðið í blíðu og stríðu eins og mikið hefur verið talað um.

Strákarnir okkar hafa kveikt ljós í hjarta þjóðarsálarinnar á þungum og dimmum janúardögum og eiga svo sannarlega skilið að við styðjum þá áfram allt til enda. Við eigum að vera stolt af strákunum okkar.



ÍÞRÓTTALJÓS
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
*skrifar frá Hamborg*
henry@frettabladid.is



**SVONA NÚ** Sigfús Sigurðsson reynir að hughreysta félaga sinn, Guðjón Val Sigurðsson, eftir tapleikinn gegn Dönum í fjórðungsúrslitum HM í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenska landsliðið:

## Fékk frí í gær

**HANDBOLTI Strákarnir okkar fengu frí hjá Alfreð Gíslasyni landsliðsþjálfara í gær svo þeir gætu hvílt lúin bein og aðeins dreift huganum eftir leikinn rosalega gegn Dönum.**

**Fríið var vel þegið hjá leikmönnum sem fengu sér göngutúra í miðborg Hamborgar og hittu vini og ættingja. Alvaran hefst svo aftur í dag er liðið mætir Rússum í leik um réttinn til að spila um fimmta til sjötta sæti á HM. Tapliðið í dag leikur um sjöunda til áttunda sæti.**

- hbg

Að miklu að keppa fyrir íslenska landsliðið:

## Mikilvægt að ná 5. sætinu

**HANDBOLTI** Þótt illa hafi farið gegn Dönum er ljóst að íslenska landsliðið verður að rífa sig upp því enn er að miklu að keppa. Ísland er nú þegar öruggt með sæti í riðlakeppni fyrir Ólympíuleikana í Peking en það skiptir miklu máli að ná fimmta sætinu á HM.

Í undankeppni fyrir Ólympíuleikana verður leikið í þremur fjögurra liða riðlum og fara tvö lið úr hverjum riðli til Peking. Í riðlunum verða lið frá öllum heimsálfum en kosturinn við að lenda í fimmta sæti á HM er sá að það lið lendir í riðli með tveim liðum frá Afríku og einu frá Asíu. Leiðin ætti því að vera nokkuð greið á ÓL fyrir Evrópuliðið með fullri virðingu fyrir hinum þjóðunum.

Lendi Ísland í áttunda sæti á HM fer það í riðil með tveim sterkum Evrópuþjóðum og þá gæti verið við ramman reip að draga. Þessi riðlakeppni mun fara fram í maí og júní næsta ár.



**FER ÓLI TIL PEKING?** Draumur Ólafs Stefánssonar er að vinna til verðlauna með íslenska landsliðinu á Ólympíuleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

- hbg




ÓDÝRT ER GOTT!
Verslun Sappos er troðfull af nýjum og flottum vörum á hreint lýgilega góðum verðum. Það skiptir ekki máli á hvaða aldri þú ert, ÞAÐ FINNA ALLIR eitthvað við sitt hæfi... Njótið vel!
"BESTUR"
3000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: hvítur, svartur
Stærðir: 36-41
Litir: rauður, svartur, grár
Stærðir: 36-41
Litir: svartur, brúnn, dökkbrúnn
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
Stærðir: 36-41
Litir: leopard
2500 kr.
Stærðir: 30-35
Litir: blár, bleikur
Stærðir: 22-30
Litir: blár, brúnn
Stærðir: 28-35
Litir: grár/blár
KangaROOS
RÚSSKIN
Stærðir: 21-26
Litir: rauður, blár
Reebok
5000 kr.
Stærðir: 40-47
Litir: svartur
Stærðir: 40-50
Litir: svartur
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
Stærðir: 40-47
Litir: svartur
ALVÖRU MERKI Á ALVÖRU VERÐI!
BLEND
3500 kr.
Stærðir: 41-46
Litir: svartur, brúnn
SKECHERS
LEÐUR
Frábærir leðurskór frá Skechers.
Stærðir: 35-41
Litir: svartur
2500 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: hvítur, svartur
Stærðir: 36-41
Litir: leopard
Stærðir: 36-41
Litir: grey leopard
Stærðir: 36-41
Litir: svartur, glans/mattur
3000 kr.
RÚSSKIN
Stærðir: 30-39
Litir: bleikur, blár
KangaROOS
4000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur, grár
1000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
FYLGIHLUTIR
GLÆSILEGT ÚRVAL AF TÖSKUM FYRIR ALLA!!!
Allt á 1000 kr.
- margar tegundir
FRÁBÆRT TILBOÐ!
Stór og vandaður útilífsbakpoki sem stenst íslenskar aðstæður.
Vatnsvarinn CON-TEX®
5500 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur
LEÐUR
LOÐFÓÐRAÐ
OPNUNARTÍMI SAPPOS.
Fimmtudaga 12-18
Föstudaga 12-18
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Sappos Akureyri
Sappos Garðabæ
SAPPOS
www.sappos.is
Sendum í póstkröfu. Alltaf opið á netinu, www.sappos.is - sími 534 5740
Miðhrauni 14 · Garðabæ · Sími 534 5700 · Hrísalundi 5 · Akureyri · Sími 534 5740

## > ANGELINA JOLIE

Fæddist 4. júní 1975. Ólst upp í Los Angeles en hún er dóttir Óskarsverðlaunaleikstjórans Jon Voight. Það lá því beinast við að hún færi í skemmtanaiðnaðinn. Hún starfaði sem fyrirsæta í fullu starfi í London, New York og Los Angeles. Þá lék hún í tónlistarmyndböndum listamanna eins og til dæmis Lenny Kravitz. Þá lék hún í fimm myndum í kvikmyndaskólanum sem hún fór í en þeim var öllum leikstýrt af bróður hennar, James Haven. Þú getur séð Jolie í myndinni Hackers á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON SÁ MANN BUGAST Í BEINNI

# *Eins manns þjóðarsorg*

Það var vissulega leitt að horfa á íslenska landsliðið tapa fyrir Dönum í beinni útsendingu á þriðjudag eftir vasklega framgöngu. Það var aftur á móti átakanlegt að heyra vonir Geirs Magnússonar bresta. „SNILLD SNILLD SNILLD“ hrópar hann þegar Íslendingar komast yfir í framlengingu. Snilldin reynist hins vegar ekki langlíf og Íslendingar tapa með einu marki. „Æ, æ, æ,“ stynur algjörlega bugaður Geir Magnússon.

Innlifun íþróttafréttamannsins náði áður óþekktum hæðum, starfsbræður hans vita að sennilega verður þetta aldrei toppað (nema Íslendingar komist einhvern tímann í úrslit). Ef Geir hefði verið á vellinum hefðum við sennilega unnið leikinn með tíu mörkum. Gleði Samúels Arnar hefur mögulega einhvern tímann náð hærra en það efa ég að sorg hans hafi nokkurn tímann náð jafn djúpt.

Hlutverk þeirra sem lýsa kappleikjum er ekki aðeins að lýsa því sem fyrir augu ber heldur er þeir eins konar fulltrúar okkar sem heima sitjum; endurspegla okkar líðan. Einmitt þess vegna voru vonbrigði Geirs svo sár því þau voru ekki bundin við þennan eina mann í sjónvarpinu heldur tugþúsundir Íslendinga. Harmur margra Íslendinga var sannarlega mikill og nístandi þetta kvöld.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** The Office SKJÁREINN



▶ **20.30** KF Nörd SIRKUS



▶ **20.30** Malcolm in the Middle SKJÁREINN



▶ **21.15** Desperate Housewives RÚV



▶ **22.35** Road to the Superbowl 2007 SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**13.50 HM í handbolta** Spánn-Króatía.

**15.30 HM í handbolta (e)** Ísland-Danmörk, lok og framlenging.

**16.00 HM-stofan**

**16.20 HM í handbolta** Ísland-Rússland, bein útsending. Keppt um 5-8 sæti.

**18.00 HM-stofan**

**18.10 HM í handbolta** Þýskaland-Frakkland í undanúrslitum í Köln, síðari hálfleikur.

**18.50 Táknmálsfréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 HM í handbolta** Pólland-Danmörk í undanúrslitum.

**21.05 Lithvörf 3** (5:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn.

▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives III) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Sporlaust** (9:24) (Without a Trace)

**23.10 Lífsháski (e)** (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Meðal leikenda eru Naveen Andrews, Emilie de Ravin, Matthew Fox, Jorge Garcia, Maggie Grace, Dominic Monaghan og Josh Holloway. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

**23.55 HM í handbolta** Ísland-Rússland, keppt um 5-8 sæti.

**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Good Thief** (Double Down)

**08.00 Medicine Man**

**10.00 Innocence** (Sakleysi)

**12.00 Hackers** (Tölvuþrjótar)

**14.00 Medicine Man**

**16.00 Innocence** (Sakleysi)

**18.00 Hackers** (Tölvuþrjótar)

**20.00 Good Thief** (Double Down) Aðalhlutverk: Nick Nolte, Nutsa Kukhianidze, Ouassini Embarek, Marc Lavoine. Bönnuð börnum.

**22.00 Nueve reinas** (Nine Queens)

**00.00 Narc** (Fíknó) Stranglega bönnuð.

**02.00 Undisputed** Stranglega bönnuð.

**04.00 Nueve reinas** (Nine Queens)

## STÖÐ 2

**07.00 Animaniacs** (Villingarnir)

**07.20 Grallararnir** (Tiny Toons)

**07.40 Taz-Mania 1**

**08.00 Martha** (Joan Cusack)

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Related** (1:18) (Systrabönd)

**10.05 Ganga stjörnurnar aftur?** (Dead Famous) (1:8) Farið í gamanbúð á Sunset Boulevard, snekkju sem Al Capone átti og hið illræmda Alcatraz fangelsi.

**11.15 60 mínútur** (60 Minutes)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Nágrannar** (Neighbours)

**13.05 Valentína**

**14.35 Two and a Half Men** (17:24)

**15.00 George Lopez** (18:24)

**15.20 Curb Your Enthusiasm** (5:10)

**15.50 Skrímslaspilið**

**16.15 Scooby Doo**

**16.40 Tasmanía** (Taz-Mania)

**17.05 Myrkfælnu draugarnir** (33:90)

**17.18 Doddi litli og Eyrnastór** (Noddy)

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar** (Neighbours)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The Simpsons 15** (4:22)

**20.05 Meistarinn - stjörnustríð** (1:2) Spurningaþátturinn Meistarinn hefur á ný göngu sína á Stöð 2.

**21.00 Studio 60** (4:13) (Bak við tjöldin)

**21.45 The Closer** (11:15) (Málalok) Brenda villist í umferðaröngþveiti á götum Los Angeles-borgar og er því of sein á morðstað þar sem framin hafa verið fjöldamorð. Bönnuð börnum.

**22.30 Murder in Suburbia** (1:6) (Morð í úthverfinu) Breskir sakamálaþættir þar sem hin sígilda morðgáta hefur verið færð í nýjan og ferskari búning. 23:20 American Idol (3:41)

**00.00 American Idol** (4:41)

**01.20 Ballistic: Ecks vs. Sever** 2002. Stranglega bönnuð börnum.

**02.50 Studio 60** (4:13)

**03.35 Medium** (1:22) (Miðillinn)

**04.20 Bones** (1:22) (Bein)

**05.05 Fréttir og Ísland í dag**

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld** (21:24)

**19.55 3. hæð til vinstri** (1:30) Í blokk einni í Reykjavík búa vinirnir Bragi og Hrafntinna. Bragi er bókmenntafræðingur sem þráir ekkert heitar en að gerast kennari en Fjóla er listamaður. Dag einn flytur bróðir Braga inn til vinanna og lífið í íbúðinni raskast við það. Til þess að halda friðinn í íbúðinni ákveða þau að videoblogga um líf sitt á heimilinu og fá þannig útrás fyrir reiðina. 3. hæð til vinstri er fimm mínútna videoblogg á hverjum degi á Sirkus klukkan 19.55.

**20.00 Entertainment Tonight (e)**

▶**20.30 KF Nörd** (4:15) (Að vera fjölhæfir leikmenn) Það er mikilvægt að vera sýnilegir í knattspyrnu. Markaðssetning skiptir miklu máli og menn leggja mikið á sig til að ná athygli. Leyndir hæfileikar strákana eru nýttir afar vel þegar þeir fara í hljóðver til að hljóðrita stuðningslag liðsins „Áfram KF Nörd“. Það er hins vegar ekki nóg að gefa út lag, það þarf að gera myndband við það líka.

**21.15 Four Kings**

**21.45 Chappelle´s Show 1** Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.

**23.00 Insider**

**23.30 Vanished (e)** (13:13) (Vanished)

**00.20 Seinfeld (21:24) (e)**

**00.45 Entertainment Tonight (e)**

**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place (e)**

**13.30 2006 World Pool Championships (e)**

**15.15 Vörutorg**

**16.15 Love, Inc. (e)**

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Melrose Place**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Game tíví**

▶**20.00 The Office** Bandarísk gamansería sem nýverið hlaut Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían. Þegar hálf jóna finnst finnst á bílstæði fyrirtækisins fer Dwight á stúfana, staðráðinn í að finna dópistann.

▶**20.30 Malcolm in the Middle** Bandarísk gamansería um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans. Hal gleymir að borga sjúkratryggingar fjölskyldunnar og ákveður að læsa strákana inni yfir helgi til að forðast slysin.

**21.00 The King of Queens**

**21.30 Still Standing** Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú. Skrautlegir fjölskyldumeðlimir og furðulegir nágrannar setja skemmtilegan svip á þáttinn. Það eru Mark Addy (The Full Monty) og Jami Gertz sem leika hjónakornin.

**22.00 House**

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 America's Next Top Model (e)**

**01.05 C.S.I. (e)**

**02.05 Vörutorg**

**03.05 Beverly Hills 90210 (e)**

**03.50 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**15.00 West H. - Liverpool (frá 30.jan)**

**17.00 Chelsea - Blackburn (frá 31.jan)**

**19.00 Þrumuskot** Farið er yfir leiki vikunnar og öll mörkin sýnd.

**20.00 Liðið mitt**

**21.00 Þrumuskot (e)**

**22.00 Newc. - Aston Villa (frá 31.jan)**

**00.00 Reading - Wigan (frá 30.jan)**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Meistarinn**



Í kvöld hefur á Stöð 2 göngu sína á ný spurningaþátturinn Meistarinn. Sem fyrr er það Logi Bergmann Eiðsson sem er þáttastjórnandi og spyrill í spennandi spurningaeinvígi þar sem reynir ekki einasta á almenna þekkingu, heldur einnig kænsku og heppni. Áður en sjálf leitin hefst að nýjum Meistara – sem mun vinna sér inn 5 milljónir í beinhörðum peningum með því að leggja alla andstæðinga sína – þá verður boðið upp á tvo sérstaka „stjörnustríðsþætti". Þar mætast þjóðþekktir einstaklingar, tveir saman í liði, í viðureign þar sem peningaverðlaunin munu renna í þágu góðs málefnis – valið af keppendum sjálfum. Í fyrri stjörnuviðureigninni mæta tveir af forsvarsmönnum borgarinnar, þeir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra og grínistanum Jóhannesi Kristjánssyni eftirhermu – sem einmitt hefur getið sér gott orð í gegnum tíðina fyrir að herma listilega vel eftir stjórnmálamönnum. En kann hann að herma eftir sönnum Meistara? Eiga þau Siv roð í valdamestu menn borgarinnar? Það kemur í ljós í Meistaranum á Stöð 2 í kvöld.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ MURDER IN SUBURBA STÖÐ 2 KL. 22.30

Breskir sakamálaþættir þar sem hin sígilda morðgáta hefur verið færð í nýjan og ferskari búning. Söguhetjur þáttanna eru DS Emma „Scribbs" Scribbins og DI Kate ´Ash´ Ashurst, ungar og einhleypar, rannsóknarlögreglukonur, sem eiga auðveldara með að leysa flóknustu morðmál en að ná sér í karl. Í hverjum þætti vinna þær að morðrannsókn og beita til þess gömlum og góðum aðferðum á borð við innsæi og rökhugsun, fremur en að treysta um of á vísindi og tækni. Þættirnir koma úr smiðju höfunda og leikstjóra sem komið hafa að gerð nokkurra af bestu sakamálaþáttum sem gerðir hafa verið í Bretlandi.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir
**10.13** Litla flugan
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson (18:23)
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn fyrir krakka á öllum aldri
**19.27** Bein útsending frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Þættir úr íslenskri leikritun: Mitt er að skilja, ykkar að yrkja (3:12)
**23.10** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**14.10 Spænska bikarkeppnin** (Barcelona - Zaragoza)
**15.50 Enski deildarbikarinn** (Arsenal - Tottenham)
**17.30 Gillette World Sport 2007**
**18.00 Presidents Cup 2007 - Official** Fylgst er með gangi mála í PGA mótaröðinni, birt viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.
**18.25 Pro bull riding**
**19.20 Sterkasti maður í heimi 2006**
**19.50 Spænska bikarkeppnin** (Sevilla - Betis) Bein útsending frá bikarleik á Spáni.
**21.50 Football Icon**
▶**22.35 Road to the Superbowl 2007** Þáttur um keppnistímabilið í NFL-deildinni í amerískum ruðningi. Sérstaklega er farið yfir gengi þeirra liða sem leika í Super Bowl og leið þeirra í úrslitin.
**23.25 PGA Tour 2007 - Highlights**
**00.20 Spænska bikarkeppnin** (Sevilla - Betis)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Skrål **6.30** Det, der med børn **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** Hvad er det værd **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Nyheder fra Grønland **9.00** Når chefen er problemet **9.30** Kend dit hus **10.00** Siriuspatruljen: Den tredje mand **10.30** Uventet besøg **11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** De moderne familier **12.25** Aftenshowet **13.20** Kender du typen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SPAM **14.30** Boogie Update **15.00** Liga **15.30** Grusom tosomhed **15.35** Frikvarter **16.00** Barda **16.30** Fandango med Chapper **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Vores planet **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** 8 Mile 22.45 Musikprogrammet 23.15 Liga

### NRK 1

**8.30** Mat med Niklas **9.00** Siste nytt **9.05** Forbrukerinspektørene **9.30** På dypt vann i Thailand **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Åstfold **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane 1**4.30** Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** Pysj-klubben **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Vestindia - vårt tapte paradis **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Kodenavn Hunter **21.30** Hjerte til hjerte **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Urix **22.50** Presidenten **23.30** MAD TV **0.10** Top Gear - Tut og kjør!

### SVT 1

**8.30** Lilla löpsedeln **8.45** Morfis kod, ett matteäventyr **9.00** Showen Dollar **9.15** Runt i naturen - här kommer äggdjuren **9.20** Mellan raderna **9.25** Bästisar **9.50** Pussel **10.10** Världens fest i Sverige **10.25** Runt i naturen **10.35** Safari Europa **11.00** Rapport **11.05** Argument **14.30** & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Små grytor har också öron **16.30** Prins Joachims Schackenborg **17.00** Nalle har ett stort blått hus **17.30** Dagens ramsa **17.35** Ozzy och Drix **18.00** Lilla Aktuellt **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** Det röda guldet **21.00** Badal **21.55** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.15** Uppdrag Granskning **23.15** Bingo Royale **0.00** Sändningar från SVT24





Nissan X-Trail Adventure
Séríslensk útgáfa

**Nissan X-Trail Adventure** er ekki bara hentugur fyrir íslenskar aðstæður heldur sérhannaður fyrir þær og fæst hvergi nema á Íslandi. Um er að ræða breyttan X-Trail með upphækkun, 29" dekkjum, bakkvörn, stigbretti og krók. X-Trail Adventure er kröftugur og sérstakur jeppi sem sýnir frábæra frammistöðu við hvaða aðstæður sem er. Stíllinn snýst ekki aðeins um glæsilegt útlit heldur kraft, öryggi og lipurð. Hönnun fram- og afturenda bílsins er miðuð við að akstur í torfærum, grjóti og snjó verði auðveldari og að þú sjáir öll fjögur hornin úr ökumannssætinu og getir stjórnað og lagt X-Trail af öryggi. Ríkulegur staðalbúnaður og frábærar breytingar frá Arctic Trucks gera þennan jeppa að sannkallaðri kjöreign.

ADVENTURE

**Komdu og reynsluaktu Nissan X-Trail Adventure, hann er ævintýri á hjólum!**

NISSAN X-TRAIL NISSAN

Krómgrind á mynd er ekki innifalin í verði á Adventure.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

## HRÓSIÐ …



*…fær Siggi Hall, sem kippir sér ekkert upp við að vera settur á sama stall og Morgan Freeman og David Beckham af stjörnublaðamanninum John Carlin.*

# Árni Þór hættur hjá Sirkus

Árni Þór Vigfússon er að hætta sem sjónvarpsstjóri Sirkuss. „Hann er á förum frá okkur,“ staðfestir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla. „Þetta gerist á næstunni,“ bætir hann við.

Ari segir að nokkrar breytingar séu fyrir höndum hvað Sirkus-fjölskylduna varðar en hún samanstendur af vefsíðunni Minn Sirkus, útvarpsstöðvunum X-inu og FM 957, vikublaði og svo sjálfri sjónvarpsstöðinni. „Sérstakt fyrirtæki var stofnað innan fyrirtækisins. Nú er þessari frumkvöðlastarfsemi lokið og við ætlum að samþætta Sirkus-fjölskylduna öðrum útgáfurekstri okkar,“ útskýrir Ari. Hann segir engar breytingar verða á sjónvarpsdagskránni enn sem komið er. „Enda hefur stöðin verið í mikilli sókn að undanförnu,“ segir Ari.

Framkvæmdastjórinn upplýsir jafnframt að tveir aðrir starfsmenn fylgi Árna úr húsi en vildi ekki gefa upp hverjir það væru. Útilokaði jafnframt ekki að einhverjir tilflutningar á starfsfólki væru framundan.

Þegar hefur verið gengið frá ráðningu sérstaks dagskrárstjóra sem á að fylla skarð Árna og staðfestir Ari að því starfi muni Freyr Einarsson, fyrrverandi ritstjóri DV, gegna. Ekki náðist í Árna Þór í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - fgg



**ÁRNI ÞÓR** Er hættur sem sjónvarpsstjóri Sirkus eftir að hafa gegnt því starfi frá upphafi.

**FREYR EINARSSON** Hefur tekið við stöðu dagskrárstjóra hjá sjónvarpsstöðinni Sirkus.



**LÁRÉTT** **2** fangi **6** hljóta **8** forsögn **9** angan **11** í röð **12** espa **14** eftirsjá **16** tveir eins **17** borða **18** umhyggja **20** frá **21** vangi.

**LÓÐRÉTT** **1** um fram **3** klaki **4** úða **5** loka **7** ásækni **10** sigti **13** viður **15** heiti **16** höld **19** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** gísl, **6** fá, **8** spá, **9** ilm, **11** rs, **12** reita, **14** iðrun, **16** tt, **17** éta, **18** önn, **20** af, **21** kinn.

**LÓÐRÉTT:** **1** yfir, **3** ís, **4** sprauta, **5** lás, **7** áleitni, **10** mið, **13** tré, **15** nafn, **16** tök, **19** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 209 milljarðar króna.
2. Davíð Þór Jónsson.
3. Grétar Már Sigurðsson.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR: Í STUÐI Í STÚKUNNI

# Getum borið höfuðið hátt

„Það er svona alveg á mörkunum að ég sé búin að jafna mig,“ segir Valgerður Sverrisdóttir en hún var stödd á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær. Og lét lítið fyrir sér fara. Enginn Dani hafði gefið sig á tal við hana, öfugt við þær móttökur sem hún fékk áður en haldið var til Hamborgar. „Þá var ég spurð hvort kampavínið væri ekki öruggleaga með í för,“ segir Valgerður.

Utanríkisráðherrann sást í sjónvarpinu á þriðjudagskvöldinu styðja íslenska landsliðið gegn því danska í spennuþrungnum leik þar sem gamla herraþjóðin hafði sigur á síðustu sekúndu framlengingar. Valgerður lifði sig inn í leikinn og rétt áður en hann hófst smeygði hún sér í landsliðsbúninginn. „Þetta var eiginlega ógleymanlegt kvöld,“ heldur Valgerður áfram og viðurkennir að henni hafi hlaupið kapp í kinn þegar spennan varð hvað mest. „Ég verð mjög spennt við svona aðstæður enda eru allir stjórnmálamenn keppnisfólk að eðlisfari,“ segir Valgerður, sem fór ásamt dóttur sinni, Lilju Sólveigu.

„Auðvitað er ég svekkt og niðurlút en mér er efst í huga þessi góði árangur sem landsliðið hefur náð,“ segir Valgerður. „Í svona keppni ræður heppni miklu og við vorum ekki nema hársbreidd frá því að hafa sigur,“ segir Valgerður. Utanríkisráðherrann fékk tækifæri til að hitta landsliðsmennina eftir leik og varð vitni að þeim miklu vonbrigðum sem ríkti inni í búningsklefanum. „Það tók mig sárt að sjá hversu leiðir þeir voru. En það er engin ástæða til þess. Þeir hafa staðið sig eins og hetjur og eftir þeim hefur verið tekið á erlendri grund. Það vita allir hversu fámenn þjóð við erum en samt erum við að vinna stórþjóðirnar,“ segir Valgerður.



**DYGGUR STUÐNINGSMAÐUR** Valgerður ásamt dóttir sinni Lilju Sólveigu og menntamálaráðherranum Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.



**EINS OG SPRUNGIN BLAÐRA** Geir Magnússon viðurkennir að vonbrigðin hafi verið mikil í leikslok.

Geir Magnússon lýsti þessum magnaða leik í beinni útsendingu Ríkissjónvarpsins. „Ég er búinn að jafna mig að mestu leyti,“ segir Geir. „Ég var eiginlega eins og sprungin blaðra þegar leiknum var lokið,“ bætir hann við en í lok leiksins mátti heyra að hann tók tapið mjög nærri sér. „Ég var farinn að gera mér vonir um að þetta félli okkar megin og þetta munaði ekki nema nokkrum sentimetrum,“ bætir hann við. Íþróttafréttamaðurinn fékk síðan það erfiða hlutskipti að taka viðtöl við leikmenn eftir leikinn. „Og það er sennilega það erfiðasta sem ég hef gert í langan tíma,“ útskýrir hann. Geir hefur fylgt liðinu í gegnum súrt og sætt í Þýskalandi og viðurkennir að honum líði stundum eins og hluta af hópnum. „Annars reyni ég alltaf að halda ákveðinni fjarlægð og virða þeirra frítíma.“ - fgg



**ALLT KLÁRT** Valgerður smeygði sér í búning landsliðsins rétt fyrir leik og studdi liðið með ráðum og dáðum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýtt eintak tímaritsins Ísafoldar er að streyma úr prentsmiðju og í búðir. Ritstjórinn **Jón Trausti Reynisson** brá sér til Beaumont-borgar í Suðaustur-Texas og tók sjokkerandi viðtal við **Aron Pálma Ágústsson** en Fréttablaðið hefur einmitt verið að greina frá aðstæðum hans og því að hann sé á heimleið og muni hefja nám í Háskólanum. Í viðtalinu greinir Aron frá harðræði sem hann bjó við í Gidding-unglingafangelsinu, þar sem nauðganir á unglingspiltum voru daglegt brauð. Sjálfum var Aroni nauðgað af kvenkynsverði sem var fimmtug og fjögurra barna móðir. Aron var 14 ára þegar vörðurinn lét til skarar skríða og stóð ofbeldi konunnar yfir í fimm ár.



Forseti Hróksins, **Hrafn Jökulsson**, fer nú um sem hákarl í bloggtjörninni, geysist upp lista Moggabloggara og er sem stendur í þriðja sæti á lista yfir þá vinsælustu. Enda kann hann öðrum mönnum betur að lesa í hin pólitísku spil sem fyrrverandi ritstjóri Alþýðublaðsins. Í nýlegri færslu um flokkakerfið segir hann allt eins og var fyrir tíu árum. Alþýðubandalagið hefur endurfæðst í VG, Alþýðuflokkurinn í Framtíðarlandi **Jóns Baldvins Hannibalssonar** og **Ómars Ragnarssonar** og Kvennalistinn í Samfylkingunni.



**María Björk Sverrisdóttir** er þessa dagana stödd í London þar sem hún vinnur að útgáfu fyrstu plötu skjólstæðings síns, **Jóhönnu Guðrúnar Jónsdóttur**, á erlendri grundu. Unnið hefur verið að því að koma Jóhönnu Guðrúnu, sem er 16 ára, á framfæri ytra um nokkurra ára skeið. Fyrir nokkrum árum gerði hún samning við Sony í Bandaríkjunum og nú virðist styttast í að plata komi út. -jbg/hdm



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðavogi 44, s. 588 8686.
Opið alla laugardaga 11-14
SÚR HVALUR - SÚRT RENGI
HARÐFISKUR



# Dóttir Geirs Haarde í framboð

Helga Lára Haarde skipar 4. sæti á framboðslista Vöku til Háskólafundar, og fetar þannig í pólitísk fótspor foreldra sinna, því hún er dóttir Geirs H. Haarde og Ingu Jónu Þórðardóttur, fyrrverandi borgarfulltrúa. „Það má kannski segja það,“ segir Helga Lára og hlær við, en hún er ekki alls ósvipuð föður sínum forsætisráðherranum.

Helga Lára er ritari Vöku og hefur setið í stjórn félagsins í tæpt ár. Kosningabaráttan á hug hennar allan þessa dagana, enda aðeins vika í kjördag. „Síðast vantaði bara fjögur atkvæði upp á að Vaka næði hreinum meirihluta. Það vantar bara herslumuninn,“ segir Helga Lára. Hún segist ekki hafa verið virk í stjórnmálum fyrir utan starf sitt með Vöku, hvort sem um er að ræða stúdentapólitík eða annan vettvang. „Þetta er nú ekki mikil pólitík, heldur hagsmunabarátta fyrir stúdenta,“ segir Helga Lára, sem þykir starfið afar skemmtilegt. „Þetta er virkilega gaman og af mörgu að taka í háskólanum,“ segir hún.

Hvort hún mun blanda sér í stjórnmál á öðrum vettvangi eftir skólann segir Helga Lára enn óljóst. „Það er aldrei að vita. Núna er ég að sinna hagsmunabaráttu stúdenta í háskólanum og þá er ég bara í því. Ég veit svo ekkert hvað tekur við, en það er ekki á prjónunum eins og er,“ sagði hún. - sun



**HELGA LÁRA HAARDE** Dóttir forsætisráðherra er á kafi í stúdentapólitíkinni við Háskóla Íslands og ber hagsmuni stúdenta fyrir brjósti.




## 70 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

Í ár fagnar Icelandair 70 ára afmæli félagsins.
Af því tilefni bjóðum við sérstakt afmælistilboð til London og Kaupmannahafnar. Ekki missa af þessu tækifæri!

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

'07 | 70ÁR Á FLUGI

Vildarpunktar
VISA
MasterCard Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

* Innifalið: flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald.
** Innifalið: flug. Sérstaklega verður að greiða flugvallarskatta og eldsneytisgjald, 9.790 kr. til London og 8.130 kr. til Kaupmannahafnar.
Sölutímabil: 1. til og með 7. febrúar. Ferðatímabil: 1. febrúar til og með 25. mars (síðasta heimkoma). Takmarkað sætaframboð.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**

DR. GUNNA

## *Stríðið okkar*

Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson gerðu okkur að þátttakendum að innrásinni í Írak. Það ömurlega rugl hófst 20. mars 2003. Nokkrum vikum síðar kaus þjóðin Davíð og Halldór yfir sig aftur í þakklætisskyni. Enda leit stríðið efnilega út á þessum upphafsvikum. Ég man ekki betur en mannvinurinn hann Bush hafi staðið sigrihrósandi á einhverri freygátu umkringdur dátum með stóran borða fyrir aftan sig sem á stóð: „Verkefnið leyst“.

**DAVÍÐ** var líka brattur í október 2004 og sagði í stefnuræðu sinni: Þannig er að af 800 byggðarlögum í Írak er friður í 795 byggðarlögum. Það er mikill óróleiki í 4–5 byggðarlögum. Sú er breytingin sem hefur orðið frá því sem áður var að óttanum hefur verið bægt burtu úr þessum 795 byggðarlögum.

**EINS** og við munum var Davíð alltaf með grín.

**TUTTUGU** og sjö mánuðum síðar hjakkast stríðið áfram þótt Saddam sé dauður og flestir vondu karlarnir í spilastokknum. Hjakk er kannski ekki rétta orðið því hersetan og geðveikin verður ógeðslegri með hverri vikunni. Það er hætt að þykja fréttnæmt þótt einhverjir 50 séu sprengdir á dag, og af þeim svona og svona mörg börn. Það þarf helst að sprengja fleiri en 300 til að það fái þokkalegt pláss í fréttatímunum. Og þær fréttir eru jafn hversdagslegar og veðurfréttirnar.

**ÉG** get ekki annað séð en að þetta sé miklu ógeðslegra stríð en Víetnamstríðið. Við höfum séð í ófáum Víetnam-myndum hvaða áhrif það hafði, bæði á heimamenn og ameríska hermenn sem sneru heim bæklaðir á sál og líkama. Því verða væntanlegar Íraksmyndir án efa miklu dramatískari og ofbeldisfyllri og fá ófá Óskarsverðlaun á komandi árum.

**ÞRÁTT** fyrir verðlaunaleikara og bestu hugsanlegu kvikmyndatækni mun engin þessara kvikmynda í alvöru geta lýst þeim þjáningum sem má sjá í andlitum fólks á fréttaljósmyndum. Myndir af venjulegu fólki, sem vildi helst ekki þurfa að hafa áhyggjur af öðru en næstu mánaðamótum, sitjandi í blóðpolli með sundurtætta ástvini í fanginu, barnaskóli í rúst fyrir aftan og kolsvartur reykur á himninum.

**TIL** hamingju Ísland að vera þátttakandi í þessu. Hvað sem hver segir þá erum við enn stuðningsmenn hörmungana. Hvernig væri nú að losna út úr þessu ógeði? Hætta að vera músin sem læðist? Þoturnar eru hvort eð er farnar.





